



8

Umhverfisstefna fyrir íslenskan landbúnað er í móttun



16

Íslenskir fiskimenn í norska fiskveiðistjórnunarkerfinu



24-25

Rekurglæsihótel ásamt stórfjölskyldunni á uppeldisslóðum Ara fróða

Bændablaðið

4. tölublað 2020 • Fimmtudagur 20. febrúar • Blað nr. 557 • 26. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Íslenska kokkalandslíðið í 3. sæti á Ólympíuleikunum og með gullverðlaun í tveimur flokkum

Mynd / Kokkalandslíðið – Snorri Victor Gylfason

Íslenska kokkalandslíðið gerði góða ferð til Stuttgart á Ólympíuleikana í matreiðslu með íslenskt hráefni og náði að vinna gull í tveimur flokkum og þriðja sæti í heildarstigagjöf á leikunum. – Sjá nánar á blaðsíðu 2.

Landssambandi kúabænda torvelað að fylgjast með innflutningi á hráu kjöti sem heimilaður var um áramót: Tollgæslustjóri hafnar beiðni um aðgang að upplýsingum um innflutning á ófrosnu kjöti

– Eftirlit sagt fara hægt af stað hjá MAST en leitað verði eftir upplýsingum hjá tollinum

Landssamband kúabænda (LK) hefur verið að reyna að fylgjast með breytingum á innflutningi vegna afnáms frystiskýldu á kjötafurðir samkvæmt lögum sem tóku gildi núna um áramótin. Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hefur þessum hagsmunaaðila reynt ókleift að fá upplýsingar hjá eftirlitsaðilum auk þess sem embætti Tollstjóra neitar að veita slíkar upplýsingar.

Samkvæmt gögnum sem Bændablaðið hefur undir höndum virðist ómögulegt að fá þessar upplýsingar sem næst rauntíma frá opinberum aðilum og virðist opinbert eftirlit með þessum innflutningi algjörlega háð upplýsingagjöf innflytjenda sjálfra. Er hagsmunaaðilum einungis boðið upp á samantekt innflutningstalna frá Hagstofu Íslands, sem verða orðnar nærri tveggja mánaða gamlar þegar þær birtast.

Umdeildur innflutningur

Forsaga málsins er að gerðar voru breytingar á lögum þar sem fallist er á að farið verði að regluverki Evrópusambandsins varðandi viðskipti m.a. með hráa kjötvörur og egg á milli aðildarlandanna. Þar með var afnumin sú vörn gegn

innflutningi sjúkdóma sem talin var felast í frystiskýldu á kjöti. Vísindamenn vörðu við þessum gjörningi og í könnunum kom í ljós að meirihluti Íslendinga var þeim sammála.

Í frétt í Bændablaðinu þann 9. janúar sl. kom fram að Matvælastofnun er ekki lengur með innflutningseftirlit á vörum eins og kjöti og eggjum þar sem þessar vörur eru nú í frjálsu flæði ef þær koma frá EES-löndum. Þar segir einnig að samkvæmt reglum um innflutning á fersku kjöti bera innflytjendur því sjálfir ábyrgð á að reglum um salmonellu og kampýlobakter sé fullnægt með vottun um að svo sé. Vottanirnar eru svo á ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila erlendis.

Eftirlit sagt fara hægt af stað

Höskuldur Sæmundsson, starfsmaður LK, hefur sent margítrekaðar fyrirspurnir til stofnana ríkisins sem fara eiga með þetta mál. Hagstofa Íslands birtir ekki tölur um innflutt matvæli í janúar fyrr en um mánaðamótin febrúar/mars. Matvælastofnun (MAST) svaraði því til að stofnunin muni í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fylgjast með markaðssetningu

á kjöti og vera með sérstakt verkefni fyrstu mánuði ársins við skalaskoðun og sýnatökur. Í svari MAST til fulltrúa LK segir m.a.:

„Þetta virðist hins vegar hafa farið hægt af stað. Eftirlitið mun fylgjast með hjá dreifingaraðilum og einnig verður leitað upplýsinga hjá tolli. Þeir sem hyggjast flytja kjöt til landsins hafa einnig verið duglegir við að afla upplýsinga um kröfur og þá hafa verið haldnir kynningarfundir fyrir hagsmunaaðila. Það er lítið meira að segja á þessu stigi málsins.“

Í frétt Morgunblaðsins 17. febrúar kemur fram að Ekran hafi flutt inn 600 kg af nautakjöti frá Danmörku sem sett hafi verið í sölu í verslunum Nettó. Bæði MAST og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi tekið sýni af þeirri vöru.

Tollgæslustjóri efast um rétt LK

Höskuldur leitaði til embættis Tollstjóra og óskaði vikulegs aðgengis, eða sem næst rauntíma, að upplýsingum um innflutning á nautakjöti er varðaði 28 tiltekna tollflokka.

Tollgæslustjóri svaraði fyrirspurninni 17. febrúar síðastliðinn. Þar er dreginn í efa réttur fyrirspyrjanda til að fá umbeðin gögn

og þar er það ekki talin skylda stjórnvalda að veita almenningsaðgang að þeim gögnum. Þar segir m.a.:

„Stjórnvöldum er hins vegar hvorki skylt að útbúa ný skjöl né taka saman tölulegar upplýsingar úr skjölum sínum á grundvelli ákvæðisins, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til upplýsingalaga er tekið fram að með orðalaginu „fyrirliggjandi gögn“ beri m.a. að skilja sem svo að réttur til aðgangs að gögnum nái aðeins til þeirra gagna sem til eru og fyrir liggja hjá stjórnvöldum á þeim tímum þegar beiðni um aðgang er sett fram og í þeirri mynd sem þau eru á þeim tíma.“

Umbeðin gögn ekki sögð fyrirliggjandi hjá embættinu

„Embættið hefur yfirfarið ofangreinda beiðni og leiddi skoðun í ljós að umbeðin gögn eru ekki fyrirliggjandi hjá embættinu. Um er að ræða gögn sem óskað er eftir að veitt yrðu vikulega, sem næst rauntíma innflutnings á tilgreindum vörum. Með vísan til áðurgreinds ákvæðis upplýsingalaga, þá leggja lögin ekki þá skyldu á stjórnvald að útbúa ný gögn, en ljóst er að

embættið þyrfti að gera það ef veita ætti aðgang að umbeðnum upplýsingum.“

Tollgæslustjóri hafnar beiðni LK um aðgang að upplýsingum

Embætti Tollstjóra tekur síðan af öll tvímæli og neitar fulltrúa Landssambands kúabænda um að fá upplýsingar um innflutning á ófrosnu kjöti. Þar segir:

„Með vísan til þessa þá hafnar Tollgæslustjóri beiðni um aðgang að upplýsingum um innflutning á ófrosnu kjöti. Þá skal geta þess að Hagstofa hefur að geyma allar tölfræðilegar upplýsingar um innflutning og hefur það hlutverk að miðla tölfræðilegum upplýsingum til almennings, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera skýrslugerð.“

Athyglisvert er að daginn eftir neitun tollstjóraembættisins, barst LK svar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Þar er vísað í sömu tölur frá tollinum og LK hafði óskað eftir og tollurinn sagðist ekki hafa undir höndum. Þar kemur fram að flutt hafi verið inn 680 kg af ófrostum hrygg-sneiðum, nautalundum og nautahryggvöðum. /HK/

FRÉTTIR

Ólympíuleikarnir í matreiðslu:

Íslenska kokkalandslíðið komst á verðlaunapall í Stuttgart

Íslenska kokkalandslíðið komst á verðlaunapall á Ólympíuleikum landsliða í matreiðslu. Var tilkynnt um úrslitin á viðburði á lokadegi mótsins í gær, sem haldið var í Stuttgart í Þýskalandi.

Liðið fékk bronsverðlaun í heildarstigakeppninni. Norðmenn eru Ólympíumeistarar og Svíar fengu silfur.

Keppnisdagarnir voru tveir hjá íslenska liðinu og fékk það gullverðlaun út úr þeim báðum.

Gullverðlaun geta fleiri en eitt lið fengið út úr hvorri keppnisgrein og eru til marks um að tiltekinn stigafjöldi hafi náðst.

Einungis landslið Svía og Norðmanna fengu einnig gullverðlaun út úr báðum keppnum. Einnig eru veitt silfur- og bronsverðlaun í næstu gæðaflokkum þar fyrir neðan. Heildarstigafjöldinn segir síðan til um endanlega röð liðanna.

Frábær leiðsögn Sigurjóns þjálfara

Fanney Dóra Sigurjónsdóttir er landsliðskona og varaforseti Klúbbs matreiðslumeistara, sem heldur utan um rekstur og starfsemi kokkalandslíðsins. Hún segir að í fyrsta skipti hafi verið keppt í keppnisgreininni Chefs table, svo það var ekki alveg á tæru við hverju ætti að búast.

„En liðið hefur verið mjög duglegt að æfa undir frábærri leiðsögn þjálfarans Sigurjóns [sem er Kokkur ársins 2019]. Þetta er ungt lið og mjög metnaðarfullt svo ég held að við getum verið einstaklega stolt af þeim.

Liðsheildin, samvinnan og gleðin í hópnum hefur vakið eftirtekt margra hérna á Ólympíuleikumunum. Það verður alveg svakalega spennandi að fylgjast með þeim áfram.

Við viljum líka koma kær þakklæti á framfæri til þeirra sem hafa staðið þétt við bakið á okkur, eins og Íslandsstofu og Ísey Skyr, en við notuðum skýrið í báðum keppnisgreinum hérna úti,“ segir Fanney Dóra.



Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, landsliðskona og varaforseti Klúbbs matreiðslumeistara.



Sindri Guðbrandur Sigurðsson og Ísak Aron Jóhannsson einbeittir í undirbúningi fyrir heita matinn.

Farsælt lið á undanförunum árum

Liðið hefur á síðustu árum verið farsælt og unnið til gullverðlauna í ýmsum keppnum, sem hefur komið því í stöðu eins fremsta kokkalandslíðs í heimi. Besti árangur landsliðsins fyrir Ólympíuleikana nú var fimmta sætið á heimsmeistaramótinu árið 2014 í Lúxemborg, en besti árangur á Ólympíuleikum var níunda sætið árið 2016 í Erfurt, Þýskalandi.

Á laugardaginn var fyrri keppnisdagurinn og þá var framreiddur sjö rétta hátíðarkvöldverður (Chef's table fyrir tíu manna borð – og tvo dómara að auki. Í reglum var gert ráð fyrir



Íslenska kokkalandslíðið náði frábærum árangri.

Myndir / Kokkalandslíðið – Snorri Victor Gylfason



Bleikjan sem var í forrétt í heita matnum, með svartrot, gúrkubolla, bleikjusalati, bleikjuhrognum og kremaðri fiskisósu.



Heiti maturinn. Lambahryggvöðvi, með gljæðri gulróti, grænerturagú, kartöflu- og brioche-pressu og lambasósu.



Eftirrétturinn. Kirsuberjafyllt súkkulaðimús með Ísey skyr ganache, hvítri súkkulaðiköku og saltri karamellusósu.

að kvöldverðurinn stæði saman af fiskréttafati, pinnamat, vegan-rétti, lambakjöti og desert. Á hræfnislista íslenska liðsins var talsvert af íslensku hráefni; meðal annars hörpuskel, gæs, reykt ýsa, bleikja, wasabi, lamb og skyr.

Á mánudaginn vann liðið svo aftur til gullverðlauna fyrir heita matinn (hot kitchen). Þá var eldað frá grunni á keppnisstað, samkvæmt þriggja rétta matseðli fyrir 110 manns. Íslenskt hráefni var þar í aðalhlutverki; meðal annars íslensk bleikja, íslenskt lamb og skyr.

Eftirtaldir matreiðslumeistarar skipa íslenska kokkalandslíðið:

Sigurjón Bragi Geirsson, þjálfari íslenska kokkalandslíðsins, Björn Bragi Bragason, forseti Klúbbs matreiðslumeistara, Fanney Dóra Sigurjónsdóttir, varaforseti Klúbbs matreiðslumeistara, Kristinn Gísli Jónsson, Snorri Victor Gylfason, Sindri Guðbrandur Sigurðsson, Snædís Xyza Mae Jónsdóttir, Ísak Aron Þorsteinsson, Jakob Zariöh Sifjarnson Baldvinsson, Ísak Aron Ernuson og Chidapha Kruasaeng.

Áhersla á íslenskt hráefni til matargerðarinnar

Kokkalandslíðið æfði stíft síðustu

mánuði fyrir keppnina. Hátt í fjögur tonn af búnaði var sendur til Þýskalands en liðið þurfti að setja upp fullbúið eldhús á keppnisstaðnum. Auk þess var talsverður hluti hráefnisins fluttur út til Þýskalands, en Kokkalandslíðið leggur áherslu á að nota sem mest af hágæða íslensku hráefni í matargerðina.

Ólympíuleikarnir í matreiðslu, IKA Culinary Olympics, eru haldnir á fjögurra ára fresti í Þýskalandi og í ár eru 25 ár frá því þeir voru fyrst haldnir.

Um 2.000 af færustu matreiðslumeisturum heims keppa þar í nokkrum keppnisgreinum matreiðslu. /smh

Búnaðarþing 2020:

Félagsmál landbúnaðarins í brennidepli

Búnaðarþing 2020 verður haldið í Bændahöllinni 2. og 3. mars næstkomandi. Meðal mála á dagskrá eru endurskoðun félagskerfis landbúnaðarins, jafnréttismál, umhverfismál og málefni Velferðarsjóðs BÍ.

Á þinginu verður lagt til að mótað verði nýtt skipulag á félagskerfi landbúnaðarins til að auka skilvirkni og bæta nýtingu fjármuna. Markmiðið er einnig að ná fram sem breiðastri samstöðu meðal bænda um félagskerfið og auka þannig slagkraft hagsmunagæslunnar. Jafnframt að finna leiðir til að fjármagna rannsóknir til að stuðla að framþróun og fagmennsku í landbúnaði.

Drög að jafnréttisstefnu

Með jafnréttisáætlun vilja Bændasamtök Íslands stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla í félagskerfi sínu, með því að ryðja úr vegi hindrunum sem geta verið á vegi kvenna

og karla. Áætluninni er ætlað það hlutverk að skoða og endurmeta aðstæður á hverjum vinnustað og tryggja sambærilega möguleika fyrir alla starfsmenn. Auknu jafnrétti fylgja ný verkefni, meiri stöðugleiki og aðdráttarafli fyrir nýtt starfsfólk. Stjórnendur og starfsfólk taka höndum saman og vinna markvisst að jafnrétti með hagsmuni allra í huga.

Lífætt landbúnaður

Lögð verður fram tillaga um drög að opinberri stefnumótun fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi, þar sem markmiðið er að leggja grunn að stefnu fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi. Að leggja mat á möguleika lífræns landbúnaðar til útbreiðslu hér á landi og skilgreina markmið þar um.

Í greinargerð með tillögunni segir að staðan í loftslagsmálum knýi á um breytingar í landbúnaði en hér á landi vegur hvað þýngst nauðsyn þess að dregið verði úr

notkun á tilbúnum áburði sem allur er innfluttur. Jafnframt verði að bæta nýtingu búfjáraburðar og auka notkun annarra lífræna áburðargjafa af ýmsu tagi.

Velferðarsjóður BÍ

Í tillögu um Velferðarsjóð BÍ er farið fram á að reglum sjóðsins verði breytt þannig að einstök búgreinafélög geti sótt um styrki til að fara í fyrirbyggjandi verkefni sem miða að því að koma í veg fyrir tjón á afurðum og búfé.

Styrkir til einstakra búgreinafélaga geti aldrei orðið hærri en sem nemur þeirri fjárhæð sem viðkomandi búgrein átti inni í B-deildinni þegar sjóðurinn var stofnaður.

Þingið hefst klukkan 10.30 með skýrslu formanns og framkvæmdastjóra BÍ og umræðum um fjármál en formleg setningarathöfn verður í Súlnasal Hótel Sögu klukkan 12.00, mánudaginn 2. mars. /VH

Átt þú rétt á slysabótum? Við hjálpum þér

HAFÐU SAMBAND 511 5008

TORT
INNHEIMTA SLYSABÓTA

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



YAMAHA



ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI

TRAUSTIR VINNUPJARKAR OG LEIKFÉLAGAR

ÖLL HJÓLIN KOMA Á HVÍTUM NÚMERUM
MEÐ T3B GÖTUSKRÁNINGU

ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á ALLRA FÆRI



» **GRIZZLY 700 EPS SE**
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 2.070.000 kr.

31.900 kr.*

afborgun á mánuði **



» **GRIZZLY 700 EPS**
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 1.990.000 kr.

30.700 kr.*

afborgun á mánuði ***



» **KODIAK 700 EPS**
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-306kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
Verð: 1.790.000 kr.

27.400 kr.*

afborgun á mánuði ****



» **KODIAK 450 IRS**
421cc-fjörgengis-4WD
H/L drif-spil-289kg
Verð: 1.590.000 kr.

24.600 kr.*

afborgun á mánuði *****

*Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 6,7% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils www.lykill.is. Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 8,82% - *** 8,84% - **** 8,25 - *****8,99% - Öll verð innifela virðisaukaskatt.

Lykill
fjármögnun

YAMAHA Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

FRÉTTIR

Gróðrarstöðin Reykás:

Allt brotið og bramlað eftir óveðrið og tjónið hátt í 100 milljónir króna

Óveðrið sem gekk yfir landið í síðustu viku olli víða tjóni og ekki síst á gróðrarstöðinni Reykási á Flúðum. Hátt í 2.500 fermetrar af gleri brotnuðu og farga þurfti öllum gróðri sem var í fullri framleiðslu. Tjónið er áætlað milli 80 og 100 milljónir.

Reynir Jónsson, eigandi Reykáss, var í viðbyggðu stálgrindarhúsi þegar óveðrið gekk yfir og segir að það hafi verið sárt að heyrja glerið í húsinu splundrað og að hann hafi verið dauðhræddur í stærstu hviðunum um að stálgrindarhúsið færi líka. „Vindurinn í þessari átt getur verið mikill og að þessu sinni náði hann mikilli hæð og ef það brotnar ein rúða verða dómínóáhrif. Hún tekur nokkrar með sér og svo koll af kolli og eftir að húsin hafa opnast á annað borð er lítið sem heldur.“

Glerið splundraðist í hvellum

„Ég er ekki frá því að skemmdirnar á gróðurhúsinu séu hátt í að vera Íslandsmet. Húsin eru 5.500 fermetrar að stærð og standa ofan í eins konar námu sem var búin til og hugsuð til að veita skjól. Við framleiðum milli 250 og 300 tonn af agúrkum, tómötum og salati á ári og framleiðslan var í fullum gangi þegar óveðrið gekk yfir.“

Reynir segir að vindur í hviðum hafi náð 50 til 60 metrum á sekúndu og að glerið í gróðurhúsinu hafi splundrað í hvellum. „Veðrið var hreinlega kolvitlaust og við erum að finna alls kyns hluti, glerbrot og fleira í mörg hundruð metra fjarlægð frá húsunum og við erum búnir að hreinsa í hrúgu upp hátt í fjögur tonn af gleri í húsinu.“

Byrjaður að glerja

Þegar Bændablaðið talaði við Reyni á þriðjudag var kominn til hans flokkur sem ætlaði að hefjast handa við að glerja húsin. „Fljótt á lituð sýnist mér að það þurfi að glerja um 2.500 fermetra en það kemur betur í ljós hvort skemmdir séu meiri þegar við hefjumst handa. Mestar eru skemmdirnar á þakinu og svo eru um hundrað fermetrar af veggjum brotnir.“


Ræktunin í húsinu eyðilagðist öll og ég er búin að moka öllu út. Megnið voru nýjar plöntur í fullum vexti og stöðin í fullum rekstri.“



Brotið gler úti um um allt. Mynd / BAA



Gróðurhúsin að Reykási meðan allt lék í lyndi í haust.



Glerið í þakinu á gróðurhúsunum splundraðist í óveðrinu.

Mynd / Björn Ásgeir Ásgeirsson



Reynir Jónsson í gróðurhúsinu í nóvember.

Mynd / HKR



Moka þurfti allri ræktuninni. Mynd BAA

Minni skemmdir í nágrenninu

„Auk þess sem gróðurhúsin skemmdust í óveðrinu fauk allt sem fokið gat og dráttarvél skemmdist illa. Hlaðið er allt meira og minna þakið í gleri sem á eftir að hreinsa upp.“

Reynir segir að auk skemmda hjá sér hafi orðið smærri skemmdir á gróðurhúsum í kringum hann. „Sem betur fer voru þær ekki miklar.“ /VH

Aðspurður segist Reynir telja að hann sé tryggður fyrir skemmdunum og hann skýtur á að tjónið sé á bilinu 80 og 100 milljónir en hann segist vonast til að geta sáð í lok vikunnar.

Mynd / Hörður Kristjánsson

TRYGG
Nosted Kjetting as

Vertu viðbúinn vetrinum
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR
SNJÓKEÐJUR

Ný hönnun

Hafðu samband og kynntu þér vöruvalið og þjónustuna

ÍSFELL
Ísfall ehf., Ösvegarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfelli@isfell.is

Kaupfélag Skagfirðinga:

Greiða 6% uppbót á dilkakjötsinnlegg

Kjötafurðastöð KS og Sláturhús KVH hafa gefið út tilkynningu um að greitt verði 6% uppbót á allt innlagt dilkakjöt síðastliðið haust og verður það reiknisfært 28. febrúar.

Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjöts, afurðastöðvar KS, segir að rekstur afurðastöðvanna hafi gengið nokkuð vel á síðasta ári og því tilefni til þess að greiða uppbót á það verð sem áður hafði verið gefið út.

„Ýmislegt jákvætt kemur til og þá helst að sláturtíðin gekk vel og einnig sala á afurðum bæði á erlendum og innlendum markaði. Minni framleiðsla á landsvísu hefur leitt til þess að birgðir eru í jafnvægi við eftirspurn og því dregst



Minni framleiðsla á landsvísu hefur leitt til þess að byrgðir eru í jafnvægi við eftirspurn og því dregst útflutningur saman á meðan innanlandssala heldur sínu.

Mynd / HKR

útflutningur saman á meðan innanlandssala heldur sínu. Fréttabréf afurðastöðvanna

kemur út á næstu dögum þar sem farið er ítarlega yfir stöðuna í greininni. /VH



Úrval af vinnufatnaði fyrir bústörfin

Vandaður fatnaður sem klæðir þig vel

Hlý fót, vatnsheld, vattfóðruð, lípur, þægileg, í hentugum litum og mörgum stærðum. Með hettu, hliðarvösum, rassvösum, stroffi – eða án. Þitt er valið. Við bjóðum vinnufatnað sem hentar til flestra starfa bæði úti og inni.

DIMEX
TOIMIVA TYÖVAATE
FRISTADS



Eldsneytis pantanir á tanka

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar samskiptaleiðir til að panta eldsneyti á tankinn. Veldu þá leið sem hentar þér best.

Tölvupóstur: n1@n1.is
Heimasíða: www.n1.is
Símanúmer: 440 1100
Netspjall: www.n1.is

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448 • Höfn s. 478 1940
Ísafjörður s. 456 3574 Klettagarðar s. 440 1330 • Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245
Reyðarfjörður s. 474 1293 • Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar



Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Af hverju?

Blekkingar, lygar og sú árátta að fara á snið við lög, reglur og niðurstöður dómstóla virðist vera orðin sérstök íþróttagrein í íslenskrí pólitík. Íþróttagrein sem allt venjulegt hugsandi fólk hefur megnustu óþétt á.

Er einhver von til þess að þeir sem fara með forræði við stjórn landsins hverju sinni, stjórn stofnana ríkisins og stjórn fyrirtækja í almannaeigu sem hafa orðið uppvís að því brjóta settar reglur, fari að haga sér af auðmýkt sem þjónar fólksins í stað þess að líta á fólk sem óvini?

Er einhver von til þess að þetta sama fólk hætti að fara á snið við lög sem það hefur jafnvel samið sjálf, reglur sem settar eru þegnum landsins til að fara eftir og niðurstöðu dómstóla í ágreiningsmálum?

Ef svarið er nei, þá hlýtur að vera kominn tími til að þjóðin íhugi það alvarlega að efna til allsherjar hreingeringar. Skella öllum skítugu tuskunum í þvottavélina ásamt sterkasta þvottaefni sem til er og setja á suðu.

Þessi ljóta árátta að ganga eins nærri þegnum og mögulegt er og reyna eins mikið á þórlif almennings og frekast er unnt, er með öllu óþolandi. Samt horfum við upp á þetta í hverju málinu á fætur öðru.

Hér er skriðið fyrir erlendu reglugerðarvaldi og innleiddar reglur eins og t.d. varðandi innflutning á hráu kjöti, en þegnum neitað um upplýsingar til að fylgjast með framkvæmdinni.

Hér eru innleiddar reglur sem hafa það í för með sér að opinber fyrirtæki geta selt syndaflausnir vegna hreinnar raforku úr landi til þess eins að græða á því að blekkja neytendur í erlendum ríkjum.

Hér fer sú stofnun sem á að tryggja eldri borgurum og öryrkjum lágmarks framfærslu á svig við lög og reglur. Stofnunin fær á sig dóm, en leyfir sér samt í skjóli stjórnvalda að halda áfram að brjóta á þessum verst settu skjólstaðingum íslenska velferðarkerfisins.

Hér horfa alþingismenn, margir hverjir, fram hjá því að Tryggingastofnun sé með regluverki gert að refsja öryrkjum og öldruðum árum saman fyrir það eitt að afla sér tekna eða eiga varasjóði sem það hefur sannarlega unnið sér inn.

Hér gerir kerfið grímulausa atlögu að lífeyrissjóðseignum óbreyttra borgara og hefur stundað þar skefjalausa eignaupptöku árum og áratugum saman í formi skerðinga á réttindum borgaranna.

Hér eru eldri borgarar neyddir til að fara í málsókn gegn ríkinu sem þeir hafa unnið fyrir alla sína ævi, í tilraun til að verja þann rétt sem þetta fólk hefur unnið sér inn af miklu harðfyllgi.

Hér voru lagðir á skattar í sérstökum skilgreindum tilgangi til innviðauppbýggingar sem ætlað er að verja mannlíf, en peningarnir notaðir í eitthvað allt annað.

Hér eru lagðir á skattar sem hafa haft þann tilgang að byggja upp samgöngukerfi landsmanna, en peningarnir að stórum hluta notaðir í allt annað árum og áratugum saman.

Hér var farið út í stórkostlegar skipulagsbreytingar á heilbrigðiskerfinu þrátt fyrir viðvaranir um að þær myndu leiða til fjársveltis í stórum hluta kerfisins. Svo horfa menn á óskapnaðinn brenna og skipa almenningi að henda endalaust meiri peningum á bálið.

Hér höfum við allt til að tryggja bestu lífsskjör í veröldinni en hömumst samt við (vonandi fyrir misskilning eða hugsunarleysi) að gera þeim sem minnst mega sín, eins erfitt fyrir í samskiptum við kerfið og hugsast getur. – Þarf þetta virkilega að vera svona? /HKr.

Grasrótarspjall í aðdraganda Búnaðarþings

Guðrún S. Tryggvadóttir

formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is



Þessa dagana stendur yfir grasrótarspjall Bændasamtakanna í samstarfi við búnaðarsambönd víðs vegar um landið. Að baki eru fundir á Vesturlandi, í Eyjafirði og í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem bændur hafa komið saman til skrafs og ráðagerða. Markmiðið er fyrst og fremst að setjast niður saman í litlum hópum og ræða hvað eina sem tengist landbúnaði og það sem brennur á fólk.

Þetta hafa verið vel sóttir viðburðir og góðar samræður sem hafa skapast. Það er afar ánægjulegt að fá tækifæri til að hitta bændur og ræða málin. Mig langar að nota tækifærið og þakka þeim sem hafa gefið sér tíma og um leið að hvetja þá sem hafa áhuga á að vera með svona grasrótarspjall að vera í sambandi við okkur hjá BÍ. Þegar blaðið kemur út er líklega búið að halda 10 spjallfundum í samstarfi við þrjú búnaðarsambönd og fleiri eru í farvatninu. Stefnt er að því að bjóða upp á fundi sem víðast um landið þótt það náist ekki allt fyrir Búnaðarþing sem verður sett 2. mars.

Félagskerfið er mönnum ofarlega í huga eins og gefur að skilja en tillaga um verulega breytingu á því liggur fyrir þinginu. Gera má ráð fyrir miklum umræðum um hvaða skref bændur vilji taka með það fyrir augum að efla hagsmunagæsluna. Umhverfismálin eru að sjálfsögðu rædd sem er eitt af stóru málunum og gríðarlega mikilvægt fyrir landbúnaðinn að taka metnaðarfullar ákvarðanir til framtíðar lítið. Landbúnaðarstefna er líka rædd en það eru flestir sammála um mikilvægi þess að fara í heildstæða stefnumótun greinarinnar.

Umhverfisstefna landbúnaðarins

Tillaga umhverfisnefndar um umhverfisstefnu landbúnaðarins liggur fyrir þinginu en hún er



hugsuð sem leiðarljós fyrir bændur, búgreinar og landbúnaðinn í heild í umhverfismálum. Þar setur landbúnaðurinn sér metnaðarfull markmið um sjálfbæra nýtingu lands og annarra auðlinda. En einnig að bændur verði leiðandi í umræðunni um umhverfismál og hvernig landbúnaðurinn geti tekist á við loftslagsvána á sínum vettvangi. Lengi hefur verið rætt um mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, bæta nýtingu og auka kolefnisbindingu. Búgreinar eru margar búnar að láta vinna skýrslur um stöðu greinarinnar og reiknivélar eru í mörgum tilfellum til. Nú erum við komin að þeim tímamótum að vilja og þurfa að láta verkin tala því það er ekki eftir neinu að bíða.

Stefnumótun er nauðsyn

Stefnumótun í landbúnaði er nauðsynleg til framtíðar lítið. Hana þarf að vinna í nánun samstarfi við stjórnvöld og með aðkomu hagaðila til að fá sem breiðasta sýn. Við þurfum líka að ná um hana sem mestri sátt. Endurskoðunarnefnd búvörusamninga fékk KPMG til að vinna sviðsmyndgreiningu í landbúnaði til að greina stöðu landbúnaðarins. Í framhaldi af þeirri vinnu lögðu þeir til aðgerðir í ljósi sviðsmynda en þar kemur skýrt fram mikilvægi þess að farið verði í stefnumörkunarvinnu. Það þarf að skilgreina

nánar hlutverk landbúnaðarins í þjóðfélaginu og jafnframt hvaða leiðir verði farnar til að sinna því hlutverki. Einnig er fjallað um mikilvægi menntunar fyrir bændur framtíðarinnar og að landbúnaðarnám verði eftt sem og nýsköpun og vörubrúun í takti við breytta tíma. Þessi vinna leggur góðan grunn að stefnumótuninni.

Einföldun félagskerfis bænda

Tillaga félagskerfisnefndar til Búnaðarþings leggur til miklar breytingar á félagskerfinu. Þar er félagskerfisuppbýgging Dana höfð til fyrirmyndar. Nefndin hefur kynnt hugmyndir sínar fyrir stjórnnum aðildarfélaga og félagsmönnum hjá þeim aðildarfélögum sem þess óskuðu. Þetta er skiljanlega talsvert að setja sig inn í og við viljum endilega hvetja þá sem vilja frekari upplýsingar að hafa samband við nefndina. Einnig er fjallað um málið í hlaðvarpi sem áhugamenn um landbúnað í Eyjafirði halda úti en þar fer Baldur Helgi Benjamínsson yfir tillögu nefndarinnar. Við stöndum á tímamótum þar sem við þurfum að taka ákvarðanir um hvernig við ætlum að byggja samtök bænda upp til frambúðar. Ekki að það verði ákveðið í eitt skipti fyrir öll heldur tekin skref. Það er síðan eðlilegt að við vegum og metum hvernig til hefur tekist og breytum svo því sem betur má fara.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Njarðvíkurskriður er sæbrött fjallshlið milli Borgarfjarðar eystra og Njarðvíkur. Þar var löngum hættuleg leið, meðal annars vegna grjóthruns, en þó fjölfarin. Bílvegur var fyrst ruddur um Njarðvíkurskriður árið 1950. Það orð hefur löngum legið á Njarðvíkurskriðum að þar hafi fyrr á tíð orðið fjölmörg alvarleg slys, en ekki eru þó til margar staðfestar frásagnir um slys þar. Sagt var að óvættur sem Naddi hét byggði í skriðunum og sæti þar um ferðamenn og gerði þeim mein. Naddi var sagður halda sig í Naddaglli, djúpu gili fast norðan við skriðurnar. Atti hann einkum að vera skeinhættur þegar farið var um skriðurnar eftir að dimma tók.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Miklar veðurskemmdir á Suðurlandi í veðurofsanum 14. febrúar

Töluverðar skemmdir urðu í ofsaveðrinu á Suðurlandi sem gekk yfir landið 14. febrúar. Einhverjir hefðu þó getað búist við meira tjóni miðað við hvað spáin var slæm og víða rauðar viðvaranir. Rafmagnsleysi kom sér víða illa í sveitum og þá var mikið um að tré brotnuðu og rúður í gróðurhúsum.

Ríkislögreglustjóri hafði lýst yfir óvissu-stigi almannaþarna fyrir allt landið vegna aftakaveðurs föstudaginn 14. febrúar. Rauð veðurviðvörðun var gefin út fyrir stóran hluta Vesturlands, höfuðborgarsvæðið og austur með suðurströnd landsins. Óveðrið hafði víðtæk áhrif á landinu þar sem samgöngur og almennur rekstur fór úr skorðum.

Viðvaranir Veðurstofu Íslands og Almannaþarna gerðu það að verkum að fólk var viðbúið. Án efa hefur það komið í veg fyrir enn meira tjón en þó varð og hugsanleg slys á fólki.

/HKr./MHH



Stór og gömul tré rifnuðu upp með rótum í Laugarási í Bláskógabyggð í veðurhamnum, sem lýsir best hvað veðrið var rosalega vont.

Mynd / Páll Skúlason.



Súrheysturninn á bænum Skiðbakka II í Austur-Landeyjum beygladist saman í rokinu og var í kjölfarið togaður niður. Turninn, sem var 21 metri á hæð og 18 tonn að þyngd, hefur verið á Skiðbakka í rúmlega 30 ár. Hann var notaður undir korn og sem fjarskiptamastur hin síðari ár.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson





Hlaða á bænum Minna-Hofi á Rangárvöllum splundraðist í veðrinu og gafinn úr fjárhúsinu fauk úr. Engin kind slasaðist eða meiddist í hamanginum.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Tugir rafmagnsstaura brotnuðu og ollu rafmagnsleysi, m.a. í Landeyjunum, undir Eyjafjöllum, í Mýrdalshreppi og í Skaftárhreppi. Margir staurar brotnuðu austan við Hvolsvöll þar sem þessi mynd var tekin.

Mynd / MHH



Öllum útköllum og björgunaraðgerðum á Suðurlandi var stýrt frá almannaþarnateymi, sem er með sína aðstöðu í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mynd / MHH

Umhverfismál:

Plastrusl á Kjalarnesi

Plast eða annað rusl sést iðulega við þjóðvegi landsins þar sem það hangir á girðingum, í trjám eða liggur í skurðum og á víðavangi. Lesandi Bændablaðsins segir mikið um plastmengun á Kjalarnesi.

Lesandi Bændablaðsins sendi blaðinu línu þar sem hann benti á að plastrusl og ekki síst rúlluplast væri áberandi á Kjalarnesi. Hann benti einnig á að erindi vegna plastmengunarinnar í Kjalarnesi hefði margoft verið sent á Reykjavíkurborg undanfarin ár en að ekkert hafi verið gert í málinu.

„Þannig er að mjög mikið er um að heyrúllur, þar sem ekki hefur verið gengið frá lausum plastendum, séu látanar standa úti hér um allt Kjalarnes á veturna og yfirleitt endar það á sama veg, þ.e.a.s. plastið fýkur af rúllunum og dreifist á stór svæði, festist í trjám og girðingum og er svo mikil lýti og mengun að það er ólýsanlegt. Fullt af fólki í sjálfböðavinnu eyðir svo sínum frítíma í að tína þetta upp á vorin.

Svo eru fjölmörg dæmi um að hrossum sé gefið úti og er þá plastið ekki einu sinni fjarlægð heldur fýkur það sína leið þegar hrossin hafa lokið við heyið.

Ég hef sjálfur tilkynnt það mál í nokkur skipti en án árangurs.

Núna eftir föstudagsveðrið er ástandið hræðilegt. Hvert sem litið er er plast. Svæðið sem er venjulega verst er frá Móum og að Grundarhverfi og svo þegar keyrt er niður að Brautarholti er heill hellingur af heyrúllum bæði frá seinasta sumri og eldri sem eru að verða plastlausar.

Ég er sjálfur uppallinn í sveit og get staðið við það að það að geyma heyrúllur úti á túni yfir veturinn er í besta falli slóðaskapur. Til hvers eru þessir menn að leggja tíma og pening í að heyja og þurfa svo að henda rúllunum



Lesandi Bændablaðsins sendi blaðinu línu þar sem hann benti á að plastrusl og ekki síst rúlluplast væri áberandi á Kjalarnesi.

ár eftir ár þegar plastið er fokið um allt? Það standa gamlar ónýttar rúllur sem augljóslega verða ekki notaðar í þyrpingum við veginn niður að SÁÁ, til móts við Saltvík Esjumegin og hellingur á leið út að Brautarholti sem eiga bara eftir að dreifast enn meir.“

/VH

MÆLT AF
MUNNI FRAM

244

Sveinn Ásgeirsson stýrði um árabli þætti sem nefndist „Vel mælt“. Til viðtals hjá Sveini komu margir hagyrðingar og skáld þess tíma. Sveinn sendi hinum virku vinstriðmönnum, **Kristjáni frá Djúpalæk** og **Rósberg G. Snædal**, vísu sem ætluð var til að espa þá félagi til kveðskapar:

*Magnast himins myrkravöld
mjög til allra fanga,
starir á oss stjörf og köld
Stalíns afturganga.*

Ekki stóð á viðbrögðum þeirra féлага. **Rósberg** svaraði að bragði:

*Austur í Moskvu eigið þér
afturgöngur flestar,
en á móti ógna mér
aðrar nær- og vestar.*

Og **Kristján** kvað til svars með þremur vísu:

*Aldrei myndu augu blíð
ykkur lengi skína,
fer hér eins og forðum tíð,
fjandinn þekkir sína.*

*Aldrei vandur vinum að
var sá Kremlar-DÝI,
enda niður kappann kvað
Krúsi á fyllerí.*

*Að því mætti gjarnan gá,
guðir koma, fara,
bráðum ykkur brostin á
beggja augu stara.*

Í einum öðrum þætti **Sveins Ásgeirssonar** „Vel mælt“ orti **Einar frá Ósi**:

*Sá er munur mönnum á
sem meta ljóð og ríma,
að atómskáldið er ennþá
á undan sínum tíma.*

*Allt í hófi er einna best,
einnig stakan fleyga.
Afdrif gætu orðið flest
sem ofnautn gullna veiga.*

Á fundi í Sjálfstæðisfélaginu flutti **Knútur Otterstedt** rafveitustjóri klukkutíma erindi um rafmagnsmál, sem eðlilega var mjög hlaðið útreikningum og talnaformúlum. **Jakob Ó. Pétursson**, **Arni Böðvarsson** og **Bjarni frá Gröf** sem og **Gísli Árnason** sátu þennan fund í Sjálfstæðisfélaginu, en höfðu allir verið í fagnaði (Vardarafmæli) kvöldið áður. Undir fyrirlestri Knúts sótti mjög svefn að fundarmönnum, en ekki svo að þeir næðu ekki að yrkja sig frá leiðindunum. Jakob Ó. orti svo:

*Ákafi svefninn sækir á,
sumir eru að falla í dá,
enginn loka augum má,
yrði Knútur vondur þá.*

Árni Böðvarsson átti næsta leik:

*Ef að sækir svefninn á,
síptu betur glasi á.
Í sjóinn rennur sérhver á,
sem að Knútur bendir á.*

*Flutti tölur, ótt bar á,
enginn brosti á meðan,
en það streymdi okkur hjá
ofan garðs og neðan.*

Þá var komið að **Bjarna frá Gröf**:

*Rafurmagns ég ræðu naut,
ríkt á Knútur lofið.
Eitt er víst að enginn hraut,
þótt ýmsir hafi sofið.*

Gísli Árnason átti næsta innlegg:

*Hann er að verða húmorslaus,
hárið þunnt og gisið.
Þegar Bjarni hengir haus
hátt er ekki risið.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Austurland: Sameining fjögurra sveitarfélaga staðfest

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur staðfest sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar í eitt sveitarfélag.

Með sameiningunni verður til eitt stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli, með tæplega fimm þúsund íbúa. Íbúar sveitarfélaganna samþykktu sameininguna með afgerandi hætti þann 26. október 2018.

Sveitarstjórnarkosningar
18. apríl næstkomandi

Boðað verður til sveitarstjórnarkosninga laugardaginn 18. apríl næstkomandi þar sem kosid verður í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélagsins 15 dögum síðar, eða 3. maí, og á sama tíma tekur sameiningin gildi.

Fram undan er atkvæðagreiðsla um nýtt nafn hins sameinaða sveitarfélags en nafnanefnd auglýsti eftir hugmyndum og bárust 112 tillögur með 67 hugmyndum að nýjum nöfnum. Nokkrar tillög-

AUSTURLAND
Borgarfjarðarhreppur - Fljótsdalshérað
Seyðisfjarðarkaupstaður - Djúpavogshreppur



ur verða lagðar fyrir kjósendur í atkvæðagreiðslu sem fer fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Sveitarfélögum fækkað um tíu

Árið 1950 voru sveitarfélögin 229 og hefur þeim fækkað í nokkrum skrefum. Árin 1994 til 2006 var mikið um sameiningar og fækkaði sveitarfélögum þá úr 196 í 79 og verða 69 frá og með 3. maí næstkomandi.

/VH

Umhverfisstefna fyrir íslenskan landbúnað er í mótun

– markmið um kolefnishlutleysi og sjálfbæra nýtingu

I kjölfar Búnaðarþings Bændasamtaka Íslands árið 2018 var skipuð nefnd til að vinna að umhverfisstefnu fyrir íslenskan landbúnað. Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki í Húnabingi, hefur leitt þá vinnu sem hefur að mestu farið fram síðastliðið ár.

Drög að þessari stefnu liggja fyrir og snúast þau um loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt – en drögin verða lögð fyrir Búnaðarþing sem verður haldið 2.–3. mars næstkomandi.

Kolefnishlutleysi, sjálfbærni og vistheimt

Ingvar segir að þremur markmiðum sé stillt fram í drögnum; kolefnishlutleysi árið 2030, sjálfbær nýting landbúnaðarlands árið 2030 og vistheimt í verki á árunum 2020 til 2030.

„Landbúnaður byggir á nýtingu auðlinda náttúrunnar. Náttúruleg skilyrði ráða til lengri tíma mestu um afkomu þeirra sem landbúnað stunda. Því er það skylda gagnvart komandi kynslóðum að landbúnaður hverju sinni sé sjálfbær og gangi ekki á náttúrulegu gæði. Bændur eiga ekki að sitja hjá heldur taka forystu í umræðu um loftslagsmál og önnur umhverfismál. Landbúnaðurinn á enn fremur að setja sér metnaðarfull



Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki.

Mynd / Aðalheiður Ingvarsdóttir

markmið í umhverfismálum. Þannig getur markviss umhverfisstefna orðið hvatning til bænda að búa á umhverfissvænni hátt og taka þátt í vistbætandi verkefnum,” segir Ingvar.

Grænt bókhald

Í því skyni að ná með skilvirkum hætti markmiðum stefnunnar er samhliða sett fram aðgerðaráætlun. Þar er lögð áhersla á að „grænu bókhaldi“ verði komið á meðal einstakra bænda og fyrir landbúnaðinn í heild. Enn fremur

verður áhersla á aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og á framkvæmdir vegna kolefnisbindingar.

Með Ingvari sátu í nefndinni þau Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda og Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

/smh

Ný skýrsla um bændur og náttúruvernd:

Bændur vilja leggja alúð við umhverfi sitt

– og eru áhugasamir um þátttöku í verkefnum tengdum náttúruvernd

Í nýrri skýrslu, sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur unnið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið, kemur fram að íslenskir bændur séu almennt jákvæðir í garð náttúruverndar og sjá fyrir sér að hægt sé að vinna að náttúruvernd samhliða landbúnaði.

Vinna RML við verkefnið á rætur í viljayfirlýsingu um samstarf sem Sindri Sigurgeirsson, þáverandi formaður Bændasamtaka Íslands, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra undirrituðu á Hvanneyri 6. desember 2018. Samstarfinu var ætlað að ná til verkefna í náttúruvernd á jörðum bænda og var RML falið að standa að greiningarvinnu fyrir verkefnið.

Bændur vilja viðhalda náttúrugæðum

Í meðförum RML fékk verkefnið heitið LOGN, sem stendur fyrir Landbúnaður og náttúruvernd. Í skýrslunni kemur fram að bændur vilji leggja alúð við umhverfið til að viðhalda náttúrugæðum á bújörðum sínum og eru áhugasamir um þátttöku í slíkum verkefnum.

Auk viðhorfskönnunar er í skýrslunni greining á samlegðar-áhrifum landbúnaðar og náttúruverndar og fjallað um hvernig unnið er að samþættingu þessara þátta í öðrum löndum. Þar kemur fram að helstu verkefni og störf varðandi umhverfis- og náttúruvernd sem bændur fá greitt fyrir samkvæmt samningum í öðrum löndum séu:

- Verndun á sérstökum náttúrufyrirbærum - náttúruvé og náttúruvættir
- Verndun og vöktun á ósnertu eða lífið spilltu landi
- Verndun og viðhald á landslagseinkennum mótuum af sambýli manns og náttúru



Sigurður Torfi Sigurðsson, verkefnistjóri verkefnisins hjá RML.

Mynd / úr einkasafni

- Endurheimt landgæða og sjálfbær landnýting
- Verndun og viðhald á líffræðilegum fjölbreytileika
- Endurheimt og verndun vistkerfa
- Verndun búsvæða
- Endurheimt, viðhald og verndun votlendis og vatnssvæða

Í öðrum löndum sem skoðuð voru, er einnig gjarnan greitt fyrir umhverfissvæna búskaparhætti sem bæði stuðla að heilbrigðari meðhöndlun jarðvegs og húsdýra og til að vernda og viðhalda líffræðileika og búsvæðum. Í skýrslunni eru eftirfarandi dæmi nefnd um slíkar greiðslur:

- Ræktun og verndun staðbundinna tegunda, húsdýra og jurta
- Lífræn ræktun
- Ábyrg notkun áburðar- og eiturefna
- Villtar gróðurrendur á milli eða í miðju túna eða akra, til skjóls fyrir dýralíf og síun áburðarefna
- Umhverfissvæn meðhöndlun gróðurmoldar, s.s. sáðskipti,

tegundafjölbreytileiki, vetrarsáning (green / winter cover)

Verkefnatengd náttúruvernd

Í skýrslunni kemur fram að bændur skiptust í tvo hópa varðandi viðhorf til friðlýsinga á landi, annaðhvort mjög andstæðir friðlýsingum – og töldu það veikja verðgildi jarðanna – eða þá mjög jákvæðir gagnvart þeim. Margir töldu sig þó skorta grunnþekkingu á friðlýsingarferlum til að vilja tjá sig um málefnið. Flestir bænda sem tóku þátt í skoðanakönnun og viðtölum sáu frekar tækifæri í að vinna verkefni í náttúruvernd á eigin forsendum frekar en að óska eftir að land verði sett í friðlýsingu. „Ef gera á átak í náttúruvernd á landbúnaðarsvæðum má álykta að bændur myndu almennt vera jákvæðari gagnvart verkefnatengdri náttúruvernd en hefðbundnum friðlýsingum. Þannig má einnig álykta að meiri árangur náist í verkefnum þar sem þau yrðu unnin á forsendum bænda og/eða landeigenda og byggð að talsverðu leyti á þekkingu þeirra. Þarna yrði þ.a.l. sameinuð þekking bænda og sérfræðinga á sviði náttúruverndar. Jafnframt má álykta að með svona verkefnum verði til aukin þekking á náttúruvernd á meðal bænda og jákvæðar viðhorfsbreytingar til friðlýsinga.“

Þar kemur einnig fram að verkefnatengd náttúruvernd sé algengt form á verndun svæða erlendis og víða verkefni sem eru á landbúnaðarlandi og bændur þátttakendur í þeim. „Verkefnatengd náttúruvernd hefði skilgreindan tímaramma, þar sem væru t.d. verkefni til fimm ára. Bændur fengu einhverja umbun fyrir þátttöku. Það fæli meðal annars í sér aðstoð við áætlanagerð og nýtingu á samlegðaráhrifum og

seinna gæti e.t.v. komið umbun í formi peningagreiðslna fyrir að taka þátt og fyrir að vinna að settum markmiðum,” segir enn fremur í skýrslunni.

Nýsköpun og náttúruvernd

Í skýrslunni segir að nýsköpun geti gegnt lykilhlutverki við samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar. „Víða erlendis má finna dæmi um vel heppnuð verkefni þar sem nýsköpun hefur gegnt lykilhlutverki. Í slíkum verkefnum hefur verið bent á að æskilegt sé að allar aðgerðir skili sjálfbæru umhverfi. Markmiðið er að finna leiðir til að viðhalda og endurheimta náttúrugæði án þess að skerða afkomu bóndans.“

Einnig segir að reynsla hafi sýnt að nýsköpun yti undir efnahags- og samfélagslega sjálfbærni en mikilvægt sé að samfélagið sé opið fyrir innleiðingu á nýrri tækni og að aukning í framleiðslu yri ekki landslagseinkenni og náttúrugæði.

Verðmæta- og gæðaaukandi kerfi í stað framleiðsluhvetjandi

Áfram verður unnið að þróun verkefnisins á þessu ári og er í skýrslunni lögð áhersla á að þróa fræðslu og ráðgjöf til bænda og skoða betur hvers konar verkefni koma til greina til að stuðla að betri samþættingu náttúruverndar og landbúnaðar við mismunandi aðstæður. Í seinni hluta skýrslunnar eru reifaðar hugmyndir um stefnu og framhald verkefnisins. „Landbúnaður er í eðli sínu frumframleiðsluatvinnugrein og löng hefur verið fyrir að bændur selji áþreifanlegt hráefni sem notað er til frekari vinnslu matvæla og annarra neysluvara. Eins og fram hefur komið framar í þessari skýrslu þá er íslenskur landbúnaður að mestu leyti byggður á framleiðslumiðuðu

stuðningskerfi og þ.a.l. hefur myndast löng hefð fyrir að þeir sem stunda landbúnað þurfi að framleiða eins og land þeirra býður upp á og jafnvel meir. Mikil hefð er fyrir að nýta land, rækta og skila af sér góðum afurðum. Þannig má færa rök fyrir að sú hugsun að stunda náttúruvernd og framleiða óefnislegar afurðir eins og t.d. bætt loftgæði eða viðhald á fjölbreytileika tegunda sé andstætt þeim kultúr sem einkennir landbúnað hér á landi. Einnig eru bændur mjög háðir stuðningsgreiðslum sem myndar hvata til hámarksframleiðslu. Bændur hafa þó í gegnum tíðina verið duglegir að aðlagast breyttum aðstæðum. Má í því samhengi nefna þá þróun sem hefur orðið á síðustu árum í heimavinnslu á afurðum og fjöldi bænda selur nú frá sér fullunnar vörur í stað hráefnis.

Mögulega er hægt að tengja náttúruvernd þessari þróun með að tengja afurðir frá búi við verndaraðgerðir og önnur náttúruverkefni. Koma má þannig upp verðmæta- og gæðaaukandi kerfi sem er ekki eins framleiðsluhvetjandi og það sem nú er. Byggja má á upplýsingum úr grasróttinni og byrja á verkefnum sem bændur hafa á góða þekkingu og kunna t.d. uppræðslu og endurheimt vistkerfa og tengja þeirri framleiðslu sem er á viðkomandi búum,” segir í skýrslunni.

Fræðsla um tækifærin

„Þegar búið verður að marka stefnu um framhald verkefnisins þarf að kynna niðurstöður og framhald vel fyrir bændum. Kynna þarf stefnur og kerfi sem vinna á eftir auk þess að varpa ljósi á þau tækifæri sem geta falist í hugmyndum,” segir í skýrslunni.

Skýrsluna og upplýsingar um verkefnið má nálgast í gegnum vef RML, rml.is.

/smh

KÆRI BÓNDI!

Okkur hjá Automatic ehf væri sönn ánægja að fá að gera þér og þínum rekstri afar hagstætt tilboð í olíu, síur, rafgeyma og ýmsar fleiri rekstrarvörur.

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á netfangið pantanir@automatic.is eða einfaldlega slá á þráðinn til okkar í síma 512 3030.

Við bjóðum þér að setja upp síukort fyrir vélarnar þínar og veita góð ráð varðandi olíu og þessháttar.



MANNOL

**MANN
FILTER**

intAct
Battery-Power

FILTRON
THE ORIGINAL

... gengur vel

Smiðjuvegi 11, Kópavogi & Stakkahrauni 1 Hafnarfirði | S: 512 3030 | www.automatic.is | pantanir@automatic.is

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á!

can-am 



**OUTLANDER
650 MAX 6X6**

VERÐ ÁN VSK
2.570.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK 3.190.000 KR.



**OUTLANDER
570XT**

VERÐ ÁN VSK
1.685.000 KR.

VERÐ MEÐ VSK 2.090.000 KR.

ELLINGSEN

FÍSKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 590 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

NÁNARI
UPPLÝSINGAR Á
ELLINGSEN.IS

FRÉTTIR



Átakið var kynnt formlega föstudaginn 7. febrúar en þá komu forstjórar fyrirtækjanna tíu og undirrituðu samning um Þjóðþrif í verksmiðju Pure North Recycling, Sunnumörk 4 í Hveragerði. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Þjóðþrif – þjóðaráttak í endurvinnslu plasts: Tíu stór fyrirtæki skuldbinda sig til að endurvinna allt plast hjá sér

Nýlega var undirritaður stór samningur hjá fyrirtækinu Pure North Recycling í Hveragerði við tíu stór fyrirtæki sem skuldbinda sig til þess að koma öllu því plasti sem fellur til hjá fyrirtækinu í endurvinnslu hjá Pure North.

Með því er tryggt að flokkun verði betri, plast verði aftur plast og sú kolefnislosun sem sparast, vegna umhverfisvænna vinnsluáferða Pure North, fara inn í kolefnisbókhald fyrirtækjanna. Fyrirtækin sem um ræðir eru Bláa Lónið, BM Vallá, Brim, CCEP, Eimskip, Krónan, Lýsi, Marel, Mjólkursamsalan og Össur. „Þetta eru allt ótrúlega öflug fyrirtæki og virkilega mikilvægt og ánægjulegt að atvinnulífið sé að taka þátt í svo mikilvægu verkefni þar sem sjálfbærni og hringrásarhagkerfið er í aðalhlutverki.“ segir Sigurður Grétar Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling.

Hvers konar endurvinnsla?

Það eru kannski ekki margir sem vita hvers konar fyrirtæki Pure North Recycling er. En til upplýsingar þá er fyrirtækið eina endurvinnsla plasts á Íslandi þar sem hreinum plastúrgangi er breytt í plastpallettur. Jarðvarminn í



Sigurður Grétar Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling, sem er með tíu starfsmenn í vinnu.

Hveragerði, ásamt umhverfisvænum orkugjöfum, er í aðalhlutverki. „Vinnsluáferðin er einstök á heimsvísu hjá okkur og byggir á íslensku hugviti. Það að nota jarðvarmann og hreina orkugjafa gefur okkur forskot, bæði rekstrarlega og gagnvart umhverfinu. Við fengum óháðan aðila til að gera lífsferlisgreiningu á vinnsluáferðum félagsins til samannburðar við endurvinnslu í Evrópu og Asíu. Niðurstaðan er einföld; Plastpallettur Pure North Recycling eru umhverfisvænasta plast í heimi. Fyrir hvert tonn sem endurunnið er



MS er eitt af þeim fyrirtækjum sem skrifaði undir samninginn um Þjóðþrif. Hér er Ari Edwald forstjóri með sínu fólk þegar undirritunin fór fram. Allar umbúðir frá MS verða framvegis endurunnar í Hveragerði.

af plasti hjá Pure North sparast 0,7 tonn af kolefni, næstum tonn á móti tonni. Þetta er til viðbótar við það hversu miklu umhverfisvænna það

er að endurvinna plast í stað þess að framleiða nýtt plast. En fyrir hvert tonn sem endurunnið er af plasti sparast 1,8 tonn af olíu vegna þess

hversu olúfrent það er að framleiða nýtt plast.“ segir Sigurður Grétar. Hjá fyrirtækinu starfa 10 manns. /MHH



Starf fjósameistara Hvanneyrarbúsins ehf við Landbúnaðarháskóla Íslands er nú laust til umsóknar

Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurlöðum. Viðkomandi starfsmaður yrði hluti af teymi Landbúnaðarháskólans sem hefur umsjón með rekstri Hvanneyrarbúsins í samráði við bústjóra. Um fullt starf er að ræða.

HELSTU VERKEFNI

- » Umsjón og rekstur fjóssins á Hvanneyri
- » Fóðrun og dagleg umhirða gripa
- » Umsjón ræktunarstefnu og hjarðskýrsluhalds
- » Almenn viðhald og viðgerðir véla og tækja
- » Jarðvinnsla og heyskapur
- » Leiðbeining nemenda í verklegu námi í búfræði og móttaka gesta
- » Virk þátttaka í uppbyggingu og innleiðingu nýsköpunar í búrekstri

- » Samstarf við teymi kennara og sérfræðinga Landbúnaðarháskóla Íslands við verklega kennslu og rannsóknir í nautgriparækt, jarðrækt, bútækni og umhverfismálum

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- » Búfræðiþróf og/eða BS próf í búvísindum, auk annarrar menntunar sem nýtist í starfi
- » Reynsla af hirðingu búfjár og vélavinnu
- » Sjálfstæð vinnubrögð
- » Færni í mannlegum samskiptum
- » Góð almenn tölvukunnátta
- » Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til 10. mars 2020

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hefji störf sem fyrst og helst eigi síðar en 15. maí 2020. Tilgangur Hvanneyrarbúsins ehf er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu og rannsókna Landbúnaðarháskóla Íslands. Áhöfn er um 70 kír auk geldneyta og ársframleiðsla mjólkur er um 550.000 lítrar.

Nánari upplýsingar

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri veitir nánari upplýsingar, guðmunda@lbhi.is sími 433-5000 og á heimasíðu skólans www.lbhi.is/storf



KS og Costco hafa skrifað undir samning þess efnis að Costco komi aftur í lambakjötsviðskipti við Kjötufurðastöð KS. Viðskiptin eru þegar hafin.


Kaupfélag Skagfirðinga:

Costco semur við KS um lambakjötsviðskipti

Costco hefur óskað eftir því að Kjötufurðastöð KS komi aftur í viðskipti með lambakjöt þar sem viðskipti við nýjan birgja gengu ekki sem skyldi.

Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötufurðarstöðvar KS, segir að 6. febrúar síðastliðinn hafi KS og Costco skrifað undir samning þess efnis að Costco kæmi aftur í lambakjötsviðskipti við Kjötufurðastöð KS. Viðskiptin eru þegar hafin.

„KS hóf viðskiptin með bæði lamba- og nautakjöt við Costco þegar þeir opnuðu en Costco bauð út viðskiptin með lambakjöt í haust og valdi annan birgja. Lagt verður kapp á að ná upp



Ágúst Andrésson.

fyrri sölu sem allra fyrst í Costco, en salan virðist hafa dregist talsvert saman.“ /VH

Akureyri:

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda tæplega 156 þúsund tonn

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Akureyrarbæ árið 2018 nam tæplega 156 þúsund tonnum. Langstærstur hluti, eða ríflega helmingur losunar, kemur frá samgöngum. Þetta kemur fram í skýrslu um losunarbókhald Akureyrarbæjar fyrir árið 2018 vegna aðildar sveitarfélagsins að áttakinu Global Covenant of Mayors (GCoM) og greint er frá á vef bæjarins.

Akureyrarbær er í hópi um 10 þúsund sveitarfélaga frá 139 löndum sem vilja vera í forystu

í loftslagsmálum. Með áttakinu hafa sveitarfélögin lýst yfir vilja til að bregðast ákveðið við loftslagsbreytingum, draga úr losun, birta tölulegar upplýsingar um frammistöðu í loftslagsmálum og setja markmið um enn betri árangur. Auk Akureyrarbæjar eiga tvö íslensk sveitarfélög aðild að GCoM, Reykjavíkurborg og Hveragerði. Akureyri hefur skuldbundið sig til að gera árlega grein fyrir kolefnisspori sveitarfélagsins og þarf að uppfylla ýmsar kröfur, meðal annars um aðgerðaáætlun í

loftslagsmálum, segir enn fremur á vef bæjarins.

55% losunar vegna samgangna

Stefán Gíslason, sérfræðingur hjá Umhverfissráðgjöf Íslands, kynnti skýrslu fyrir árið 2018 á síðasta fundi umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar. Skýrslan inniheldur fyrsta heildstæða losunarbókhald sveitarfélagsins, þar sem gerð er grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda vegna allra athafna á svæðinu. Losun gróðurhúsaloft-

tegunda frá Akureyri nam 155.856 tonnum. Þar af má rekja um 55% til orkunotkunar í samgöngum og eru vegasamgöngur langstærsti einstaki liðurinn í losun svæðisins.

Mikið gert til að draga úr losun

Önnur atriði sem vega þungt í losunarbókhaldinu eru orkunotkun í iðnaði, urðun úrgangs og landnotkun. Ekki er hægt að segja til um hvort losun hafi aukist eða minnkað milli ára því þetta er fyrsta fullmótada loftslagsbókhaldið. Í skýrslunni

er fjallað um leiðir til að draga úr losun og er talið að stærstu tækifærin liggi í að draga úr losun frá samgöngum.

„Þegar hefur mikið verið gert til að draga úr þessari losun, svo sem með því að gera metan aðgengilegt sem eldsneyti á farartæki, setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla, bjóða upp á gjaldfrjálsar almenningssamgöngur á Akureyri og svo framvegis. Ástæða virðist til að gera sérs-taka áætlun um enn frekari aðgerðir á þessu sviði,“ segir í skýrslunni.

MPB



Flóahreppur er rauðlitaða svæðið á myndinni.

Flóahreppur segir nei við Árborg

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur hafnað beiðni Sveitarfélagsins Árborgar um ósk um tilfærslu á sveitarfélagamörkum sveitarfélaganna.

Í erindi frá Gísla Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra í Árborg, er farið þess á leit við sveitarstjórn Flóahrepps að eignarlönd Árborgar austan við Selfoss falli undir Sveitarfélagið Árborg og skipulagsvald þess. Þarna er m.a. um að ræða land úr jörðinni Laugardælum. Samþykkt var með öllum fimm atkvæðum sveitarstjórnar Flóahrepps að segja nei við erindi Árborgar. /MHH



Sundlaug Stokkseyrar:

Einn á vakt

Hverfaráð Stokkseyrar undrar sig á því að það sé aðeins einn starfsmaður á vakt í sundlauginni á staðnum, sem Sveitarfélagið Árborg rekur.

Upp hafa komið atvik þar sem starfsmaður hefur orðið að sinna veikindum gesta og því ekki getað sinnt öðrum verkefnum á meðan. Annað atvik varð þegar starfsmaður laugarinnar rann til og slasaði sig, lá ósjálfbjarga og þá var enginn til að taka við starfinu.

„Já, þetta er í lagi og gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem er okkar eftirlitsaðili. Svona litlar sundlaugar mega vera með einn á vakt þegar gestir eru ekki fleiri. Þegar stærrí hópar koma þá er kallaður út starfsmaður og yfir sumartímenn eru alltaf tveir á vakt,“ segir Bragi Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningardeilda Árborgar, aðspurður um málið.

/MHH

88%
Inniheldur 88% vatna

Öflugur sjónauki

Gulrótin er mikið fyrir augað. Hún inniheldur mikið af beta-karótíni, sannkallað undraefni sem meðal annars viðheldur góðri sjón.

islenskt.is

KOLEFNISJAFNAB
KOLVÍÐUR
ÍSLAND
CARBON FINGER
FRÁ BÖNDA TIL DJÓTT

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAD
KEMUR

islenskt
grænmeti

FRÉTTIR

Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók: Lokun vegna veðurskilyrða fátíð

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á uppbyggingu Alexandersflugvallar sem varaflugvallar vegna góðra lendingarskilyrða og landfræðilegrar legu flugvallarins.

Þetta kemur fram í umsögn vegna þingsályktunartillögu um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavík-, Reykjavík-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Bygðaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar styður málið.

Óumdeilt sé að lendingarskilyrði séu með því besta sem gerist á landinu og þeir dagar þar sem vellinum er lokað vegna veðurskilyrða eru fátíðir, segir í umsögninni. Einnig að slíkt myndi



Alexandersflugvöllur í Skagafirði.

heyrja til undantekinga með bættum vallarbúnaði. „Jafnframt er ljóst að uppbygging vallarins myndi hafa veruleg jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Norðurlandi öllu,“ segir í umsögninni. /MPP



Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Svavar Atli Birgisson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Skagafjarðar, Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN og Örn Ragnarsson framkvæmdastjóri lækninga við HSN, við undirritun samningsins. Mynd / HSN

HSN og Skagafjörður:

Nýr samningur um sjúkraflutninga

Nýr samningur um sjúkraflutninga á milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur verið undirritaður. Brunavarnir Skagafjarðar munu sjá um framkvæmd samningsins líkt og undanfarin ár.

Samningurinn, sem gildir til næstu 5 ára, nær til sjúkraflutninga í Skagafirði, utan Fljóta sem

njóta þjónustu frá Fjallabyggð. Áralöng hefið er fyrir samstarfi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Brunavarna Skagafjarðar vegna sjúkraflutninga og eru samningsaðilar því mjög ánægðir með að óbreytt fyrirkomulag vegna sjúkraflutninga í Skagafirði hafi verið tryggt næstu árin. /MPP



Íbúar Hörgársveitar búa margir hverjir ekki við hitaveitu í húsum sínum, en gjöful jarðhitasvæði eru innan sveitarfélagsmarkanna sem sveitarstjórn vill gjarnan að verði nýtt þar. Margvíslegar tæknilegar hindranir eru hins vegar við að leggja hitaveitu í dreifbýli, hitaveita er í eðli sínu dreifbýlistækni. Mynd / MPP

Norðurorka og Hörgársveit:

Kanna fýsileika þess að leggja hitaveitu um hluta sveitarinnar

„Hörgársveit telur óviðunandi að íbúar sveitarfélagsins þurfi að sæta svo löku hlutskipti þegar gjöful jarðhitasvæði eru innan sveitarfélagsmarkanna,“ segir í umsögn sveitarstjórnar Hörgársveitar, en Orkustofnun óskaði eftir henni vegna umsóknar Norðurorku um nýtingarleyfi fyrir jarðhitasvæði á Hjalteyri.

Hörgársveit beinir því til rétt-hafa nýtingarleyfisins að það vatn sem unnið er við Hjalteyri sé í auknum mæli nýtt til að mæta þörf innan sveitarfélagsins, svo sem í Hörgárdal og Öxnadal. Unnið er að könnun á fýsileika þess að leggja hitaveitu um ákveðið svæði í sveitarfélaginu og mun niðurstaða liggja fyrir síðar í vetur.

Fjárhags- og umhverfislegt óhagræði

Hörgársveit bendir í umsögn sinni á að verulegur hluti íbúa sveitarfélagsins sé án hitaveitu og rýri það til muna búsetuskilyrði á þeim svæðum sem í hlut eiga. Skemmt sé að minnast þess ástands sem skapaðist þegar óveður gekk yfir landið í desember síðastliðnum og rafmagnslaust varð dögum saman. Þá urðu þess dæmi að íbúar sveitarfélagsins þurftu að yfirgefa heimili sín þar sem hitastig innanhúss var komið undir 10 °C á svæðum þar sem hitaveitu nýtur ekki við. Einnig bendir sveitarstjórnin á fjárhagslegt og umhverfislegt óhagræði

ræði sem hlýst af því að kynda hús með rafmagni og jarðefnaeldsneyti.

Hitaveita í eðli sínu þéttbýlistækni

Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku, segir að unnið sé að fýsileikakönnun um þessar mundir á því hvort hagkvæmt geti talist að leggja hitaveitu um ákveðið svæði í Hörgársveit, frá Laugalandi og suður að Melum, beggja vegna í sveitinni í nokkurs konar hring. Allmargir myndu ná að tengjast hitaveitu ef könnunin leiði í ljós að slíkt sé fýsilegt. „Það var gerð svipuð könnun á þessu árið 2007 og niðurstaðan þá var að það væri fjárhagslega óhagkvæmt að fara í slíkar framkvæmdir,“ segir Helgi en hitaveita sé í eðli sínu þéttbýlistækni. Vatn kólni verulega í lögnum á leið sinni á áfangastað og því lengri sem leiðin er og notkun lítill, því meira kólni vatnið. Sömu tæknilegu skilyrði gildi fyrir hitaveitu í dreifbýli í Hörgársveit, óháð því hvar jarðhitasvæði eru staðsett.

Margvíslegar tæknilegar hindranir

„Það eru margvíslegar tæknilegar hindranir við það að leggja hitaveitu í dreifbýli. Það getur víða gengið og þá er yfirleitt til bóta að stórnotandi sé á enda þess svæðis sem lagt er á. Því er ekki að heilsa í þessu tilviki,“ segir hann.

Bendir hann á að aðrar forsendur séu uppi nú varðandi fjárhagslegu hlið málsins en var fyrir rúmum áratug. Niðurgreiðslur ríkisins til rafmagnshitunar, sem nýta megi til uppbyggingar hitaveitu hafi á tímabilinu hækkað umtalsvert en gert yrði ráð fyrir að það fé fengist til verkefnisins og gerði það eflaust mun hagkvæmara en áður. „Þetta kemur allt í ljós síðar í vetur þegar niðurstaða liggur fyrir,“ segir hann.

Notkun á Akureyri aukist um 100%

Helgi segir að Norðurorka standi í umfangsmiklum framkvæmdum þessi árin, m.a. við nýja Hjalteyralöng, frá jarðhitasvæðinu við Hjalteyri og til Akureyrar. Þær framkvæmdir hófust sumarið 2018 og áætlað að þeim ljúki árið 2023. Kostnaður við þá framkvæmd er ekki undir 2,5 milljörðum króna, en Helgi segir að um sé að ræða stóra fjárfestingu til langrar framtíðar. Heitt vatn hafi á fyrstu árum hitaveitu á Akureyri verið leitt sunnan að, úr Eyjafjarðarsveit, en nægt magn sé ekki fyrir hendi til framtíðar. Leit að heitu vatni á svæðinu bar góðan árangur við Hjalteyri og því þurfi að leggja í mikla fjárfestingu við að ná í vatnið þangað. Notkun Akureyringa og nærsveitarmanna á heitu vatni hefur aukist um 100% á síðustu tveimur áratugum, frá árinu 2000. /MPP



Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Breikkun Vesturlandsvegur milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur

Vegagerðin hefur tilkynnt til Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu ásamt viðaukum um breikkun Vesturlandsvegur milli Varmhóla og Hvalfjarðarvegur.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 24. febrúar til 7. apríl á eftirtöldum stöðum: Í íþróttahúsi Klébergsskóla, Kjalarnesi, á skrifstofu Reykjavíkurborgar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 7. apríl 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Kynningarfundur: Vakinn er athygli á að Vegagerðin stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslu þann 27. febrúar kl. 16:00 til 18:00 í Klébergsskóla, Kjalarnesi og eru allir velkomnir.

Mikil aukning á kamfílóbakttersýkingum í Danmörku rakin til kjúklingakjöts

Kamfílóbakttersýkingum fer fjölgandi í Danmörku og hafa aldrei mælst fleiri tilfelli en á síðasta ári, samkvæmt frétt Global Meat.

Meira en 5.300 einstaklingar voru greindir með kamfílóbakttersýkingu í Danmörku á árinu 2019. Er þetta mesti fjöldi smittifella sem sést hefur þar í landi á einu ári og hefur verið nær stöðug aukning í kamfílóbakttersmiti síðan 2012. Talað er um faraldur á síðasta ári og er aukin smittiföldni að mestu rakin til sýkinga vegna neyslu á kjúklingakjöti.

Vitnað er í Evu Møller Noelsen hjá Statens Serum Institute (SSI) sem segir að áður fyrr hafi slík smittifelli verið fremur sjaldgæf. Hún segir að aukin tíðni sýkinga megi í langflestum tilfellum rekja til matvæla.


Þá er einnig bent á að aukin tíðni



sé vegna smits á kamfílóbakter úr sýktum jarðvegi, sandi, vatni og vegna snertinga við dýr. Í rannsókn sem gerð var á þessum málum fyrir nokkrum árum kom í ljós að aukin tíðni smits af þessum toga átti sér stað



í kjölfar vætutíðar og mikilla rigninga. Segir Katrin Kuhn, sem líka starfar hjá SSI, að vegna hlýnandi veðurfars megi búast við að smithættan í náttúrunni aukist yfir lengra tímabil en bara yfir sumarmánuðina. /HKr



Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri og Trausti Valur Traustason við undirritun verksamningsins. Með þeim á mynd er Indriði Þ. Einarsson, sviðsstjóri veitu- og framkvæmda-sviðs og Gunnar Gíslason.

Hofsós: Byggja leikskóla

Skrifað hefur verið undir verk-samning við Uppsteypu ehf. um byggingu viðbyggingar við Grunn-skólann austan vatna.

Viðbyggingin, sem rísa mun sunnan við núverandi skólahúsnæði, mun hýsa leikskólann Barnaborg sem nú er í bráðabirgðahúsnæði á Hofsósi. Viðbygging er 205,5 m², steyp á einni hæð með flötu þaki, einangrað að utan og klætt með lit-aðri álklaðningu. Verklok eru áætluð 1. febrúar 2021.

Þetta kemur fram á vefsíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þar er haft eftir Sigfúsi Inga Sigfússyni sveitarstjóra að hann sé ánægður með undirritunina. „Það er virkilega ánægjulegt að búið sé að ganga frá samningum um framkvæmdina. Þetta er framkvæmd sem við höfum horft lengi til að hefjist og mun hún stórbæta leikskólaaðstöðu á Hofsósi.“ /MPÞ



Kvenfélögin í Flóahreppi: Gáfu hjarta-stuðtæki


Fulltrúar kvenfélaganna í Flóahreppi heimsóttu sveitarstjórn Flóahrepps nýlega til að afhenda Árna Eiríkssyni oddvita gjafa-bréf að andvirði 300.000 króna til kaupa á hjartastuðtækjum fyrir félagsheimilin í Flóahreppi.

Um er að ræða Félagslund, Þjórsárver og Þingborg. Félagsheimilin þjóna samfélaginu, sem íþróttahús, mótuneyti og funda- og veislusalir. Tvö félagsheimilanna eru staðsett á lóð skólanna í Flóahreppi þannig að tækin nýtast einnig fyrir bæði grunn- og leikskóla sveitarfélagsins.

Þess má geta að öll hjartastuðtæk-in eru skráð hjá neyðarnúmerinu 112 og staðsetningin á þeim þannig að ef einhver hringir þangað sem er stutt frá félagsheimilunum í Flóanum þá vita þeir af því hvar tækin eru staðsett og geta látið kalla eftir þeim eða vísað á þau.

Á myndinni, sem Eydís Indriða-dóttir sveitarstjóri tók, tekur Árni á mótí gjafabréfinu úr hendi Guðrúnar Elísu Gunnarsdóttur frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps. Með henni eru þær Ingibjörg Einarisdóttir, Kvenfélagi Hraungerðishrepps og Sigrún Hrefna Arnardóttir, Kvenfélagi Villingaholtshrepps. /MHH

Bændablaðið
Kemur næst út
5. mars



Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Bjóðum einnig
glugga, hurðir og
utanhússklæðningar
sem hæfa þínu húsi



Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabryr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi



Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

FRÉTTIR



Fyrsta vetrarferð hollensku ferðaskrifstofunnar Voigt Travel til Akureyrar var í sl. viku og verða ferðirnar alls 8 fram til 9. mars næstkomandi.

Myndir / Markaðsskrifstofa Norðurlands – Auðunn Nielsson

Akureyrarflugvöllur: Stöðug fjölgun millilandafarþega

Fjölgun millilandafarþega um Akureyrarflugvöll hefur verið mikil undanfarin ár. Samkvæmt tölum Isavia nam fjölgunin árið 2017 24% frá fyrra ári, árið 2018 var fjölgunin enn meiri, eða 70% miðað við fyrra ár, og árið 2019 nam fjölgunin 38% miðað við árið á undan.

Ferðamenn á vegum hollensku ferðaskrifstofunnar Voigt Travel komu í fyrstu vetrarferð ársins til Norðurlands laugardaginn 15. febrúar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Voigt Travel býður upp á beint flug frá Hollandi til Norðurlands að vetrarlági, en ferðaskrifstofan bauð upp á sumarferðir árið 2019 sem vöktu mikla lukku. Þá, eins og á komandi sumri, var flogið frá Rotterdam til Akureyrar en í vetrarferðunum nú er flogið frá Amsterdam. Alls verða farnar 8 ferðir til Norðurlands, tvisvar í viku fram til 9. mars.



Nýverið var ILS aðflugsbúnaður tekinn í notkun á Akureyrarflugvelli og er Transavia fyrsta flugfélagið sem nýtir þennan búnað til aðflugs í reglubundnu millilandaflogi. Ljóst er að slíkur búnaður skiptir miklu máli fyrir flugfélagið, eins og öll önnur flugfélög, og auðveldar

aðflugið til muna frá því sem áður var.

Ferðaskrifstofa Akureyrar hefur einnig boðið upp á ferðir til Amsterdam í samstarfi við Voigt Travel og má með sanni segja að Norðlendingar hafi gripið tækifærið til að skreppa til hollensku höfuðborgarinnar, jafnvel svo mikið að uppselt er í nokkrar flugferðir eða fá sæti laus.

Eins og áður segir mun Voigt Travel áfram skipuleggja sumarferðir til Norðurlands frá Rotterdam, einu sinni í viku frá byrjun júní til loka ágúst, og að auki geta Íslendingar áfram keypt sér ferðir til Hollands í sumar eins og verið hefur.

Kærkomin innspýting í ferðabjónustuna

Fjölgun í heimsóknum erlendra ferðamanna yfir vetrartímann er kærkomin innspýting fyrir ferðabjónustuna á svæðinu. Þá er þessi stöðugi og mikli vöxtur merki um þann árangur sem hefur náðst í markaðssetningu áfangastaðarinnar Norðurlands og undirstrikar mikilvægi þess að ráðist verði í uppbyggingu á Akureyrarflugvelli til framtíðar, segir í tilkynningu frá Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Flugferðir Voigt Travel til Akureyrar nú á næstunni skapa einnig tækifæri fyrir íbúa Norðurlands að skreppa til Amsterdam. Ferðaskrifstofa Akureyrar annast sölu á ferðum frá Akureyri til Amsterdam og hefur þessu framtaki verið vel tekið af heimafólki.

/MPP

Raforkuframleiðsla nýrrar Glerárvirkjunar fram úr björtustu vonum

– Fyrsta leigugreiðslan upp á tæplega 8,7 milljónir afhent

Raforkuframleiðsla nýrrar Glerárvirkjunar gekk mjög vel á fyrsta rekstrarári. Með sama áframhaldi er talið að hún borgi sig upp á 15–20 árum. Akureyrarbær hefur fengið afhenta fyrstu leigugreiðslu vegna virkjunarinnar.

Formleg gangsetning á Glerárvirkjun II, sem Fallorka byggði í Glerá ofan Akureyrar, var í byrjun október árið 2018. Virkjunin framleiðir hreina og endurnýjanlega raforku sem er send beint inn á dreifikerfi Norðurlands á Akureyri. Afl virkjunarinnar er 3,3 MW. Raforkuframleiðsla í fyrsta nam um 26 GWst, sem jafngildir raforkunotkun um það bil sex þúsund heimila.

Göngu- og hjólastígur

Fallorka og Akureyrarbær gerðu með sér samning í september 2013 um uppbyggingu Glerárvirkjunar II. Þar kemur meðal annars fram að Fallorka muni, samhliða lagningu þrýstípu virkjunarinnar, gera um 7 km langan göngu- og hjólastíg frá stöðvarhúsi virkjunarinnar við Réttarhvammi og upp að stíflu virkjunarinnar inni á Glerárdal. Þessi stígur er tilbúinn og einnig göngubrú yfir stífluna. Þannig hefur opnast ný og falleg leið fyrir útivistarfólk um Glerárdal.



Andrea Hjálmsdóttir, stjórnarformaður Fallorku, afhenti Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra á Akureyri, fyrstu greiðsluna við stöðvarhús virkjunarinnar við Réttarhvammi.

Mynd / Akureyrarbær

Fram úr björtustu vonum

Í fyrrnefndum samningi kemur einnig fram að Fallorka skuli greiða til Akureyrarbæjar árlega gjald fyrir leigu á landi sem þarf undir mannvirki virkjunarinnar og fyrir vatnsréttindi í Glerá. Þessi leigugreiðsla er árangurstengd miðað við framleidda raforku og verðmæti hennar á heildsölumarkaði. Reiknuð leigugreiðsla fyrir árið 2019 er 8.660.287 kr.

Ljóst er að raforkuframleiðsla og rekstraröryggi nýrrar Glerárvirkjunar 2 hefur farið fram

úr björtustu vonum. Með sama áframhaldi ætti virkjunin að borga sig upp á 15 til 20 árum.

Fallorka ehf. er að fullu í eigu Norðurlands hf. sem aftur er í eigu Hörgársveitar, Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar. Samanlagður íbúafjöldi í þessum sveitarfélögum sem eiga Norðurlands og Fallorku er rúmlega 22 þúsund manns. Fallorka rekur fjórar vatnsaflsvirkjanir á Eyjafjarðarsvæðinu, þ.e. Glerárvirkjun I og II og Djúpadalsvirkjun I og II. Samanlagt afl þessara virkjana er um 6,5 MW. /MPP

Þrjár viðurkenningar frá Sjávarklasnum

Íslenski sjávarklasinn veitir á hverju ári sérstakar viðurkenningar til fólks eða fyrirtækja sem eft hefur samstarf innan klasans en klasahugmyndafræðin gengur út á að efla samstarf og skapa þannig verðmæti.

Að þessu sinni hlutu þrjár aðilar viðurkenningar, en þeir eiga það sameiginlegt að hafa stuðlað að öflugra samstarfi fólks innan sjávarklasans á Íslandi og stuðlað að aukinni verðmætasköpun í því frumkvöðlasamfélagi sem hefur verið til staðar í Húsi sjávarklasans.

Í fyrsta lagi fékk Sjávarútvegsráðstefnan viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf við að tengja fólk í sjávarútvegi saman með árlegri ráðstefnu sem nú hefur verið haldin í áratug. Í öðru lagi



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi afhenti viðurkenningarnar en á myndinni með honum eru fulltrúar þeirra sem fengu viðurkenningarnar. Það sem einkennir fyrst og fremst þá sem hlutu viðurkenningarnar er að þau hafa hvert á sinn hátt leitt samstarf sem eft hefur frumkvöðlasamfélagið innan Sjávarklasans.

Mynd / Sjávarklasinn

hlaut Spakur ehf. viðurkenningu fyrir ótult starf við að tengja saman fjárfesta og frumkvöðla í klasanum og loks hlaut fyrirtækið Magnea bátar, sem er nýsköpunarteymi um

rafskip í eigu Navis, viðurkenningu fyrir að vekja athygli á mikilvægi umhverfislausna í skiparekstri héraendis og að hvetja til samstarfs um nýsköpun á því sviði. /MHH

Íslendingar með um 46,6% af heimsaflanum í grásleppuveiði:


Heildarveiðin yfir 21 þúsund tonn

Árlegur upplýsingafundur um grásleppumál var haldinn í Kaupmannahöfn 7. febrúar síðastliðinn. Mjög góð þátttaka var á fundinum og þar kom meðal annars fram að heildarveiði á grásleppu í heiminum árið 2019 rúmar 21 þúsund tonn.

Útflutningsverðmæti á grásleppuafurðum árið 2019 frá Íslandi nam 2,8 milljörðum króna. Hlutur Íslands í heildarveiði á grásleppu í heiminum var 46,6%.

Útflutningsverðmæti þeirra þriggja afurða sem fluttar eru frá Íslandi á erlenda markaði nam um 2,8 milljörðum á síðasta ári. Grásleppukavíarinn gaf mestu verðmætin, rúman 1,3 milljarða, söltuð grásleppuhrogn um 850 milljónir og frosin grásleppa rúmar 600 milljónir.

Heildarveiði allra þjóða á árinu 2019 umreiknað í fjölda tunna af söltuðum hrognum losaði 21 þúsund. Á vef Landssambands smábátaeigenda segir að almennt hefi veiðarnar gengið vel hér við



Íslenskir grásleppusjómenn voru með 9.433 tonn af grásleppuhrognum á heimsmarkaðnum á síðasta ári.

Mynd / Vilundur Hansen

land, Grænlandi og Noregi. Þótt lítills háttar aukning hafi verið hjá Nýfundnalendingum á veiðin þar langt í land með að skila því magni sem þar var veitt hér á árum áður.

Alls jókst heildarveiðin um 11% milli ára og skiptist þannig milli þjóðanna:

Ísland 9.433 tonn
Grænland 8.432 tonn
Noregur 1.965 tonn
Nýfundnaland 461 tunna

Danmörk og Svíþjóð 1.000 tonn

Hrogn úr grásleppuafli sem veiðist úti fyrir ströndum Svíþjóðar og Danmörku er að mestu leyti seld á fiskmarkaðum þar sem kaupendur eru fiskbúðir og veitingahús.

Í Danmörku er um árlegan viðburð að ræða þegar grásleppuhrogn koma og eru þau þá sett á matseðla sem sérstakur réttur.

/VH

BYSSA FYRIR GIRÐINGALYKKJUR

Fyrir girðingalykkjur 40-50mm
2X 18V 5Ah rafhlöður
og hleðslutæki.

vnr 94DCFS950P2

150.845 m/vsk

GIRÐINGALYKKJUR

19.504 m/vsk

www.sindri.is
Sími 575 0000

SINDRI

Umferð á Hringvegi:

Verulegur samdráttur í janúar

Gríðarlegur samdráttur í umferð mældist í nýliðnum janúar borið saman við sama mánuð á síðasta ári, fyrir 16 lykilteljara á Hringvegi, en umferðin dróst saman um tæp 8%. Leita þarf aftur til ársins 2012 til að finna meiri samdrátt en þá mældist tæplega 10% samdráttur.

Það sem sker sig úr núna er að samdráttur mældist á öllum landsvæðum en árið 2012 jókst umferð á Austurlandi hins vegar.

Ástæður samdráttar í umferð á Hringvegi árið 2012 er sjálf-

sagt flestum kunn en þá var efnahagskreppa á Íslandi, en nú hins vegar má gefa sér að afar slæm tíð í janúar eigi mesta sök á lítilli umferð, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar.

Umferðin dróst saman á öllum landsvæðum, þó mest um Vesturland, eða um tæp 17%, en minnst um Austurland, eða um 3,5%. Vegagerðarmenn bíða spenntir eftir framhaldinu, þ.e. hvort áfram mælist samdráttur í umferð á Hringvegi eða hvort tekinn verði kippur upp á við.

/MPÞ

Landbúnaður og umhverfi á Suðurlandi Nýir tímar, nýjar áskoranir og ný tækifæri

Málþing Rotarýklúbbs Rangæinga og Landgræðslunnar, 27. febrúar í Gunnarsholti

13:00 Setning málþings. **Ísólfr Gylfi Pálmason**, forseti Rótarýklúbbs Rangæinga

13:10 Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra. **Guðmundur Ingi Guðbrandsson**

13:25 Landbúnaður á tímum loftlagsbreytinga, **Guðrún Tryggvadóttir**, formaður Bændasamtakanna

13:40 Loftslagsvænni landbúnaður. **Borgar Páll Bragason**, fagstjóri nytjaplantna, RML

13:55 Syndaflausnir í kolefnisbúskap. **Stefán Gíslason**, framkvæmdastjóri UMÍS

14:10 Kolefni, moldin og landnýting. **Ólafur Arnalds**, prófessor, LbhÍ

14:25 Grólinn. **Bryndís Marteinsdóttir**, verkefnisstjóri, Landgræðslunni

14:40 Bændur kolefnisjafni sinn rekstur. **Ólafur Eggertsson**, bóndi

14:55 Kaffihlé

15:15 Lífræn efni í landbúnaði.

Magnús H. Jóhannsson, sviðsstjóri, Landgræðslunni

15:30 Breyttar heyverkunaraðferðir, **Finnbogi Magnússon**, búaðknifræðingur

15:45 Kornræktin – framtíðarmöguleikar, **Sæmundur Sveinsson**, fagstjóri í erfðafræði. MATÍS

16:00 Garðyrkjan – framtíðarmöguleikar, **Guðríður Helgadóttir**, starfsmenntanámstjóri

16:15 Umræður

16:45 Fundarslit – **Árni Bragason**, landgræðslustjóri

Sokkar fyrir þá kröfuhörðu

- WorkForce háir sokkar fyrir stígvél (grænir)
- Stærð: 39-45
- Verð kr. 1.600,-**
- HeatHolders vatnsheldir sokkar með öndun
- Sjö sinnum hlýri en venjulegir bómullarsokkar
- Stærð: 39-45
- Verð kr. 4.900,-**

KH Vinnuföt • Nethly 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Lely Center Ísland

KEÐJUR OG KEÐJUVIÐGERÐAREFNI GOTT ÚRVAL

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Streymt verður frá fundinum í gegnum facebooksíðu Landgræðslunnar.
Fundarstjórar: Sveinn Runólfsson og Drífa Hjartardóttir

Tilboð aðeins í febrúar

Uppsetning Höfuðborgarsvæði og N-landi



stærðir: sökkull 120x30 steinn h 57x b 77

INNIFALIÐ : GRAFSKRIFT, LUGT, VASI OG FUGLAR (kopar eða grátt)
BLÓMARAMMI, UPPSETNING Á N-LANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GEYMU STEINA EF ÓSKAÐ ER

495.000 kr
395.000 án blómaramma

**STEINSMÍÐJA
AKUREYRAR**

Njarðarnes 4, Akureyri
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is
minnismerki.is

STEEKUR

Uppruni hafbúa

Hafmeyjar og hafmenn hafa verið viðloðandi þjóðsögur lengur en elstu menn muna en þeirra er fyrst minnst í grískum bókmenntum.

Rómverska skáldið Óvíd segir að hafmeyjar hafi orðið til þegar galeiður Trójumanna brunnu í stríði og timbrið af þeim breyttist í hold og blóð hinna grænleitu dætra sjávar. Írar segja aftur á móti að hafmeyjar séu gamlar og útskúfaðar kerlingar úr bænum St. Patricks. Samkvæmt þjóðsögum frá löndunum við Eystrasalt eru hafmeyjar ungbörn sem drukknuðu og voru dæmd til að lifa í djúpi Rauðahafsins. Hafmeyjar geta einnig lifað í fljótum. Fræg er vatnamærin Lórelei, sem ærir ferjumenn á Rín með söng sínum.

Í bókinni Sjó þættir íslenskra galdramanna segir frá galdramanni nokkrum sem hét Þorvaldur og bjó á Sauðanesi við Eyjafjörð. Vinnukona nokkur var lengi í vist hjá Þorvaldi og mat hann hana mikils. „Maður nokkur var í þingum við vinnukonu þessa, og varð hún barnshafandi af hans völdum. Fékk hún þá svo mikla löngun í nýja ýsu, að hún gat ekki um annað hugsað. Þetta var á áliðnum vetri og fiskilaust við Eyjafjörð, svo sem jafnaðarlega er um það leyti árs. Kvað svo mikið að þessum kenjum stúlkunnar, að hún missti alla lyst á öðrum mat, og var óttast um, að hún mundi svelta sig í hel; þótti húsbændum hennar óvænlega horfast. Eitt kvöld spurði Þorvaldur hana, hvort hún gæti etið nýja ýsu, þótt hún væri úr flórnum, en hún kvaðst mundu geta það, hvaðan sem hún fengist. Svo var það stofunni á Sauðanesi háttáð, að pallar voru í báðum endum, kúr undir pöllum, en flórin undir pallstokknum. Þá tók Þorvaldur fiskiöngul sinn og færi, renndi fram af pallinum ofan í flórin, að því er mönnum sýndist, og kvað vísu. Kona sú, er sagan er eftir höfð, kvaðst hafa heyrt hana ung og ekki numið, en það mundi hún, að öngull og færi var nefnt í vísunni. Að lítilli stundu liðinni dró Þorvaldur spriklandi ýsu á önglinum og kastaði henni til vinnukonunnar. Ekki er getið um, hvort hún hafi etið hana eða ekki, en hitt er almælt, að ekki hafi hana langað jafnmikið í ýsu eftir það og getið þá líka etið annan mat.“

Loðnan er uppsjávarfiskur sem leitar til botns á grunn-sævi til þess að hrynga, en að mestu leyti er hún langt norður í höfum í leit að æti. Fæða loðnunnar eru ýmiss konar sviðfýr, krabbaflær, ljósáta, pílfomar, fiskaegg og seiði. Loðnu er að finna í nyrstu höfum jarðarinnar þar sem hún er mjög útbreidd. Hún er í Hvítahafi, Barentshafi, við N-Noreg, Ísland, Grænland og einnig er hún norðan Kanada. Í Kyrrahafi var talið að um aðra tegund væri þar að ræða, en nú er almennt talið að tegundin sé sú sama. Í N-Atlantshafi og Barentshafi eru fjórir sjálfstæðir loðnustofnar.

Ríflega 29.000 tegundir af fiskum hafa verið greindir í heiminum og er algengt að þeim sé skipt í vankjálka, t.d. steinsugur, brjóskfiska, t.d. háf-fiskar og skötur og beinfiska t.d., þorskur og ýsa. Flestir fiskar eru með kalt blóð, en sumar tegundir eins og háf-fiskar og túnfiskar eru með heitt blóð. /VH

NYTJAR HAFSINS

Íslenskir fiskimenn í norska fiskveiðistjórnunarkerfinu

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Allstór hópur Íslendinga hefur á undanförunum árum haslað sér völl í smábátaútgærd í Norður-Noregi, oft með ágætum árangri. Íslendingar gera nú út 10–15 beitningarvélabáta þar ytra auk margra minni báta.

„Ég býst við að margar ástæður geti verið fyrir því að Íslendingar hafa leitað hingað í norskan sjávarútveg, en fyrst og fremst er það sennilega vegna þess hve kvótinn á Íslandi er dýr og þar af leiðandi erfitt að komast inn í kerfið þar nema hafa aðgang að miklu fjármagni,“ segir Bjarni Sigurðsson, útgerðarmaður í Tromsø í Norður-Noregi, í samtali við höfund þessa pistils.

Bjarni var með fyrstu Íslendingunum sem hófu smábátaútgærd í Noregi fyrir allmörgum árum og gerir nú út einn ellefu metra beitningarvélabát og tvo minni báta frá Tromsø. Hann segir að í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hafi allmargir íslenskir sjómenn ráðið sig sem háseta á báta í eigu Íslendinga í Noregi og sumir þeirra hafi íflengt, stofnað fjölskyldur og reynt síðan að koma sér upp eigin báti með kvóta. „Margir hafa haft samband við mig og spurt hvemig ætti að fara að þessu. Mjög erfitt er að útvega nægilegt fé fyrir báti og kvóta. Þessir menn enda gjarnan í opna kerfinu með bát eingöngu,“ segir Bjarni.

Opna kerfið fyrir alla

Allir sem búsettir eru í Noregi og skráðir sem atvinnusjómenn geta farið inn í opið veiðistjórnunarkerfi sem takmarkast við báta að 11 metrum að lengd. Það var í upphafi hugsað fyrir nýliða og einnig fyrir aldraða sem vilja dunda sér við veiðar í ellinni. Bátum í þessu kerfi hefur farið ört fjölgandi eins og vænta mátti og um síðustu áramót voru þeir orðnir um 2.300 talsins. Hverjum báti er úthlutað kvóta en þar sem tiltölulega lítil þorskkvóti er til ráðstöfunar fyrir hópinn í heild hefur fjölgun bátanna leitt til þess að minna er fyrir hvern og einn. Ög þar við bætist að kvótinn er ekki öruggur því heildarkvótinn er mun minni en samanlagðir úthlutaðir kvótar á bátana, þannig að þegar heildarkvótinn er uppveiddur hafa menn misst þann hluta sem þeir eru ekki búnir að ná á þeim tímamarki. Kerfið yfir því undir kappveiðar.

Að sögn Bjarna hafa Íslendingar náð miklum árangri í þessum hópi því einn stór kostur þessa kerfis er sá að ýsuveiðar eru frjálssar. Þetta hafa margir Íslendingar nýtt sér í miklu ríkari mæli en almennt gerist meðal norskra sjómanna. Sú regla að aðrar tegundir en þorskur séu utan kvóta gildir ekki eingöngu um opna kerfið. Í lokaða kvótakerfinu eru einnig tegundir utan kvóta, svo sem keila og steinbítur. Í opna kerfinu geta menn hins vegar ekki sameinað kvóta. Kvótinn fylgir manningum og bátum og sami maðurinn má ekki eiga fleiri en einn bát á sínu nafni.

Fjórir stærðarflokkar báta

Eitt veigamikilið atriði sem er öðruvísi í norska fiskveiðistjórnunarkerfinu en því íslenska er að kvóta bátaflotans í lokaða kerfinu er deilt niður á fjóra stærðarflokka, báta undir 11 metrum að lengd, báta 11–15 metra, báta 15–21 metra og báta 21–28



Bjarni Sigurðsson var meðal fyrstu Íslendinganna sem hófu smábátaútgærd í Noregi fyrir allmörgum árum. Hann gerir nú út þrjá báta frá Tromsø.



Margir bátanna sem Íslendingar gera út í Noregi hafa verið smíðaðir hjá Trefjum í Hafnarfirði. Einar N-31-O er nýjasta viðbótin í flotann, afhentur Ólafi Einarssyni í Myre í nóvember síðastliðnum.

Mynd / Trefjar

metra að lengd. Á síðustu árum hafa útgerðarmenn fengið að færa kvóta af minni bátum á stærri. Nýtt kvótakerfi sem er til umfjöllunar í norska þinginu setur hins vegar skorður við þeirri þróun. Einhverjar hömlur eru einnig á kvótasölu milli fylkja eða svæða en ekki eins strangar og áður var. Hins vegar er óheimilt að leigja kvóta innan ársins, öfugt við það sem tíðkast á Íslandi.

Meðaflkvóti

Annað sem er öðruvísi í Noregi en á Íslandi lýtur að reglum um meðafla. Það hefur verið vandamál fyrir norska fiskvinnslu að þorskkvótinn er að stærstum hluta veiddur á fyrri hluta ársins þegar þorskurinn gengur upp að ströndinni til hrygningar á vetrarvertíðinni og auðveldast er að sækja hann, enda eru bátarnir yfirleitt ekki tengdir fiskvinnslunum. Að lokinni vertíð er stórum hluta bátaflotans lagt. Til þess að reyna að stuðla að lengra úthaldi svo fiskvinnslan fái hræfni árið um kring hefur verið leyfður frír meðafla allt að 50% í þorski frá vori og út árið. Í fyrra var þessi prósentu 30%. Þetta virkar þannig að ef bátur kemur með 10 tonn af fiski að landi mega 3 tonn vera þorskur utan kvóta. Meðaflakvótinn var 17.500 tonn í fyrra og var dreginn frá heildarkvótanum, sem sagt jafnt af öllum, en kemur sér vel fyrir þá báta sem gera út allt árið.

Samvinna veiðar og vinnsla

Eins og fram kom í upphafi standa Íslendingar að útgerð 10–15 beitningarvélabáta af minni gerðinni í Noregi auk margra lítilla báta. Þeir

Allir sem búsettir eru í Noregi og skráðir sem atvinnusjómenn geta farið inn í opið veiðistjórnunarkerfi sem takmarkast við báta að 11 metrum að lengd.

eru staðsettir á nokkrum stöðum í Norður-Noregi, svo sem í Myre, Gamvik, og Meham, auk Tromsø. Í Gamvik hafa Íslendingar gengið lengst í því að samtvinnva veiðar og vinnslu að íslenski fyrirmynd, sem ekki er algengt í Noregi. Þar í landi hafa sjómenn forgang að kvótanum og fiskvinnslur komast ekki yfir veiðiheilmildir nema með minnihlutaeign eða einhverjum krókaleiðum. Íslendingarnir í Gamvik eru skráðir atvinnusjómenn og engin hindrun fyrir þá að eignast fiskvinnslur. Auk svokallaðra smábáta gera Íslendingar út tvo stærri línubáta með beitningarvéllum frá Honningsvaag.

Öffjölgun í opna kerfinu

Margir bátanna sem Íslendingar gera út í Noregi eru smíðaðir hjá Trefjum í Hafnarfirði. Sá nýjasti þeirra var afhentur Ólafi Einarssyni, útgerðarmanni og skipstjóra í Myre, seint á síðasta ári. Um er að ræða tæplega 15 metra beitningarvélabát, en auk þess gerir hann út annan beitningarvélabát sem einnig var smíðaður hjá Trefjum á sínum tíma. Ólafur skráði síðarnefnda bátinn í opna kerfið snemma árs 2015. Í samtali

við Fiskifrétir í nóvember síðastliðnum lýsir hann reynslu sinni af þróun opna kerfisins. Hann hafi strax fengið 60 tonna þorskkvóta á bátinn og mátt veiða óheft af öðrum tegundum. Síðan þá hafi orðið mikil fjölgun innan opna kerfisins þegar kvótaeigendur hafi séð sér leik á borði, selt frá sér kvóta, farið inn í opna kerfið og fengið 60 tonn á silfurfati. Strax árið 2016 hafi kvótinn verið skorinn niður í 38 tonn á bát og í fyrra hafi hann verið kominn niður í 14 tonn. Ólafur kveðst hafa séð hvert stefndi og því ákveðið að færa sig yfir í almenna kerfið og kaupa kvóta. Verð á kvóta sé lægra en gerist og gengur á Íslandi.


Oll skip eru með svokallaðan grunnkvóta sem þau hafa til fram-búðar en skip stærri en 11 metrar að lengd geta keypt til sín allt að fjóra viðbótarkvóta. Endingartími slíkra viðbótarkvóta er 20–25 ár og að þeim tíma liðnum renna þeir aftur inn í þann kvótaflokk sem þeir komu úr.

Fyrst og fremst fyrir byggðirnar

Í Noregi hefur alltaf verið litið á sjávarútveginn sem undirstöðu byggðar og byggðapróunar í Norður-Noregi og rík áhersla lögð á að halda uppi vinnu í landi. Heildarþorskkvótanum er skipt þannig að 66% ganga til bátaflotans en 34% til togaraflotans. Áður fyrr var togaraflotinn skyldaður til þess að landa afla sínum til vinnslu á ákveðnum stöðum en þróunin hefur í ríku mæli orðið sú að farið var að heilfrysta aflann um borð og selja úr landi til áframvinnslu. Margt bendir til þess að löndunarskyldan sé að syngja sitt síðasta.

Bjarni var að lokum inntur álits á því hvort hann teldi betra, íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið eða það norska.

„Ég er þeirrar skoðunar að norska kerfið sé betra fyrir byggðirnar hér, það er engin spurning, en íslenska kerfið er betra fyrir þá sem náð hafa að safna til sín miklum kvóta og eru í góðum málum með blómlegan rekstur og mikinn hagnað. Íslenska kerfið hefur skarað fram úr hvað heildararðsemi varðar. Það segir sig sjálf að það er miklu ódýrara að vera með fá skip og miklar aflheimildir en að dreifa þessu á marga minni aðila og á tiltölulega óhentugan máta,“ sagði Bjarni Sigurðsson í Tromsø.



Hlutverk Lbhí er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum.

Viðkomandi starfsmenn yrðu hluti af teymi Lbhí sem sinnir kennslu, rannsóknum og nýsköpun á sviði búfjárræktar, jarðræktar og umhverfisrannsókna.



LEKTOR Í BÚFJÁRRÆKT

Laust er til umsóknar starf lektors í búfjárrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí).

STARFSSKYLDUR

- » Ábyrgð á verkefnum og einstaka verkþáttum á sviði búfjárræktar- og umhverfisrannsókna
- » Kennsla á grunn- og framhaldsstigi og leiðbeining nemenda í rannsóknaverkefnum
- » Virk þátttaka í mótun nýrra rannsókna og samstarfsverkefna og öflun styrkja til þeirra
- » Birting ritrýndra vísindagreina

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- » Doktorspróf í búfjárrækt, dýralækningum eða skyldum greinum
- » Þekking á ræktun búfjár á norðlæggum slóðum
- » Reynsla og áhugi á kennslu og miðlun þekkingar
- » Reynsla af rannsóknum og birtingum rannsóknaniðurstaðna
- » Reynsla af alþjóðlegu samstarfi og skýr framtíðarsýn

LEKTOR Í JARÐRÆKT

Laust er til umsóknar starf lektors í jarðrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí).

STARFSSKYLDUR

- » Ábyrgð á verkefnum og einstaka verkþáttum á sviði jarðræktar- og umhverfisrannsókna
- » Kennsla á grunn- og framhaldsstigi og leiðbeining nemenda í rannsóknaverkefnum
- » Virk þátttaka í mótun nýrra rannsókna og samstarfsverkefna og öflun styrkja til þeirra
- » Birting ritrýndra vísindagreina

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- » Doktorspróf í jarðrækt eða skyldum greinum
- » Þekking á ræktun nytjajurta á norðlæggum slóðum
- » Reynsla og áhugi á kennslu og miðlun þekkingar
- » Reynsla af rannsóknum og birtingum rannsóknaniðurstaðna
- » Reynsla af alþjóðlegu samstarfi og skýr framtíðarsýn

Nánari upplýsingar veita Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, guðmunda@lbhi.is sími 433-5000 og Þóroddur Sveinsson forseti deildar ræktunar og fæðu, thorodd@lbhi.is, sími 843-5331. Sótt er um störfin á heimasíðu Lbhí www.lbhi.is/storf.

Umsóknarfrestur er til 2. mars 2020

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra náttúrufræðinga hafa gert. Rektor er heimilt að veita framgang í starf dósents eða prófessors strax við nýráðningu ef umsækjandi uppfyllir viðkomandi hæfnisviðmið.



Loftslagsvænn landbúnaður

Framundan eru námskeið í Loftslagsvænum landbúnaði um allt land. Staðsetningar námskeiðanna hafa verið valdar út frá skráningum í gegnum heimasíðu RML, rml.is. Ennþá er hægt að skrá sig á námskeiðin. Þau verða haldin á eftirtöldum stöðum milli klukkan 10:00 og 16:30 ef næg þátttaka næst.

- 24. febrúar – Hvanneyri (Ásgarður)
- 25. febrúar – Höfn Hornafirði (Nýheimar)
- 26. febrúar – Selfoss (Fræðslunetið)
- 26. febrúar – Egilsstaðir (Hótel Valaskjálfi)
- 27. febrúar – Tjarnarlundur í Saurbæ
- 4. mars – Eyjafjörður (Hótel Natur, Þórisstöðum)
- 4. mars – Hvolsvöllur (Hvoll)
- 5. mars – Sauðárkrúkur (Farskólinn)
- 5. mars – Ísafjörður (Skógræktin (fjarnámskeið))
- 6. mars – Hótel Laugarbakkí í V-Hún
- 10. mars – Kópasker (Fjallalamb)

Á námskeiðunum gefst þátttakendum kostur á að efla þekkingu sína á loftslagsmálum og hvaða aðgerðir eru vænlegar til árangurs svo sem með breyttri landnýtingu, ræktun, áburðarnotkun og fóðrun. Fyrirlesarar á námskeiðunum koma frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðslunni og Skógræktinni.

Kostnaður á einstakling eru 12 þúsund krónur og innifalið er hádegisverður og kaffi. Í framhaldi af námskeiðunum verður auglýst eftir formlegri þátttöku í verkefnum.

Aðeins þeir sem hafa lokið námskeiði í Loftslagsvænum landbúnaði og eru í gæðastýrri sauðfjárrækt geta fengið aðild að verkefnum með tilheyrandi stuðningi sem fjallað verður um á námskeiðunum.

Nánari upplýsingar á rml.is og í síma 516-5000

SOLIS

RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÉLUM



VERÐ NÚ 1.150.000+vsk

SOLIS 26 Verð frá 1.292.000+vsk



200.000kr afsláttur

SOLIS 26 með tækjum
Verð frá 1.872.000+vsk



200.000kr afsláttur

SOLIS 50
Verð frá 2.750.000+vsk



-10%

SOLIS 50 með tækjum
Verð frá 3.750.000+vsk

TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ-TILBOÐ



VÆNTANLEG 75 hp
FRÁBÆRT VERÐ!!
3.750.000 án tækja
4.800.000
með tækjum
*Verð án vsk

ÆTLUM AÐ BJÓÐA
UPPÁ AFSLÁTT AF
HATTAT Í FORPÖNTUN!

VERÐDÆMI:
113 hö 5.850.000+vsk
VERÐ FORPÖNTUN
5.250.000+vsk

VERÐ miðast við að greitt sé 20% við pöntun og 40% þegar vél leggur af stað frá verksmiðju. Eftirstöðvar greiðist við afhendingu.



HATTAT



vallarbraut.is S-8411200 & 8417300 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

Nýtt ræktunartakmark í íslenskri hrossarækt

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í
hrossarækt
thk@rml.is



Á aðalfundi FEIF sem haldinn var á Íslandi í byrjun febrúar var samþykkt nýtt ræktunartakmark fyrir íslenska hestinn. Það var Ísland, ásamt kynbótanefnd FEIF, sem lagði til breytingar á hinum almennu ræktunartakmarkmiðum fyrir íslenska hestakynið og vægistuðlum eiginleikanna í aðaleinkunn. Einnig hefur dómsskali einstaklingsdóma verið uppfærður og var ný útgáfa hans einnig samþykkt á FEIF þinginu.

Almenn ræktunartakmið

Ræktunartakmið í íslenskri hrossarækt er annars vegar skilgreint í almennum markmiðum og hins vegar í sérstökum markmiðum. Hin almennu markmið ná yfir heilbrigði, frjósemi og endingu, þar sem ræktunartakmiðið miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest – hraustan ísliskan hest; liti, þar sem ræktunartakmiðið er að viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum

innan stofnsins og stærð, en hið opinbera ræktunartakmark gefur færi á allmiklum breytileika hvað varðar stærð hrossanna.

Þá fjalla hin sérstöku ræktunartakmið um hver stefnan er innan sköpulags og reiðhestshæfileika. Skilgreining ræktunartakmiðsins fyrir íslenska hestinn felst einnig í þeim eiginleikum sem metnir eru í kynbótadómnum, skilgreiningu úrvalseinkunnar innan hvers eiginleika og vægi hvers og eins eiginleika í aðaleinkunn. Búið er að yfirfara hin almennu og sérstöku markmið og útlista betur hver þau eru. Það hefur verið gert með því að bæta inn lýsingu á hlutverkum hestsins og gera grein fyrir markmiðinu hvað geðslag hestsins varðar. Stefnan hvað bygginguna snertir hefur verið uppfærð með aukna áherslu á byggingarlag sem stuðlar að eðlisgóðri ganghæfni. Þá hefur markmiðið með ganglag hestsins verið skrifað á mun ítarlegri hátt, þar sem æskilegu ganglagi og líkamsbeitingu hestsins er lýst almennt eða óháð gangtegund. Nýjustu útgáfunna af hinum almennu og sérstöku markmiðum má nálgast inn á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, rml.is, undir Kynbótastarf/Hrossarækt. Ræktunartakmiðinu

Vægi einstakra eiginleika:

Sköpulag		Reiðhestskostir	
Höfuð	2%	Tölt	16%
Háls, herðar og bógar	8%	Brokk	9%
Bak og lend	5,50%	Skeið	10%
Samræmi	7%	Hægt stökk	4%
Fótagerð	4%	Greitt stökk	3%
Réttleiki	2%	Samstarfsvilji	7%
Hófar	5%	Fegurð í reið	10%
Prúðleiki	1,50%	Fet	6%
Samtals:	35%	Samtals:	65%

innan hvers eiginleika er lýst í einkunninni 9,5-10 en lýsingu á því má finna í stigunarkvarða einstaklingsdóma sem er birtur á sama stað inni á heimasíðu RML.

Vægi eiginleikanna

Þá hefur vægi eiginleikanna í aðaleinkunn verið breytt og helstu breytingarnar eru í stuttu máli þessar: Vægi reiðhestskostanna hefur verið hækkað úr 60 í 65% og því lögð enn meiri áhersla á ganghæfni hrossanna. Þetta gaf færi á því að hækka heildarvægi grunnangtegundanna (fet, brokk

og stökk) en það er gert til þess að leggja meiri áherslu á hina fjölbæfu hestgerð innan stofnsins, hvort sem hún býr yfir fjórum eða fimm gangtegundum. Hægt stökk er nú skilgreint sem sér eiginleiki. Gæði á hægu stökki hefur verið hluti af einkunn fyrir stökk hingað til en verðmætt er að hægt stökk hafi bein áhrif á aðaleinkunn hrossa. Aðgengilegt er að skilgreina hægt stökk og stökk sem tvo eiginleika þar sem um tvær gangtegundir er í raun að ræða, þrítakta hægt stökk og fjórtakta hratt stökk og er talað um þetta sem tvær gangtegundir í mörgum löndum. Þá hefur vægi á

bak og lend verið hækkað þar sem rannsóknir á tengslum byggingar og hæfileika styðja að leggja meiri áherslu á þennan eiginleika. Þá hefur heiti á vilja og geðslagi verið breytt í samstarfsvilja. Þetta er gert þar sem meiri áhersla er í nýjum skala á þjálni og yfirvegum hestsins. Einnig er skilgreining eiginleikans afmarkaðri í nýjum dómsskala þar sem marga þætti geðslagsins er ekki hægt að meta með góðu móti með sjónmati.

Að lokum, og í raun vægi eiginleikanna óviðkomandi, hefur verið ákveðið að reikna tvær aðaleinkunnir fyrir hvern hest. Auk aðaleinkunnar eins og hún er reiknuð í dag verður sérstök fjörgangseinkunn einnig reiknuð þar sem vægi skeiðs er tekið úr útreikningi á aðaleinkunn og dreift hlutfallslega út á aðra eiginleika hæfileikanna. Þetta er gert til þess að auðvelda samanburð á milli hrossa og gera hann enn áhugaverðari. Þá koma til með að birtast tvær einkunnir til viðbótar fyrir hvern hest í WorldFeng; aðaleinkunn hæfileika og aðaleinkunn, byggðar á fjórum gangtegundum, auk samstarfsvilja og fegurðar í reið. Þetta myndi vera gert fyrir öll hross hvort sem þau sýna skeið eða ekki.



Auglýst eftir umsóknum um fjárfestingastuðning í nautgriparækt

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um fjárfestingastuðning í nautgriparækt. Í samræmi við reglugerð um stuðning í nautgriparækt nr. 1252/2019, VIII. kafla skal umsóknum um fjárfestingastuðning vegna framkvæmda á árinu skilað inn á rafrænu formi á Bændatorginu, <https://torg.bondi.is>, eigi síðar en 31. mars n.k.

Framleiðandi í nautgriparækt sem uppfyllir skilyrði 3. gr. ofangreindrar reglugerðar getur sótt um fjárfestingastuðning.

Markmið stuðningsins er að hraða því að framleiðendur standist kröfur samkvæmt gildandi reglugerð um velferð nautgripa. Fjárfestingastuðningur er veittur vegna framkvæmda sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði nautgripa og aukinni umhverfisvernd. Stuðningur er veittur vegna eftirfarandi framkvæmda:

- Nýframkvæmda.
- Endurbóta á eldri byggingum.

Umsækjendur skulu skila fullnægjandi umsókn innan tilskilins tímafrests. Nauðsynleg fylgiskjöl með umsókn eru:

- Sundurliðuð kostnaðaráætlun og framkvæmdaáætlun með verklýsingu og tímasettri verkáætlun unnin af fagaðila, svo sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.
- Byggingarleyfi eða staðfestingu byggingarfulltrúa um að byggingarleyfis sé ekki krafist vegna framkvæmdar.
- Samþykktar teikningar, ef við á. Drög að vinnuteikningum duga með umsókn ef framkvæmd er ekki hafin. Samþykktar teikningar skulu þó berast eigi síðar en við lokaúttekt.
- Leyfi þinglýstra eigenda jarðar fyrir framkvæmd.

Sé fyrirhugað að framkvæmdir sem sótt er um stuðning fyrir verði framkvæmdar á fleiri en einu ári skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við framkvæmdirnar í heild sinni í verklýsingu, verk- og kostnaðaráætlun.

Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 40% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir eina milljón króna. **Heimilt er að veita stuðning við sömu framkvæmdir til allt að þriggja ára samfelt. Umsækjendur sem hafa hug á að nýta sér þessa heimild þurfa að leggja inn framhaldsumsókn fyrir árið 2020.**

Umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi gögnum, sbr. 27. gr. ofangreindrar reglugerðar, hefur atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið heimild til að hafna.

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytið



Leitað er eftir sérstæðum litamynstrum á hrossum, svipuðum þeim sem hér sjást; rákir á legg (undir t.v.) og rákir á síðu (undir t.h.).

Ljósmyndir / Kristín Halldórsdóttir


Rannsókn á íslenska hestinum: Leitað eftir hrossum með sérstæð litamynstur í feldi

Búvísindamenn í Svíþjóð óska eftir liðsinni hrossaræktenda á Íslandi vegna rannsókna á sérstökum litaafbrigðum í feldi íslenska hestsins.

Við Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar (SLU) í Uppsölum eru nú í gangi nokkrar rannsóknir þar sem íslenski hesturinn spilar stórt hlutverk. Ein af ástæðum fyrir vinsældum íslenska hestsins sem viðfangsefni rannsókna er fjölbreytileiki stofnsins og mikið gagnasafn svipfars- og ætternisskráninga sem safnast hefur síðustu áratugi. Í raun er það einstakt meðal hrossakynja hve stórt og aðgengilegt gagnasafnið er.

Átt þú hross með sérstök litamynstur?

Á næstu misserum fer í gang verkefni sem hefur það að markmiði að greina erfðafraðilegan uppruna



sérstæðra mynstra í feldi hrossa. Með sérstæðum mynstrum er til að mynda átt við ál og rákir á leggjum og síðum álóttra hrossa, dröfnur og/eða bletti á bók einlitra hrossa. Á meðfylgjandi myndum má sjá dæmi um rákir á leggjum og síðum mólólts hross.

DNA-sýni og ljósmyndir

Rannsóknahópurinn sem stendur að rannsókninni leitar nú til áhugasamra eigenda íslenskra hrossa um að leggja fram DNA-sýni úr hrossum sem bera umrætt svipfar. Þátttakan er auðveld en hún felur í sér greinargóðar ljósmyndir af svipfari hrossins og hársýni úr tagli þess til DNA-greiningar.

Þeir sem hafa áhuga á að leggja rannsókninni lið eða hafa frekari spurningar eru hvattir til að hafa samband við Doreen Schwochow (doreen.schwochow@slu.se) eða Heiðrúnu Sigurðardóttur (heidrun.sigurdardottir@slu.se) hjá SLU.

Framkvæmdastyrkir í sauðfjárrækt og nautgriparækt

Frá og með árinu 2017 hafa nautgripabændur átt möguleika á að sækja um framkvæmdastyrki skv. núverandi samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. Sauðfjárbændur hafa síðan getað sótt um samsvarandi styrki frá og með árinu 2018.

Styrkir eru veittir vegna nýframkvæmda eða endurbóta á eldri byggingum. Framkvæmdir sem stuðla að hagkvæmari búskaparháttum, bættum aðbúnaði gripa og aukinni umhverfisvernd eru styrkhæfar. Skilyrði er að heildarkostnaður þarf að ná a.m.k. einni milljón króna án vsk.

Styrkhæfar framkvæmdir geta spannað vítt svið eins og frá endurbótum á gjafa- eða legusvæði gripa yfir í byggingu nýs fjóss. Hægt er að sækja um styrki út á sömu framkvæmdir í allt að þrjú ár, eða þar til að hámarksstuðningi skv. reglugerð- um er náð.




Svarfaðardalur. Mynd / HKr.

- Umsóknarfrestur hjá sauðfjárbændum er í síðasta lagi 15. mars
- Umsóknarfrestur hjá nautgripabændum er í síðasta lagi 31. mars

Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem aðstoðar bændur við umsóknir og gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana. Hægt er að hafa samband í síma 516-5000 eða með tölvupósti á rml@rml.is


Z STÁLGRINDARHÚS

Paulreynd hús við íslenskar aðstæður



6 x 10 x 3 m - 3.900.000 kr. m/vsk.
8 x 20 x 3,5 m - 7.200.000 kr. m/vsk.
10 x 20 x 3 m - 7.600.000 kr. m/vsk.
12 x 30 x 3,5 m - 10.440.000 kr. m/vsk.
18 x 35 x 3 m - 16.200.000 kr. m/vsk.
Innifalið Z stálgrind, 40 mm. PIR yleiningar og teikningar.
ÓEINANGRAÐ 12 x 30 x 3,5 m - 8.100.000 kr. m/vsk.
ÓEINANGRAÐ 18 x 35 x 3 m - 11.300.000 kr. m/vsk.
Innifalið Z stálgrind, óeinangruð trapisu klæðning og teikningar.

TIMBUR EINGAHÚS



Getum bætt við okkur nokkrum einingahúsum í sumar.

Hönnun - efnissala - uppsetning

YLEININGAR - SAMLOKUEININGAR

Veggeiningar 40-220 mm.
Þakeiningar 40-220 mm.

Bjódum bæði steinullar- og PIR einingar.

Afgreiðslufrestur u.þ.b. 4 vikur.

GRÓÐURHÚS

12 m & 15 m breið bogahús. Verð frá 17.000 kr á m²


12x30 m - 6.400.000 kr. m/vsk
12x40 m - 8.400.000 kr. m/vsk

Innifalið eru stálbogar, langbönd, klæðning, rennihurð & teikningar.

Afgreiðslufrestur 8-10 vikur - bjódum einnig uppsetningu!

SMÁHÝSI - 40 M² TIL 100 M²

Smáhýsi úr stálgrind. Fást óeinangruð og einangruð. Verð frá 1.400.000 kr m/vsk.



5 x 8 m - 40 m²
5 x 12 m - 60 m²
5 x 16 m - 80 m²
5 x 20 m - 100 m²

Hægt að velja marga líti, kaupa teikningar, hurðir & glugga með smáhýsum

TÖLVUPÓSTUR

sala@bkhonnun.is

SÍMI

865-9277

VEFFANG

www.bkhonnun.is

BK HÖNNUN

MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR



Deerhunter Muflon Light

Marg verðlaunaður jakki einn af okkar betri jökkum Thinsulate einangrun með Deer-Tex filmu sem gerir jakkann 100% vatns og vindheldan og með góðri öndun

kr. 34.900



Strike göngubuxur
Sterkar buxur í vinnu og leik.
4 way stretch
Hrinda frá sér vatni.
Stærðir 46-60
Svartar.
Brúnar eða svartar.

kr. 12.900



Deerhunter Verdun
Verdun jakkinn er mjög þægilegur og ofur léttur. Hann er með 3M™ Thinsulate™ Platinum föðri og efnid í honum er meðhöndlað þannig að hann hrindir frá sér vatni og óhreindum.

kr. 12.900

Tilboð

Vesturröst

Deerhunter

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is - vesturrost@vesturrost.is

Lely Center Ísland



Baggaspjót

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Bolla! Bolla!
Kornax bolla!

Bökum hinar fullkomnu
rjómbollur með Kornax hveiti

KORNAX
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

FRÉTTASKÝRING

Próun vetnisknúinna ökutækja sögð vera að taka risastökk inn í framtíðina sem gæti skipt Íslendinga miklu máli: Milljarðamæringar og stórfyrirtæki veðja nú á að framtíðin sé í vetnisdrifnum trukkum

– Toyota ásamt bandaríska trukkaframleiðandanum Kenworth hyggst hefja framleiðslu á vetni úr kúamykju í Los Angeles

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Að nýta vetni sem orkumiðil á ökutækjum hefur verið sagt rétt handan við hornið. Hafa margir séð þetta fyrir sér í hillungum í eina sex áratugi. Bílaframleiðandinn General Motors kynnti frumgerð af metanknúnum rafbíl árið 1966. Í kjölfarið rauk upp verð á hlutabréfum í Ballard Power sem var frumkvöðlafyrirtæki í efnarafalstækni. Innleiðing vetnistækninnar lét þó bíða eftir sér, en nú kann að vera vendipunktur á þessu sviði þar sem áhugi stórfyrirtækja og fjárfesta hefur verið vakinn samkvæmt upplýsingum viðskiptaritsins Forbes.

Ef þetta gengur eftir getur það valdið miklum breytingum í flutningum og samgöngumálum á Íslandi. Hér eru tækifæri til að framleiða vetni með hreinni raforku úr fallvötnum landsins og jafnvel vindorku og jarðhita á tiltölulega hagkvæman hátt. Í Bandaríkjunum horfa menn á að nýta sólarorku til að rafgreina vetni úr vatni og lækka kílóverð á vetni úr 14 í 2,5 dollara, eða um rúm 80%.

Í forsetatíð George W. Bush í Bandaríkjunum var dælt skattpeningum í efnarafalssóknir og þróun, en það skilaði innan við 7.500 vetnisknúnum ökutækjum út á götur Bandaríkjanna. Samt halda menn áfram á þessari braut og virðist nú vera að myndast óbilandi trú meðal bílaframleiðenda að vetnisbílar muni spila stórt hlutverk í framtíðinni. Nægir þar að nefna fyrirtæki á borð við Mercedes Benz sem hefur lýst því yfir að leggja verði allt undir í þróun vetnisknúinna rafbíla.

Átján hjóla vetnistrukkur

Trukkaframleiðandinn Nikola Motor hefur líka verið með stórar áætlanir á sviði vetnisbíla og afar háleit markmið. Áætlanir ganga út á að hefja framleiðslu á 18 hjóla vetnistrukkum 2021.

Hefur verið smíðuð frumgerð af vetnistrukk Nikola sem er með 1.000 hestafla mótör. Hann er með léttbyggðan vetnistank sem gerður er úr koltrefjum og á hann að komast yfir 1.200 kílómetra á einni tankfyllingu. Ef nota ætti rafhlöður til að koma bílnum sömu vegalengd myndu þær vege um 2.500 kíló.

Leigusamningur með inniföldu eldsneyti til 1,6 milljón kílómetra aktsurs

Mikið er í húfi að þetta takist og bíður framleiðandi Budweiser-bjórins í Bandaríkjunum nú eftir vetnisdrifnum trukkum frá Nikola. Hefur móðurfélagið, Anheuser-Busch InBev, þegar pantað 800 slík tæki sem fyrirtækið hyggst leigja af framleiðanda með sjö ára samningi og borgar þá 1 milljón dollara fyrir stykkið og er eldsneytið þá innifalið. Samkvæmt almennum leigusamningnum sem birtur hefur verið fylgir vetniseldsneyti sem duga á til að aka hverjum bíl um 1.600.000 km vegalengd, eða milljón mílur. Eiga trukkarnir að flytja bjór frá verk-



Maðurinn á bak við Nikola Motors er vetnisáhugamaðurinn Trevor Milton.

smíðju á vesturströndinni til dreifingarstöðva í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. Ef þetta gengur allt upp bíða forpantanir á Nikola-trukkum sem verðmetnar eru á 10 milljarða dollara frá fyrirtækjum eins og flutningafyrirtækinu U.S. Xpress.

Að frumkvæði milljarðamæringans Trevor Milton

Hefur Nikola Motor verið að afla fjár og samstarfsaðila til að setja í gang framleiðslu á vetnisknúnum ofurtrukkunum sínum á næsta ári 2021. Er það verkefni undir forystu milljarðamæringans og vetnisáhugamansins Trevor Milton. Reyndar ganga áætlanir hans út á að framleiða 25 vetnistrukka þegar á þessu ári og 400 stykki á því næsta.

Hefur hann þegar safnað, samkvæmt frétt Forbes, um 500 milljónum dollara hjá fjárfestum á borð við þungavinnuvélaframleiðenda í Evrópu. Þar má nefna CNH



FLIRT H2 vetnisknúinn lest frá svissneska framleiðandanum Stadler. Taka á slíka lest í notkun í Bandaríkjunum 2024.



Kenworth Truck Company í Las Vegas í Nevada er komið í samvinnu við Toyota um hönnun og framleiðslu á 10 mengunarlausum Kenworth T680 trukkum sem knúir verða með vetnisefnarafal frá Toyota. Vetnið verður framleitt úr kúamykju í nýrri vetnisstöð í Los Angeles.



Nikola One er frumgerð af 18 hjóla vetnistrukk Nikola Motors sem er með 1.000 hestafla mótör. Hann er með léttbyggðan vetnistank sem gerður er úr koltrefjum og á hann að komast yfir 1.200 kílómetra á einni tankfyllingu.

Industrial-samsteypuna sem framleiðir m.a. hinar þekktu New Holland dráttarvélar. Þá er þýski tæknirísinn Bosch líka sagður í þessum hópi og áhættufjárfestingasjóðurinn ValueAct. Einnig er þar að finna suður-kóreska sólorukufyrirtækið Hanwha, norska orkufyrirtækið Nel Hydrogen og málmiðnaðarfyrirtækið Worthington Industries.

Trevor Milton telur sig þurfa um einn milljarð dollara til að geta byggt verksmiðju fyrir vetnisbílaframleiðsluna í Coolidge í Arizona og opnað tíu vetnisstöðvar í Kaliforníu og Arizona. Ef allt gengur upp áætlað Milton að vera kominn með 8 tonna framleiðslu af vetni í vetnisstöðvum sínum daglega árið 2022. Allt það vetni á að framleiða með endurnýjanlegri raforku og þá væntanlega sólarorku. Þetta vetni á að duga fyrir 250 trukkum svo greinilegt er að hann ætla ekki að vera einn að framleiða vetni fyrir þann flota sem fyrirhugað er að smíða.

Áætlanir hans ganga einnig út á að kostnað-

ur við framleiðslu á hverju kíló vetnis lækki stórlega. Í orku er eitt kg vetnis sagt samsvara einu galloni af dísilólíu (um 4,5 lítrum). Smásöluverð á vetni í Kaliforníu er nú sagt vera um 14 dollara kílóíð, en Milton hyggst koma verðinu niður í 2,5 dollara á kg. Þá miðar hann við að færa mjög út kvíarnar í vetnisframleiðslunni og vera búinn að reisa 700 vetnisstöðvar vítt og breitt um Bandaríkin fyrir árið 2028.

Fyrsti vetnistrukka-milljarðamæringur heims?

Samkvæmt frétt Forbes var 250 milljóna dollara fjárfesting CNH stórt skref fyrir Milton við að gera alvöru úr sínum áætlanum. Fyrirtæki hans Nikola er nú metið á 3 milljarða dollara. Sjálfur á Milton 40% í fyrirtækinu. Sjálfur er hann metinn á að minnsta kosti 1,1 milljarð dollara í Forbes. Veðjar blaðið á að Trevor Milton eigi eftir að verða fyrsti vetnistrukka-milljarðamæringur heimsins. „Þetta snýst ekki



bara um að smíða einn hlut. Þetta snýst um að geta raunverulega komið með framleiðslu sem getur keppt við dísilknúinn ökutæki og unnið þá keppni,“ segir Trevor Milton.

Elon Musk telur hugmyndir Milton vera heimsku

Rafbílaframleiðandinn Elon Musk, sem hefur vegnað vel að fá bandaríska bíleigendur til að skipta úr bensínknúnum ökutækjum í rafbíla, hefur kallað hugmyndir Trevor Milton ýmsum ónefnum eins og „bjánasellur“ eða fool cells“. Þá hefur hann sagt það vera heimsku að ætla sér að nota vetni til að knýja ökutæki, en Forbes segir að sannarlega líti nýting vetnis út fyrir að vera minna heimskuleg hugmynd þessa dagana. Þá segir blaðið að uppgangur á nýtingu sólarorku í suðurríkjum Bandaríkjanna geti nýst vel til að framleiða vetni úr vatni á ódýran hátt. Þá verði líka að hafa það í huga að rafhlöður henti illa til notkunar á löngum leiðum, ekki síst vegna þyngdar og langs endurhleðslutíma.

Stórir bílaframleiðendur stökkva á vetnisvagninn

Trevor Milton er langt frá því eini áhugamaðurinn um framgang vetnisknúinna ökutækja. Eins og sagði í grein Forbes kynnti bílaframleiðandi General Motors frumgerð af metanknúnum rafbíl árið 1966. Í kjölfarið rauk upp verð á hlutabréfum í Ballard Power sem var frumkvöðlafyrirtæki í efnarafalstækni. Rauk verð hlutabréfa úr 140 dollurum í 2.000 dollara. Innleiðing vetnistækninnar lét þó bíða eftir sér og féll verð á bréfum í fyrirtækinu og hefur það um skeið rokkað í kringum 5 dollara á hlut, en kannski fer það að breytast, því að á árinu 2019 er ætluð að bílaframleiðendurnir GM og Honda opni 85 milljóna dollara efnarafalaverksmiðju í Michigan í Bandaríkjunum.

Þá hefur Hyundai Group í Suður-Kóreu sett 6,7 milljarða dollara í sitt vetnisverkefni. Kynnti Hyundai frumgerð af vetnisknúnum trukk í Atlanta í Bandaríkjunum í



Vetnistrukurinn HDC-6 Neptune sem Hyundai kynnti í Bandaríkjunum undir lok síðasta árs. Hann á að koma á göturnar þar í landi 2024.

október síðastliðnum sem nefndur er „HDC-6 Neptune hydrogen fuel cell truck“. Áætlað er að slíkir bílar geti verið komnir á göturnar í Bandaríkjunum 2024. Eins keypti vélaframleiðandinn Cummins í júlí á síðasta ári orkusellufyrirtækið Hydronics fyrir 290 milljónir dollara svo eitthvað sé nefnt.

Toyota hyggst framleiða vetni úr kúamykju

Toyota hyggst opna áhugavert fyrirtæki á athafnasvæði Long Beach-hafnar út frá sjónarhóli bænda. Þar er um að ræða „endurvinnslufyrirtæki“ sem á að framleiða vetni úr kúamykju. Vetnið á svo að nýta til að knýja vetnistrukka sem framleiddir verða í samvinnu við truckaframleiðandann Kenworth.

Á heimasíðu Kenworth Truck Company í Las Vegas í Nevada var greint frá samstarfi fyrirtækisins og Toyota þann 8. janúar síðastliðinn. Þar segir að samvinnan snúist um hönnun á 10 mengunarlausum Kenworth T680 truckum sem knúnir verða með vetnisefnarafal frá Toyota. Þetta sé hluti af 41 milljónir dollara samningi um verkefnið „Zero and Near-Zero Emissions Freight Facilities (ZANZEFF)“. Hefur þetta verkefni hlotið viðurkenningu California Air Resources Board (CARB), með stuðningi Port of Los Angeles. Þá segir að þetta sé hluti af enn stærra 82 milljóna dollara verkefni sem snýst um að vetnisvæða dráttarvélur og koma upp innviðum fyrir vetnisafgreiðslustöðvar og flutninga á vetni í samvinnu við höfnina í Los Angeles þegar á þessu ári.

Kenworth T680 truckarnir eiga að vera í akstri á Los Angeles svæðinu og inn í land til borga eins og Ontario og San Bernardino „Þetta er frábært samvinnutækifæri fyrir Keng Toyota við rannsóknir og þróun á mengunarlausri tækni sem mun spila stórt hlutverk í flutningum framtíðarinnar,“ segir Mike Dozier, forstjóri og stjórnarformaður PACCAR tæknifyrirtækisins, sem er móðurfélag truckaframleiðandanna Kenworth, DAF og Peterbilt.



Vetnisknúinn BMW.

Gagntekin frá barnæsku

Trevor Milton hefur verið gagntekinn af hreyfiafli hluta síðan hann var 6 ára í lestarferð sem þabbi hans skipulagði. Hann fór í framhaldsskóla í Utah en gafst upp eftir sex mánuði. Í ferð með mormónum til Brasilíu fór hann að hugsa um þessi mál í viðara samhengi, einkum út frá umhverfisfræðilegum sjónarmiðum. Árið 2010 stofnaði hann fyrirtækið Hybrid Systems í Salt Lake City til að hanna metangaseldsneytiskerfi fyrir trucka. Hann seldi það fyrirtæki til Worthington árið 2014 og gekk til liðs við Mark Russel, fyrrum læriföður sinn í Worthington trucka-



Vetnisknúinn Mercedes Benz.

verksmiðjunum, og stofnuðu þeir Nikola Motor.

Hraðari breytingar í vetnisþróun en búist var við

Breytingarnar eru að verða að veruleika segir Forbes og sennilega mun hraðar en framleiðendur dísl-trukka hafa búist við. Þá bendir blaðið á að Evrópusambandið hafi verið að herða mengunareglur sem gætu leitt til bans á díslbílum fyrir árið 2030. Kalifornía sé með svipuð áform. Þá segir að Milton telji sig nú hafa þriggja til fimm ára forskot á keppinautana til að vera kominn með trucka án mengandi útblásturs tímanlega til að mæta hertum kröfum.

Vetnisknúnar járnbrautir

Fjölmargir framleiðendur aflvéla í stærri farartæki virðast hafa tekið stefnuna á þróun vetnisknúinna efnarafala og rafmótora í drifbúnað. Hafa þegar verið teknar í notkun vetnisknúnar járnbrautarlestir í Þýskalandi og fleiri slíkar eru á teikniborðinu, m.a. í Bandaríkjunum og Sviss. Þá virðast margir truckaframleiðendur vera að feta sig inn á þessa braut.

Framleiðendur einkabíla fylgdu í fótspor Elan Musk, framleiðanda Tesla, við að markaðssetja rafbíla búna endurhlaðanlegum Lithium-Ion rafhlöðum. Fljótlega varð ljóst að rafhlöður væru bæði of dýrar, of þungar og seinlegar í endurhleðslu til að geta hentað vel í þung og mikil atvinnutæki. Lausnir virðist þar vera að nota efnarafala sem umbreytir vetni í raforku.

Áætlað er að taka fyrstu mengunarlausu járnbrautarlestina í Bandaríkjunum í gagnið 2024. Það er samkvæmt verkefni sem kallað er ýmist „Hydrail“ eða „Redlands Passenger Rail Project“ og mun lestin verða staðsett á leiðum í Suður-Kaliforníu. Þar ráðgera samgöngufyrirvöld í San Bernardino að fá FLIRT H2 lest frá svissneska framleiðandanum Stadler. Í byrjun verða tveir vagnar í þessari vetnislest og verður vetnisgeymum komið fyrir á þaki vagnanna líkt og gert var í vetnisknúnu tilraunastrætisvögnunum í Reykjavík. Þessir vagnar eiga að ganga á 9 mílna (um 15 km) löngu spori á milli San Bernardino og Redlands. Samkvæmt heimildum SBCTA (San Bernardino County Transportation Authority) mun verkefnið kosta 23,5 milljónir dollara.

Franska fyrirtækjasamsteypan Alstrom er þegar með vetnisknúna Coradia iLint lest í gangi í Þýskalandi. Ráðgert er að koma í notkun fleiri slíkum lestum í Frakklandi. Þá er horft á notkun lestarvagna frá Stadler í Bretlandi. Kínverjar tóku sína fyrstu vetnisknúnu járnbrautarlest í gagnið 2015, en þar veðja yfirvöld á aukna notkun vetnislesta.

Trukkaframleiðendur undir mikilli pressu um að draga úr losun CO₂: Mercedes Benz býst við að vetni verði eldsneyti framtíðarinnar

–Þróun gasknúinna trucka verður hætt en áhersla lögð á raf- og vetnisbíla

Daimler AG, móðurfélag Mercedes Benz, mun hætta þróun gasknúinna trucka og þess í stað snúa sér að raf- og vetnisknúnum bílum. Markmið Daimler er að ökutækjaframleiðsla fyrirtækisins verði með kolefnishlutlausum aflvéllum á helstu mörkuðum fyrirtækjasamsteyppunnar fyrir 2039.

Mercedes Benz vinnur nú að þróun rafknúinna stórra trucka eins og eActros, sem áætlað er að hefja framleiðslu á 2022, samkvæmt frétt Bloomberg undir lok síðasta árs. Áætlað er þar greinilega ekki að sitja eftir í samkeppninni um rafbíla en rafbílaframleiðandinn Tesla hafði áður gefið það út að það hyggt setja á markað truck í takmörkuðu upplagi á árinu 2020.

Vetnisknúin bílar í lok næsta áratugar

Yfirmaður truckaframleiðslu Mercedes Benz, Martin Daum, sagði á ráðstefnu í Berlín í október að það þjónaði engum tilgangi að eyða peningum í eitthvað sem þjónaði ekki langtíamarkmiðum fyrirtækisins. Þar nefndi hann sérstaklega þróun gasknúinna bíla sem keyrðu á jarðgasi. Hann sagði þó ekkert um notkun á lífrænu gasi sem m.a. er framleitt í landbúnaði, en að grunni til er um sömu vél-tækni að ræða. Með notkun á lífgasi (Bio-gasi) er nefnilega líka verið að framkvæma hlutleysi í losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem gasi sem annars færi út í andrúmsloftið er brennt í vélunum.

Sagði Daum að vetnisknúin ökutæki ættu að vera orðin frambærileg í lok komandi áratugar.

Er þessi vegferð þegar hafin hjá Daimler en Benz setti í gang fjöldaframleiðslu á rafknúnum borgarrútum á árinu 2018. Þá var sýnd á Tokyo Motor Show í Japan



Rafknúinn eActros frá Mercedes Benz.

frumgerð af Fuso truck sem knúinn er vetnisknúnum efnarafal, en Fuso er vörumerki sem Benz á í Asíu.

Misvísandi yfirlýsingar en veðja á vetnið

Reyndar er þetta ekki í fyrsta skipti sem menn taka snarsnúninga í opinberri umræðu um þróun aflvéla. Virðast yfirlýsingarnar talsvert hafa sveiflast í takt við þann áheyrindahóp sem menn eru að tala við hverju sinni og hvað fólk vill heyra. Um tíma voru menn búnir að leggja vetnishugmyndir að mestu á hilluna, en nú hefur rykið greinilega verið dustað aftur af gömlu hugmyndunum. Þá virðist ljóst að bílaframleiðendur telja rafknúna stóra bíla einungis vera tímabundinn möguleika á meðan beðið verði eftir að vetnistæknin verði nógu góð. Ástæðan er sá tími sem fer í að hlaða risastóra rafgeyma í bílunum.

Vetnisbílar eru líka rafmagnsbílar

Segja má að það sé rökrétt hjá Benz að veðja á þessa tvo kosti

samhliða, því mótora og drifbúnaður er nánast sá sami í báðum tilvikum. Í rafbílnum eru það bara rafhlöður sem geyma raforkuna sem til þarf, en í vetnisbílnum er rafmagnnið fyrir mótora framleitt með vetnisknúnum efnarafal. Reyndar hafa bílaframleiðendur líka verið að þróa sprengihreyfla sem ganga fyrir vetni sem gæti verið þriðji kosturinn.

Íslendingar í góðum málum

Ef þetta gengur eftir er ljóst að Íslendingar munu verða þar í góðum málum hvað varðar orku á ökutæki og skip. Þá gildir einu hvort um er að ræða rafknúin og/eða vetnisknúin farartæki.

Fram kemur í frétt Bloomberg að yfirlýsingar ráðamanna Benz séu m.a. taldar stafa af því að fyrirtækjasamsteypan hafi ekki verið að standa sig í samkeppninni um framleiðslu hagkvæmra trucka eins og frá Volvo og fleiri framleiðendum. Martin Daum segir einfaldlega að ef menn ætli að framleiða ökutæki sem gefi ekki frá sér neim mengandi útblástur þá sé bara um tvo orkugjafa að ræða, rafmagn og vetni. /HKr.

YLEININGAR

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁL-KLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.


Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjakklaðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

BALEXMETAL



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

TÆKNI & VÍSINDI



Vetnisknúna ofursnekkja AQUA þykir afar sérstök í útliti og á að verða 376 fet að lengd. Myndir / Sinot Yacht Architecture & Design

Vetnisknúin ofursnekkja

Fréttir af 376 feta vetnisknúinni ofursnekkju hafa flogið um netmiðla að undanförunu þar sem fullyrt er að Bill Gates, stofnandi Microsoft, hafi lagt 600 milljónir dollara í smíðina og skipið sé hannað af Sinot Yacht Architecture & Design og Lateral Naval Architects. Sagan um aðkomu Bill Gates að málinu mun þó ekki vera alls kostar rétt, en hugmyndin að smíði vetnisknekkju er þó sönn og var hugmyndin kynnt á ofursnekkjusýningu í Mónakó í fyrra.

Sinot Yacht Architecture & Design, eða SINOT eins og fyrirtækið er kallað í daglegu tali, sendi frá sér yfirlýsingu þann 10. febrúar þar sem þvertækið er fyrir að fyrirtækið hafi gert samning við Bill Gates um sölu á vetnisknúinni snekkju sem nefnd er Aqua. Eigi að síður var hugmyndin að slíkrri snekkju kynnt á bátasýningunni Monaco Yacht Show 2019. Í yfirlýsingu Sinot er skýrt tekið fram að vetnisverkefnið Aqua sé ekkert tengt Bill Gates, né



Líklega gæti metnaður milljarðamæringa með fulla vasa fjár gert smíði vetnisknúinnar ofursnekkju að veruleika.

lega lítil að mati Forbes, ef miðað er við að mögulegur kaupandi sé ofurmílljarðamæringur með mikla framtíðarsýn, ástríðu, reynslu og hugrekki til að fara út í að byggja upp vetnisknúna ofursnekkju sem aldrei hafi verið gert áður.

Hins segir að það líti út fyrir að hönnuðurinn Sander Sinot hafi hugsanlega fangað eldingu í flösku þegar honum datt þetta í hug.

„Í hverju verkefni skora ég á teymi mitt og sjálfan mig að gera betur en við höfum nokkru sinni gert áður,“ útskýrir Sinot.

„Við þróun AQUA fengum við innblástur frá lífsstíl hyggins, framsýns eiganda, um að nýta fjölbærni vatns og nýjustu tækni til að sameina það í 376 feta ofursnekkju sem drifin yrði af fljóttandi vetni og efnarafal. Þar yrði stuðst við byltingarkennda tækni, svo og góða hönnun og fagurfræði.“

Raforka framleidd úr vetni sem knýr allan búnað skipinu

Raforkan, sem framleidd er úr vetninu með efnarafal, verður bæði notuð til að knýja skráðu snekkjunnar sem og allan annan búnað í skipinu. Stórar rafhlöður verða einnig um borð til að beita til orkumiðlunar þegar á þarf að halda. Með því að framleiða raforku með efnarafal og nýta rafmótora til að snúa skipskrúfunni, þá verður skipið eins hljóðlát og mögulegt er.

„Ímyndaðu þér AQUA úti á rúm-sjó að ryðja frá sér vatni með vatni,“ segir Sander Sinot.


„Með 17 hnúta hraða og drægni upp á um 3.750 sjómílur gæti AQUA verið í fararbroddi ofursnekkjanna.“

Forbes segir að það sé frekar auðvelt að ímynda sér að Bill Gates sé nokkuð spenntur fyrir svoleiðis hugmynd.

Eins og sjá má á myndum sem teiknaðar hafa verið af AQUA eru nýjungar ekki bara bundnar við vélarrúmið. Svíta eigandans, sem tekur við fremri hluta efri þilfarsins, er staðsett á opnu svæði með samtengdum rýmum sem skipt er upp með fingerðu tréverki. Stórir gluggar veita ótrúlegt útsýni og náttúrulega birtu inni í skipinu. /HKr:

Byggt á takmarkalausum ímyndunaraflum

Í Forbes var umfjöllun um málið þann 9. febrúar síðastliðinn. Þar segir að kynningin á 376 feta langri, vetnisknúinni ofursnekkju [superyacht] frá SINOT, sem nefnd er AQUA, hafi vakið mikla athygli á sýningunni í Mónakó. Var þar byggt á takmarkalausum ímyndunaraflum í hönnun. Snekkjan sé þó tiltölu-



Vistkerfi neðansjávar þar sem tilraunir eru gerðar á ræktun grænmetis og ávaxta í verkefni Nemo's Garden. Myndir / Ph Skull Photos

Landbúnaður stundaður neðansjávar

Árið 2012 fékk kafarinn og garðyrkjuáhugamaðurinn Sergio Gamberini, eigandi fyrirtækisins Ocean Reet Group, hugmynd að því að rækta kryddjurtir neðansjávar á sjálfbæran hátt. Í byrjun hugsaði hann um basil kryddjurtina, sem er mest notuð í pestó, og úr varð að hann hóf tilraunir sínar neðansjávar undir merkjunum Nemo's Garden.

Eins og flestar kryddjurtir þarf basil verndað umhverfi í sól með vel ræstum jarðvegi og stöðugt og jafnt hitastig. Sergio hófst handa með aðstoð félaga sinna í Ocean Reet Group og sókkti gegnsæju lífríki 20 fetum fyrir neðan yfirborð sjávar, fyllti þau með lofti og síðan hófst tilraunaverkefnið með ræktun neðansjávar.

Ekkert skordýraeitur

Með kerfi sínu sá Sergio fyrir sér að það gæti komið í stað erfiðleika við notkun á skordýraeitri en hið lokaða vistkerfi sem myndast inni í lífríkinu er vel verndað gegn árás sníkjudýra. Hann notar því ekkert skordýraeitur við framleiðsluna og er hið vistfræðilega umhverfi lokað fyrir vatni sjávar sem kemur í veg fyrir truflun á vistkerfi þess síðarnefnda. Þegar kemur að gróðuráburði er náttúrulegum vökva bætt



Vistkerfið, sem sókkt er 20 fetum fyrir neðan yfirborð sjávar, fær góða loftun en áskoranir eru að koma ferskvatni inn á stöðvarnar.

í mismunandi undirlög eða í vatnsaflskerfin til að gefa eitt eða fleiri næringarefni til plantanna, sem er nauðsynlegt fyrir vöxt þeirra.

Mismunandi tegundir grænmetis

Sergio kannar nú möguleikann á því að framleiða áburð úr þörungum beint úr sjónum þar sem neðansjávar-garðyrkjuræktunarstöðinni er komið fyrir. Endurbætur í stjórnun vatns fyrir landbúnað eru kjarnaefni verkefnisins Nemo's Garden. Vegna hitastigsbreytinga á loftinu innan vistkerfisins og sjáv-

arvatnsins umhverfis þess gufar vatnið upp á botni vistkerfisins og þéttir auðveldlega innra yfirborðið. Þar sem stöðin neðansjávar þarf vatn utan frá til að virka fyrir plönturnar óskar Sergio eftir að vera með sínar stöðvar sem lengst frá öðrum stöðvum sem þurfa ferskvatn, eins og eldisstöðvar fyrir fisk sem dæmi. Enn sem komið er eru ákveðnar takmarkanir við verkefnið og hvað sé hægt að rækta neðansjávar og því er Sergio enn á tilraunastigi með hugmynd sína en þróar sig áfram með mismunandi tegundir grænmetis og ávaxta eins og staðan er í dag. /ehg



Sergio og teymi hans kanna nú hvernig ræktun jarðarberja kemur út neðansjávar.



Deici Appolo 26,6 skotbómulyftari

Lyftigeta 2,6 tonn með 5,7 metra bómu

Kr. 6.950.000.- án vsk

Búvís
Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



HVAMM SHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAD SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMM SHOLAR.IS

VELFERÐARSJÓÐUR BÍ AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Allir félagsmenn **Bændasamtaka Íslands** teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um:

- # **Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss.**
- Útlagður launakostnaður, verktakgreiðslur og sambærilegur kostnaður sem leiðir af óvinnufærni.
- # **Styrki til forvarnarverkefna.**
- Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.

Nánari upplýsingar á bondi.is og umsóknareyðublöð má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 10. mars nk. á netfangið: velferdarsjodur@bondi.is.

 Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík

Fagfundur sauðfjárræktarinnar 2020
-haldinn af fagraði í sauðfjárrækt

Fundurinn fer fram í Bændahöllinni föstudaginn 28. febrúar frá kl. 12.15 til kl. 17.00

KYNBÓTASTARF

Af starfi fagraðs – Gunnar Þórarinnsson, form. fagraðs í sauðfjárrækt
Ræktunarmarkmið fyrir forystufé – Eyþór Einarsson, RML
Sauðfjársæðingar – hvað getum við lært af Norðmönnum? – Sveinn Sigurmundsson, BSSL
Áherslur í sauðfjárrækt

- Jóhannes Geir Gunnarsson, Efri-Fitjum
- Elín Heiða Valsdóttir, Úthlið

FÓÐRUN, FRJÓSEMI OG AFURÐIR

Áhrif aldurs áa, þunga, holda og framleiðsluára á frjósemi – Jóhannes Sveinbjörnsson, LbbÍ
Frjósemi og fóðrun sauðfjár – Árni B. Bragason, Eyþór Einarsson, Kristján Eymundsson og Lárus G. Birgisson, RML
Áhrif þess að ær skili lambi veturgamlar á afurðir þeirra síðar á ævinni – Þórdís Karlsdóttir
Hlé
Verðlaunaafhending sæðingastöðvanna

SJÚKDÓMAR OG HEILBRIGÐI

Sauðfjársjúkdómar á Norðurlöndum – NORSE fundur í Sandnes, Noregi 24.-25. febrúar 2020 – Charlotta Oddsdóttir, Keldum
Þróun í útbreiðslu og tegundasamsetningu lungnaorma á síðustu 30 árum – Hrafnkatla Eiríksdóttir
Myndrænt leiðbeiningaefni um burðarhjálp – opið fyrir alla – Karólína Elísabetudóttir, Hvammsblið

SAUÐFJÁRRÆKT OG LOFTLAGSMÁL

Metanlosun í sauðfjárbúskap – Hanna Valdís Guðjónsdóttir
Graslendi, sauðfjárbúskapur og kolefnisbinding – Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Háskólinn á Hólum
Loftlagsvænn landbúnaður – Borgar Páll Bragason, RML

 Landssamtök sauðfjábenda

 RML
RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINNS

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR FRÁBÆR VERÐ

John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



BETRA START

MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir dráttarvéla. Veldu þau reynda vöru frá gæðaframleiðanda.



  | 

Ráðgjafar Olís og Rekstarlands veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða pontun@olis.is.

Elín Svafa Thoroddsen er ein af Geysisfjölskyldunni í Haukadali:

Rekur glæsihótel ásamt stórfjölskyldunni á uppeldisslóðum Ara fróða

– Í glænýju 77 herbergja Hótel Geysi er mikil áhersla lögð á að nota afurðir beint frá bónda

Geysir í Haukadali er einn af allra, allra vinsælustu ferðamannastöðum landsins enda umsvifin í ferðaþjónustu á staðnum mikil og alltaf verið að bæta í í því sambandi. Nýjasta byggingin á svæðinu var tekin í notkun síðasta sumar en það er glæsilegt hótél með 77 herbergjum, þar af 6 svítum. Öll herbergin eru með fallegu útsýni yfir sveitina. Þar er áhersla líka lögð á að nota afurðir beint frá bónda.

Elín Svafa Thoroddsen er ein af Geysisfjölskyldunni og settist hún niður með blaðamanni til að fara yfir sögu svæðisins, stöðuna í dag og framtíðina. Elín er kona Sigurðar Mássonar frá Geysi en hann er sonur þeirra Sigurðar Vilhjálmssdóttur og Más Sigurðssonar, sonar Sigurðar glímukóns Íslands, sem var frumkvöðull í uppbyggingu ferðaþjónustu í Haukadali. Þau eiga fjórar dætur en þær eru: Sara Jasmín, 18 ára, Saga Natalia, 8 ára, Emelía Ísöld, 5 ára og Antonía Elín, 4 ára.

Með embættispróf í lögfræði

- En hvar er Elín Svafa upprunnin?

„Ég er fædd í Reykjavík en flutti síðan í Garðabæinn þar sem ég bjó þangað til ég flutti á Geysi í Haukadali árið 2010. Eftir útskrift úr Verslunarskóla Íslands hóf ég nám í lögfræði. Ég útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2008. Lokaritgerðin mín var á sviði mannréttinda í viðskiptum og bar titilinn: „Responding to the human rights challenges of being a foreign owned Internet company in China.“

Áhugasvið mitt í lögfræði er á sviði mannréttinda í viðskiptum. Ég starfaði sem lögfræðingur eftir útskrift hjá embætti Tollstjóra en meðfram námi starfaði ég hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði og hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Í dag starfa ég hjá Hótel Geysi og hef gert það núna í tíu ár.

Þekking mín og reynsla úr lögfræðinni nýtist vel í rekstri fyrirtækisins og hef ég komið að ýmsum störfum innan fyrirtækisins, til dæmis markaðsmálum og fjármálum. Ég sit einnig í stjórn Geysir Glímu sem og í stjórn Hótel Geysis,“ segir Elín.

Foreldrar hennar eru þau Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar/Framtaks og Ástríður H. Thoroddsen, formaður skólastjórnar Hússtjórnarskólans í Reykjavík og stjórnarkona og ritari mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Systkini Elínar eru þau Eyjólfur Már Thoroddsen, ljósmyndari og eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Arctic Advanced, og Bryndís Erna Thoroddsen, félagsráðgjafi og deildarstjóri Njálsgötu og Hringbrautar, sem eru úrræði fyrir heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Ari fróði er ættfaðir Haukdæla

- Haukadalur er þekktur sögu- staður á Íslandi en fyrir hvað er staðurinn þekktastur fyrir?

„Já, Haukdælir voru ein helsta valdaætt landsins frá því á landnámsöld og fram undir lok 13. aldar. Þeir eru kenndir við Haukadali í Biskupstungum en komnir í beinan karlegg frá Ketilbirni gamla, landnámsmanni á Mosfell í Grímsnesi. Teitur



Nýjasta byggingin á Geysissvæðinu, Hótel Geysir, sem er 77 herbergja hótél með sex svítum. Mynd / Eyjólfur Már Thoroddsen



Elín Svafa Thoroddsen og fjórar dætur þeirra Sigurðar, þær Sara Jasmín, Saga Natalia, Emelía Ísöld og Antonía Elín. Mynd / Eyjólfur Már Thoroddsen

sonur hans er sagður hafa byggt fyrstur bæ í Skálholti. Sonur hans var Gissur hvíti Teitsson, sem kom mikið við sögu kristnitökunnar og var faðir Ísleifs Gissurarsonar, fyrsta biskupsins í Skálholti. Einn þriggja sona Ísleifs var Gissur Ísleifsson biskup en annar var Teitur prestur í Haukadali, fósturfaðir Ara fróða, og hann er talinn ættfaðir Haukdæla. Teitur Ísleifsson, stofnað fyrsta lærdómssetrið hér á landi. Á Sturlungaöld voru þeir ein af fáum áberandi valdaættum í landinu og voru lengst af í bandalagi við Ásbirninga gegn Sturlungum,“ segir Elín þegar hún rifjar upp söguna af staðnum.

Glímukóngurinn Sigurður Greipsson

Sigurður Greipsson var glímukóngur Íslands 1922–1927 og stofnaði þá íþróttaskólann í Haukadali sem hann rak til 1969. Hann keppti fyrst opinberlega 13 ára gamall og stóð hann sig svo vel að hinir eldri og reyndari glímumenn áttu fullt í fangi með að verjast brögðum hans og fimi. Sigurður lærði við Hóla í Hjaltadal og æfði þar af kappi enda gæddur óþrjótandi íþróttáhuga. Hann nam svo íþróttfræði við Lýðháskólann í Voss veturinn 1919–1920 og við Íþróttaskóla Niels Bukhs í Ollerup í Danmörku.

Samhliða búskap og skólastjórn var Sigurður mjög virkur í æskulýðsmálum og var meðal annars formaður Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK) í 44 ár, starfaði í stjórn Ungmennafélags Íslands og var stjórnarmaður í Íþróttasambandi Íslands. Hann hlaut riddarakross Fálkaorðunnar árið 1959 og var kjörinn heiðursformaður HSK árið 1966. Sigurður fékk sæmdarheitið Glímukóngur Íslands árið 1922 þegar hann sigraði keppnina um Grettisbeltið. Hann varð glímukappi Íslands fimm sinnum og tók þátt í tveimur glímuförum til Danmerkur og Noregs.

Dagurinn byrjaði með Müllers-æfingum

Sigurður rak íþróttaskólann ásamt eiginkonu sinni, Sigrúnu Bjarnadóttur, í samfell 43 ár og munu um 900 nemendur hafa útskrifast þaðan. Einnig lét Sigurður gera sundlaug, var hún grafin niður á fasta hrúðurklöpp og veggir hlaðnir úr mýrarhnausum. Á þessum árum var enginn vegur heim að Haukadali og reyndar voru Biskupstungur að mestu óvegaðar. Nægur jarðhiti var hins vegar á Geysi og vatnsafl til virkjunar fyrir hendi. Árið 1932 var rafstöð byggð við Beiná og nýtti hann einnig hverahitann til upphitunar.

„Dagurinn byrjaði með Müllers-æfingum klukkan átta, svo var kennd heilsufræði, íþróttasaga, reikningur, íslenska, danska, bókfærsla og landafræði. Eftir hádegisverð tóku við íþróttir úti og glíma fram að kaffi. Sigurður kenndi sjálfur allar íþróttir og íþróttasögu. Hann lagði mikla áherslu á að stæla og herða nemendur og beitti fortölum og hvatningu til að fá þá til að leggja sig alla fram. Sigurður vandi nemendur sína á að hlaupa úr íþróttasalnum í sundlauginu, 20 metra, sama hvernig veðrið var,“ segir Elín brosandi.

Árið 1945 var íþróttaskólinn stækkaður og byggt vandað steinhús með leikfimisal og íbúð.

Friðrik 8. konungur heimsótti Geysi 1907

Sigurður Greipsson var augljóslega einn af frumkvöðlum í ferðaþjónustu á Íslandi, því aðeins þrettán ára gamall var hann sendur norður í fjöll með hesta til að sækja erlenda ferðamenn, átti hann að koma niður í Eyjafjörð. Hann hafði aldrei farið þessa leið áður, var sagt vel til en villtist af leið og kom niður í Timburvalladal sem gengur út úr Fnjóskadal. Þar fór hann niður dalinn, komst til byggða og var vísað á réttar slóðir. Einnig fylgdi hann útlendingum frá Haukadali norður yfir, allt til Akureyrar og rak svo hestana lausa suður. Hann var einn fyrsti bóndinn á Íslandi sem hafði starf af að sinna ferðamönnum og fylgja þeim um landið.

„Já, frá því að hann settist að á Söndunum við Geysi árið 1927 og fram á síðustu æviár sín rak hann þar veitingasölu. Þegar von var á Friðriki 8. konungi að Geysi sumarið 1907 var byggt konungshús sem stóð lengi og kom ferðamönnum í góðar þarfir. Sigurður nýtti skóláhúsið fyrir ferðaþjónustu á sumrin og stundaði ferðamannaheidsögn,“ segir Elín.

Már og Sigríður tóku við

Sonur Sigurðar, Már Sigurðsson, tók við rekstrinum á Geysissvæðinu ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Vilhjálmssdóttur. Már var einnig íþróttakennari eins og faðir sinn en hóf uppbyggingu á ferðaþjónustu við Geysi í Haukadali árið 1972 og helgaði sig uppbyggingunni frá árinu 1993. Nöfn Sigríðar og Mús eru samofin sögu ferðaþjónustu á Íslandi og voru þau miklir brautryðjendur og frumkvöðlar á sviði ferðaþjónustu á Íslandi. Löngu áður en farið var að líta á hana sem alvöru atvinnugrein tóku þau daglega á móti fjölda innlendra og erlendra gesta og buðu upp á gistingu, mat og fræðslu. Sannfærð um að ferðamönnum ætti eftir að fjölga til muna á komandi

árum byggðu þau af mikilli elju og þrautseigju upp glæsilega aðstöðu á Geysi. Að sögn Sigríðar höfðu ekki allir sömu trú á því að ferðabjónusta á Geysi gæti orðið arðbær.

„Árið 1987 áttum við bara 150 stóla í 600 manna sal og tvær 60 bolla kaffikönnur,“ rifjar hún upp.

„Einhver benti mér á að ég ætti að geta fengið lán fyrir stærri könnu og nokkrum kollum, svo ég lét á það reyna. Bankinn velti þessu lengi fyrir sér en hafnaði svo beiðninni. Þeir höfðu engan áhuga.“

Sigríður leitaði þá til aðila sem seldu þessa hluti og þeir sáu til þess að þessir 600 gestir gætu bæði fengið tíu dropa og tyllt sér á meðan. Már hlaut riddarakrossinn árið 2005 fyrir frumkvæði í uppbyggingu ferðabjónustu og Sigríður hlaut heiðursverðlaun Félags kvenna í atvinnulífnum árið 2016.

„Tengdaforeldrar mínir eru mínar fyrirmyndir í starfi, enda einstaklega ósérhlífirir dagnaðarforkar sem byggðu upp fyrirtækið með mikilli hugsjón og krafti,“ segir Elín.

100 starfsmenn í dag

Í dag er Hótel Geysir rekið af Sigríði Vilhjámsdóttur ásamt dóttur hennar, Mábíl Másdóttur, hótélstýru Hótel Geysis, og af Sigurði og Elínu. Geysissvæðið samanstendur af fjórum veitingastöðum en þeir eru: Geysir Glíma, Geysir veitingahús, Súpa og Kantína.

Einnig er hér þrenns konar gisting; Hótel Geysir, Litli Geysir hótél og Geysir smáhýsi. Á staðnum er einnig verslunin Geysir sem og útvistar- og minjagripaverslun sem reknar eru af Jóhanni Guðlaugssyni ásamt Súpu og Kantínu.

Á staðnum í heild sinni starfa um 100 starfsmenn. Samkvæmt könnun Ferðamálastofu þá heimsóttu 73,8% ferðamanna Suðurlandið árið 2018 og þar af komu 82% þeirra á Geysi.

„Sá fjöldi er að sjálfsgöngu ekki allt okkar viðskiptavinir en við þjónustum alla þá sem heimsækja svæðið, til dæmis með bílastæðum, salernum, snjómokstri og söndun,“ segir Elín.

Eitt glæsilegasta hótél landsins

Þann 1. ágúst 2019 var opnað glæsilegt hótél á staðnum, Hótel Geysir, en það tengist núverandi þjónustu á svæðinu og gefur því heildstætt útlit. Áhersla var lögð á að byggingin væri hógvær í umhverfi sínu og endurspeglast það í formi hennar og landslagsmótun en byggingin er formuð þannig að hún skyggi sem minnst á náttúruperlu svæðisins. Hótelið er þrjár hæðir auk kjallara. Í herbergjaálmunni eru 77 herbergi, þar af 6 svítur. Öll herbergin eru með fallegu útsýni yfir sveitina. Aðalandyri hótelsins og móttaka eru á 2. hæð með tvöfaldrum lofthæð. Gluggafletir eru stórir og háir og ramma inn stórglæsilegt útsýnið yfir hverasvæðið.

Sveitarómantíkin svífur yfir vötnum

Elín segir að nýja hótelið bjóði upp á marga möguleika, stór ráðstefnusalur, fullt af misstórum herbergjum, gott aðgengi fyrir fatlaða, nokkrar svítur og þrjár hæðir af veitingastöðum og fjóra bari. En hver er markhópur hótelsins?

„Það eru gestir sem vilja njóta alls hins besta í gistingu og mat í dásamlegri náttúru. Við erum með einstaka fagmenn í eldhúsinu okkar og yfirmatreiðslumeistari okkar, Bjarki Hilmarsson, sér til þess að gestir eigi ógleymanlega kvöldstund í mat og drykk. Frá opnun hafa Íslendingar tekið okkur einstaklega vel og verið í hópi okkar stærstu viðskiptavina, sem hefur veitt okkur mikla ánægju. Við erum að hefja uppbyggingu á fjórum ráðstefnusölum og munu ráðstefnugestir vonandi verða tíðir gestir þar sem við komum til með að bjóða upp á úrvals aðstöðu fyrir ráðstefnur. Annars bjóðum við upp á eitthvað



Andyrið (lobbið) í nýja hótelinu er einstaklega glæsilegt og vekur athygli allra sem þangað koma.

Mynd / Eyjólfur Már Thoroddsen



Þarna fá hótélgestir líka innsýn í byggingasöguna á staðnum. Mynd / EMT



Bjarki Hilmarsson matreiðslumaður er allt í öllu þegar kemur að því að útbúa mat fyrir gesti á Geysi. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

fyrir alla á svæðinu, hvort sem það eru stærri hópar eða þór sem vilja koma í sveitarómantík.“

Eitt flottasta eldhús landsins

Eldhúsið í nýja hótelinu er mjög stórt og glæsilegt og er örugglega eitt af flottustu ef ekki flottasta eldhús landsins.

„Já, það er rétt. Bjarki Hilmarsson, yfirmatreiðslumeistari okkar, hefur starfað hjá okkur í 27 ár og hannaði eldhúsið í heild sinni og valdi allan tækjabúnað, það er einstaklega glæsilegt og vel útbúið. Það var sérstaklega hugað að því að aðstaða fyrir starfsmenn væri sem allra best og ég myndi telja að frábær vinnuástanda byggji grunninn að þeim dásamlega mat sem er búinn til í eldhúsinu okkar. Við leggjum áherslu á að nota afurðir beint frá bónda og bjóðum upp á það allra ferskasta hráefni sem til er og því tekur matseðillinn breytingum eftir árstíðum,“ segir Elín.

Umhverfismálin í brennidepli

– Leggur fjölskyldan á Geysi ofuráherslu á umhverfismál í allri starfsemi sinni?

„Já, það gerum við svo sannarlega, enda er megin aðdráttarafi Íslands hrein og ósnortin náttúra og er Hótel Geysir í nálægð við eina helstu perlu Íslands. Við höfum tiltekið okkur sjálfbæra stefnu þar sem við viljum sameina sjónarmið náttúrunnar og þarfir gesta okkar. Við leggjum áherslu á að vernda náttúruauðlindir með ábyrgri nýtingu orku, vatns og efna um leið og við tryggjum gestum okkar fyrsta flokks þjónustu í samræmi við væntingar þeirra. Hótel Geysir er starfrækt og upphitað eingöngu með grænni og endurnýjanlegri orku. Allt rafmagn sem notað er á hótelinu er framleitt af vatnsaflsvirkjunum sem er græn orka,“ segir Elín stolt á svip og bætir við:

„Við flokkum, vigtum og sendum til endurvinnslu allt sorp og annað sem fellur til eins og kostur er. Við notum vottaðar sápur og hreinsiefni og förum sparlega með efni. Við tryggjum að starfsfólk hafi góða þekkingu og beiti viðurkenndum aðferðum í umhverfisstarfi hótelsins og fylgjumst með nýjungum í umhverfismálum. Við bjóðum ekki upp á einnota vörur sé þess kostur og við tryggjum að flokkun á sorpi sé

að huga að því að gera heilsulind, Geysir spa, þar sem gestir okkar geta notið þess að fara í heitan pott, gufu og stundað líkamsrækt, enda ekki annað hægt á þessum íþróttagrunni sem við búum í. Einnig erum við byrjuð að huga að upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn sem og að endurbyggja Geysisstofuna sem er safn um náttúru Íslands og hverasvæðið þá sérstaklega og síðast en ekki síst þá stefnum við á að gera brugghús þar sem framleitt verður Geysir brennivín.“

Börnin með í vinnunni

– Elín er að lokum spurð hvað henni þyki skemmtilegast við að reka ferðabjónustu á Geysissvæðinu og hvað það sé að gefa fjölskyldunni?

„Það skemmtilegasta er að geta hlúð að föðurarleifð mannsins míns og að leggja sig fram um að gera það með sóma. Hér er okkar heimili líka, við störfum hér og öllum upp börnin okkar, þannig þetta er svo miklu meira er fyrirtæki í okkar augum.“

Einnig er dásamlegt að geta starfað með fjölskyldunni þar sem við höfum öll sama markmið og drif. Við tökum hiklaust börnin með í vinnuna og kynnum þau fyrir fjölbreytta starfinu okkar.

Eitt það besta finnst mér er að ala upp börnin okkar í þessu góða samfélagi þar sem sveitungar okkar eru einstaklega gott fólk og mikil samheldni er í sveitarfélaginu. Ég er mjög ánægð með skólann og leikskólann og tel það algjör forréttindi að ala upp börn í sveitinni.

Árið 2015 eignuðust við Sigurður dóttur okkar Antoníu Elínu, sem var mikill fyrirburi, hún kom í heiminn á viku 28 og var 3 merkur. Það hlýjar okkur ennþá um hjartarætur að sveitungar okkar hlupu til styrktar vökudeildinni samtals 111 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu. Það fannst okkur einstakt og sýndi samheldnina og það hefur heldur betur verið hlúð að henni í okkar góða samfélagi. Ég vil þakka öllu því einstaka starfsfólki sem kom að uppbyggingu Hótel Geysis sem og þess starfsfólks sem bæði hefur starfað hjá okkur og starfar hjá okkur í dag.

Við höfum verið einstaklega heppin með frábært samstarfsfólk en árangur okkar er hæfileikaríku starfsfólki að þakka. Mannauðurinn er okkar fyrirtæki einstaklega dýrmæt,“ segir Elín um leið og henni er þakkað fyrir viðtalið með þéttu handabandi og kossi á kinn. /MHH



Höggmynd af Sigurði Greipssyni sem fæddist í Haukadal 1897. Hann var mikill glímukappi og stofnaði íþróttaskólann í Haukadal sem hann rak í 37 ár með eiginkonu sinni.

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

aðgengileg, bæði fyrir starfsmenn og gesti. Innkaupastefna okkar mælir fyrir um að kaupa lífrænt vottaðar vörur ásamt vörur úr nærumhverfi okkar, sé þess kostur. Við stundum viðskipti í heimabyggð eftir fremsta megni og styrkjum góð málefni í heimabyggð.“

Geysir spa og brugghús næst á dagskrá

Elín segir að það sé ýmislegt framundan á Geysissvæðinu, fjölskyldan sé ekki hægt að framkvæma þótt nýja hótelið sé risið.

„Nei, nei, næsti áfangi okkar í uppbyggingu á svæðinu er að fara

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur
óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Hækkað verð:


Greiðum **35.000 kr. án vsk.** fyrir hryssuna

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma **581-4138**.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.



Bændur í Bretlandi upplifa andúð vegna fullyrðinga um að kjöt sé af hinu illa:

Prófessorar í Skotlandi segja kjötneyslu skipta sköpum við að fæða jarðarbúa

— segja fullyrðingar varasamar og að rannsóknir sýni að neysla veganfæðis í stað kjöts dragi ekki úr landnotkun

Kjöt skiptir sköpum við að fæða jarðarbúa að mati vísindamanna við háskóla í Skotlandi og hafa þeir bent á að það sé ekki umhverfissvænna að skipta yfir í vegan fæði.

Breska blaðið The Telegraph greindi frá þessu fyrir nokkru og vísar þar í sérfræðinga frá Háskólanum í Edinborg og Rural College í Skotlandi. Þeir sögðu að bændur upplifðu í auknum mæli andúð í sinn garð vegna fullyrðinga af hálfu þeirra sem kalla sig umhverfissinna og halda því fram að „kjöt sé af hinu illa“.

Hávær og áhrifamikill minnihlutahópur

Athyglisvert er hversu hávær og áhrifamikill þessi neikvæða umræða virðist vera gagnvart kjötneyslu og í garð bænda. Sérstaklega ef litið er til þess að veganistar í Bretlandi eru einungis taldir vera örlítið brot af þjóðinni, eða 0,9% af um 64 milljónum íbúa, samkvæmt tölum Statista.

Sérfræðingar ræddu þessa hluti í pallborði í miðri London undir lok síðasta árs og sögðu að kjöt væri mikilvægt fyrir líkamlega og andlega heilsu barna, sérstaklega í þróunarlöndunum. Sögðu þeir að með því að hætta búfjárrækt væri ekki verið að bæta landnotkunina.

Prófessor Geoff Simm, forstöðumaður Global Academy Agriculture and Food Security í Edinborgarháskóla, sagði:



Nautgripir á beit.

Mynd / Cotswold livestock marketing

Segja vegan fæði ekki draga úr landnotkun

„Ég held að (búfjárbændum) finnist að verið sé að taka þá af lífi. Oft eru sett fram þau rök að með því að fólk sneri sér að vegan fæðu myndi draga úr landnotkun. Líkanarannsóknirnar sem gerðar hafa verið sýna að það er ekki raunin.

Okkur finnst þó að búfjárramleiðsla hafi bæði margvíslega efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega kosti og galla. Þar hafa gallarnir ef til vill fengið meiri athygli að undanförunum en margir af kostunum sem þessu fylgir.

Kjöt hefur gríðarlega samfélagslegan ávinning. Það er mikilvæg uppspretta próteina í mataræði, orku, mjög aðgengilegum örefnum, jafnvel lítið magn af dýraelduðum mat hefur mjög mikilvæg áhrif á þroska barna, í þróunarlöndunum á vitsmuna- og líkamlega þroska

þeirra og þau eru mjög mikilvæg,“ sagði Geoff Simm.

Ef allir færu í vegan myndi það hafa hrikaleg áhrif

„Það er alveg óþarfi að fara í vegan. Ef allir færu í vegan myndi það hafa hrikaleg áhrif fyrir umhverfið í Bretlandi. Dýr ræktuð til matar stuðla líka að því að auka líffræðilegan fjölbreytileika,“ sagði Mike Coffey, prófessor við Rural College í Skotlandi (SRUC). Hann er sérfræðingur í dýraeldi og erfðafræði dýra. Sérgrein hans er ræktun mjólkurkúna.

„Vísindamenn eru um þessar mundir að reyna að rækta umhverfissvænna nautgripa, sem vaxa hraðar og éta minna. Hugsunin er að draga enn frekar úr kolefnisfótspori landbúnaðarins með því að draga úr magni metans sem myndast í meltingarvegi nautgripa.

Um 600.000 íbúa í Bretlandi eru veganistar af um 64 milljónum íbúa, eða um 0,9%

Um helmingi fleiri konur eru hlyntar veganfæði en karlar.

Um 42% veganista eru á aldrinum 15 til 34 ára en aðeins 14% úr aldurshópi yfir 65 ára.

Um 88% allra veganista búa í þéttbýli, en 12% utan þéttbýlis

Heimild: Statista.com og The Telegraph

Þetta gæti einnig leitt til þess að kaupendur geti á næstu árum séð það á merkimiða matarins hver umhverfisáhrifin eru af framleiðslunni.

Mikill munur á einstökum dýrum hvað þau losa af metangasi

Coffey sagði að munurinn á losun metans frá bestu og verstu nautgripum væri um 30 prósent og að ef allir bændur í Bretlandi notuðu hagkvæmstu dýrin gæti það dregið úr kolefnislosun um nærri þriðjung.

Hann sagði að á næsta árum muni bændur geta valið naut til ræktunar sem gefi af sér mjólkurkúr sem neyti

minna fóðurs fyrir hverja mjólkur-einingu sem þær gefa af sér.

Í næsta áfanga yrði reynt að mæla metanlosun frá mismunandi nautgripakynjum til að finna út hvaða stofnar hafa minnsta losun.

Ræktun hagkvæmari gripa

„Á næsta ári geta bændur valið naut sem gefa dætur sem neyta minna fóðurs fyrir það magn af mjólk sem þau framleiða. Spurningin er svo hvert þetta muni leiða okkur og hvort við munum í raun geta mælt metanlosun frá heilu dýrahjörðunum,“ sagði Goffey.

Hann sagði að kaupendur geti fljótlega séð það á merkingum á kjöti hve mikil umhverfisáhrif framleiðsla þess hefur haft.

„Mín von er sú að á einhverjum tímamarki í náinni framtíð verði til vörumerkingar sem sýna hagkvæmni og kolefnisáhrif af fæðuframleiðslunni.“

Þörf á frekari rannsóknunum á áhrifum veganisma

Prófessor Andrea Wilson, sem er doktor í heimspeki við Edinborgarháskóla, sagði að gera þyrfti frekari rannsóknir á áhrifum veganisma.

„Við vitum mikið um búfjárgeirann vegna þess að það hefur verið rannsakað. Við vitum hins vegar mjög lítið um vegangeirann. Hættan er sú að við dæmum út frá einu atriði og hoppum of hratt yfir í aðrar lausnir,“ sagði Andrea Wilson. /HK/

Stöðugt meira af snefilefnum finnst í erfðabreyttum og eiturefnapolnum sojabáunum:

Þúsundir tonna af glýfósati berast í fæðukeðjuna

— Grípa verður til allra mögulegra úrræða til að draga úr notkun á glýfósati, segja vísindamenn í Noregi og Bretlandi

Vísindamenn í Evrópu eru áhyggjufullir út af auknu innihaldi snefilefna úr gróður-eyðingar- og skordýraeitri í erfðabreyttum sojabáunum sem hafa þol gegn virka efninu glýfósati. Þótt erfðabreytt soja sé ekki ræktað í Evrópu, þá er það flutt inn í stórum stíl frá öðrum löndum.

Greint var frá þessu á vefsíðu Food Navigator í síðasta mánuði. Þar segir að erfðabreytt soja [Genetically modified – GM] hafi mikið þol gegn eiturefninu glýfósati sem er virka efnið í ýmsum illgresis- og sveppaeyðingarefnum sem og skordýraeitri. Það þýðir að bændur geta drepið „óæskilegt“ illgresi án þess að drepa sojabáunaplönturnar í leiðinni.

Um 77% af öllum sojabáunum í heiminum eru erfðabreyttar

Erfðabreytt soja er mjög algengt í ræktun í fjölmörgum löndum, þar á meðal í Bandaríkjunum, Brasilíu og Argentínu. Um 350 milljónir tonna af sojabáunum eru framleiddar árlega í heiminum (samkvæmt tölum frá 2016–2017). Af þessu magni eru um 270 milljónir tonna af erfðabreyttum tegundum sem hafa þol gegn glýfósati, eða 77%.

Samkvæmt vísindamönnum í Noregi og Bretlandi, sem vitnað er til í fréttinni, hefur aukin ræktun á erfðabreyttu soja leitt til aukinnar úðunar á efnunum yfir akrana sem innihalda glýfósat. Afleiðingin er

að meira finnst af glýfósati í soja og ýmsum fæðutegundum.

Vitnað er í Thomas Böhn hjá Marin Reseach í Tromsø í Noregi. Hann upplýsti Food Navigator um að aukin notkun eiturefna yllu áhyggjum.

Yfir milljón tonna framleiðsla

Á árinu 2017 var framleiðslugetan á glýfósati í heiminum 1.065.000 tonn, samkvæmt tölum Research And Markets. Mest var framleitt af efninu í Kína, eða 685.000 tonn, og 380.000 tonn voru framleidd á vegum Monsanto sem nú tilheyrir þýsku efnasamsteypunni Bayer. Á árinu 2017 var selt glýfósat í heiminum fyrir meira en 5 milljarða dollara.

Glýfósat ætti ekki að finnast í fæðukeðjunni

„Þetta eittraða efni, glýfósat, ætti ekki að finnast í fæðukeðjunni,“ segir Böhn.

Glýfósat var fyrst kynnt í Evrópu árið 1974 af bandaríska efnarísanum Monsanto. Í dag er Roundup, sem nú er reyndar farið að selja undir öðru vörumerki, eitt algengasta gróðureyðingarefnið sem notað er í álfunni og reyndar um allan heim. Þetta er þrátt fyrir að bæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Alþjóðlega krabbameinsrannsóknarstofnunin (IARC) hafi lýst krabbameinsvaldandi áhrifum glýfósats á menn. Þversögnin



Notkun á glýfósatefnum er stöðugt að aukast. Efnið berst í fæðukeðju manna m.a. í gegnum neyslu á sojaafurðum.

í öllu saman er að notkun á glýfósati var endurheimilúð síðla árs 2017 af fæðuöryggisfyrirvöldum í Evrópu, European Food Safety Authority (EFSA), og ECHA efnarannsóknastofnuninni í Evrópu, (European Chemical Agency). Komust þessar stofnanir að því að ekki væru nægar sannanir fyrir því að tenging væri á milli notkunar glýfósats og aukinnar hættu á krabbameini. Var því ákveðið að framlengja heimild til notkunar á glýfósati um fimm ár.

Soja leikur vaxandi hlutverk í fóðri dýra og fæðu manna

Í umfjöllun Food Navigator segir að soja leiki stórt hlutverk í fóðrun dýra og skipti dulin efni í fóðrinu því miklu máli. Þá sé soja líka neytt beint af mannfólkinu og veruleg aukning sé í neyslu á sojaafurðum vegna aukningar á veganisma og þeirra sem telja sig grænkera. Bent er á að bæði Thomas Böhn í Noregi

og Erik Millstone í Sussex-háskóla í Bretlandi vari við því að snefilefni úr sojaafurðum geti borist í fæðukeðju Evrópubúa. Jafnvel þótt erfðabreytt soja sé ekki ræktað í Evrópu.

Glýfósat berst í fæðukeðjuna

Í grein sem þeir félagar skrifuðu og birt var síðla á síðasta ári á vefsíðu Food Navigator kom fram að umtalsvert af glýfósatleifum eru í sojaafurðum sem fluttar eru til Evrópu frá Bandaríkjunum og Suður-Ameríku. Greinin er undir fyrirsögninni „The introduction of thousands of tonnes of glyphosate in the food chain – an evaluation and glyposate tollerant soybeans,“ eða: „Innleiðing þúsunda tonna glýfósats í fæðukeðjunni – mat á glýfósat-polnum sojabáunum.“

Fram kemur í grein þeirra féлага að innihald glýfósats í fæðunni aukist stöðugt. Opinberar rannsóknir sýni verulega aukningu á notkun glýfósats í landbúnaði í Argentínu

og Brasilíu frá 1996 til 2014. Notkun bænda á glýfósati í þessum löndum sé tvöfalt meiri en mælt er með á flestum stöðum þar sem slíkt er leyft.

Aukin tíðni eitruðana

Úðað er yfir akrana samkvæmt eftirspurn og hefur sú úðun aukist frá því að vera tvisvar yfir vaxtartím-ann árið 2006 upp í fjórar úðanir á árunum eftir 2007. Segja þeir Böhn og Millstone að þetta þýði að meira sé nú úðað seint á vaxtartímanum og það hafi leitt til tíðföldunar á magni snefilefna í sojauppskerunni. Þá benda þeir á að nú sé farið að beita forúðun í auknum mæli yfir akrana áður en sáð er til að drepa allt illgresi. Það leiði líka til aukinnar upptöku soja á glýfósati.

Thomas Böhn og Erik Millstone leggja því til að alþjóðlegt samkomulag verði gert um hámark snefilefna í fæðu manna og fóðri dýra. Þá þurfi að gera samanburðar-rannsóknir á milli ræktunarsvæða til að fá áreiðanlegri gögn um notkun eiturefna. Skortur á gögnum valdi alvarlegri óvissu um stöðuna.

Grípa verður til ráðstafana

„Grípa verður til allra mögulegra úrræða til að draga úr notkun á glýfósati,“ segir Thomas Böhn. „Þar þurfa bæði bændur að forðast notkun þessara efna, auk þess sem glýfósat ætti alls ekki að vera í fæðukeðjunni.“ /HK/

**Gallagher
Vogir og
Örmerkjalesarar.
Fyrir allann búfénað.**



GALLAGHER

Nánari upplýsingar:
gallagher@ks.is
S: 8254627

Verzlunin Eyri
Opíð: mán. - fös. 8 - 18
Lau. 10-13 / S: 455 4610



**ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ!
HEYRÐU
BETUR!**

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heymarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyminni, hún er mikilvæg!
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Ríkiseignir
byggingar, land og auðlindir

**Leiga á ríkisjörðunum
Miðgarðar, Sveinsstaðir
og Sveintún í Grímsey**



Ríkiseignir auglýsa eftir umsóknum um leigu á ríkisjörðunum Miðgarðar, Sveinsstaðir og Sveintún í Grímsey.

Um er að ræða ríkisjarðirnar, **Miðgarðar**, landnúmer 151851, **Sveinsstaðir**, landnúmer 151857 og **Sveintún**, landnúmer 151896, í Grímsey, ásamt öllum réttindum og gæðum jarðanna, s.s. nýtni hlunninda í fuglabjörgum. Séreignarland jarðanna er samliggjandi og talið vera samtals um 20 hektarar að stærð. Enginn húsakostur fylgir jörðunum. Áhugasömum er bent á að fara á staðinn og skoða jarðirnar og nánasta umhverfi á eigin vegum.



Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl. n.k. og nálgast má umsóknareyðublað og frekari upplýsingar um jarðirnar og fyrirkomulag úthlutunar á heimasíðu Ríkiseigna, www.rikiseignir.is.

Borgartúni 5a | Sími 520 5600 | rikiseignir@rikiseignir.is | www.rikiseignir.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

Lely Center Ísland **SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR**



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ŠKODA á afmæli!

Skoda fagnar 125 árum árið 2020, kynnir fjölbreytt afmælistilboð og býður til Prag!

Veldu þinn á hekla.is/skodasalur

Allt að 800.000 kr. afsláttur!




ŠKODA




125 | **ÁRA AFMÆLI ŠKODA**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilstöðum

www.skoda.is



Q-mjólkursamlagið í Noregi:

Plastflipinn burt af mjólkurfernunum

Nú hefur Q-mjólkursamlagið í Noregi ákveðið að taka plastflipa úr notkun á mjólkurfernunum sínum vegna umhverfissjónarmiða. Fyrir nokkrum árum setti mjólkursamlagið svokallaðan flipa á allar mjólkurfernur hjá sér til þess að neytendur gætu séð hversu mikið væri eftir í fernunum og var hugsunin að þannig gæti fólk komið í veg fyrir matarsóun.

Forsvarsmenn mjólkursamlagsins hafa tekið þessa ákvörðun til að koma til móts við aukna umhverfissvitund neytenda sem verður sífellt sterkari. Þrátt fyrir að samlagið hafi fengið góð viðbrögð við flípanum frá því að hann var innleiddur vegur

umhverfisþátturinn meira í þessu tiltekna máli.

Það mun taka nokkurn tíma fyrir samlagið að koma plastflípanum úr umferð en neytendur hafa sent fyrirtækinu töluvert margar fyrirspurnir út í vöruúrval þeirra og plastnotkun svo stefnan er á að minnka notkun plastics um 300 tonn næstu árin.

Þegar flipinn verður kominn af öllum mjólkurfernunum fyrirtækisins þýðir það minnkun um 18 tonn af plasti. Stefna fyrirtækisins er að kynna til leiks 100 prósent endurvinnanlegar mjólkurfernur og tappa til að ná umhverfismarkmiðum sínum fyrir árið 2030. /ehg/Nationen

Bandaríkin:

Slök útkoma í útflutningi nautakjöts á árinu 2019

— Vonast eftir árangri af tollaviðræðum við Kína

Það er frekar dapurt yfir bandarískum nautakjötsframleiðendum um þessar mundir. Um 2,5% samdráttur varð í útflutningi á árinu 2019 samfara um 3% samdrætti í verðmætum talið.

Meginástæða minni útflutnings var snörp dýfa í útflutningi á nautakjöti til Japans. Þar nam samdrátturinn um 6%, bæði hvað magn og verðmæti áhrærir.

Það var þó ljós í myrkrinu að útflutningur á nautakjöti til Suður-Kóreu jókst um 7% og skilaði það 5% verðmætaaukningu útflutnings á þann markað samkvæmt tölum Kjötútflutningssambands Bandaríkjanna (USMEF).

Aðrir markaðir sem verið hafa öflugir fyrir bandarískt nautakjöt voru sumir með einhverja aukningu á síðasta ári. Þannig jókst útflutningur til Mexíkó um 1%, en um 5% í verðmætum talið. Þá jókst útflutningur til Mið-Ameríkukrjúka um 3% og um 7% að verðmæti. Eins var 4% aukning á sölu til




Kanada sem skilaði 5% verðmætaaukningu.

Miklar vonir eru bundnar við að samningaviðræður Bandaríkjanna við Kínverja um tollamál skili árangri. Það gæti hleypt lífi í bandarískan landbúnað, sem hefur skaðast verulega af því tollastríði. Það á bæði við um kjötútflutning og ekki síður um útflutning á sojabönum og mjóli. Þá voru tollar lækkaðir á innflutningi á kjöti til Japans nú í byrjun janúar og gæti sala þangað því farið að glæðast.

/HKr.

Er um að taka niður pantanir í lambamerki

Litir: hvítt, gult, grænt, blátt, bleikt, fjólublátt, grátt, appelsínugult
Sendum sýnishorn ef óskað er.



Búvís

Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is



Stóraukin sojaræktun er meginástæða fyrir eyðingu regnskóga Brasilíu. Um 80% af soja sem ræktað er á Amason-svæðinu fer til dýraeldis en annað til sojaolíugerðar og manneldis. Um 24–25 milljónir hektara eru sagðir fara undir sojarækt á Amasonsvæðinu, sem mun vera sú næstmesta í heiminum í dag.

Mynd / BioMar

Um 70% af innflutningi Dana á soja ógnar regnskógum

Ný skýrsla frá háskólanum í Kaupmannahöfn sýnir að Danir flytja inn um 70% af hefðbundnu soja sem er ekki vottað til Danmerkur til dýraeldis en nú fá kaupendur þess skýr skilaboð þar í landi um að þeir verði að breyta til í skipulagi sínu því soja sem flutt er til landsins ógnar regnskógum heimsins. Einungis 20% þess soja sem flutt er inn til Danmerkur er vottað.

„Neytendur hafa óskað eftir

sjálfbærari framleiðslu á matvörum, eins og kaffi og kakó, og hafa matvælaframleiðendur og kaupendur farið fram á að bæta framleiðslu á pálmaolíu til ábyrgari vegar. Nú er hins vegar mikill áhugi á og krafa um að það sama gerist þegar kemur að soja,“ segir lektor og höfundur skýrslunnar, Aske Skovmand Bosselmann. Að hans sögn er líklegt að stór hluti þess soja sem Danmörk flytur inn komi frá regnskógum sem sífellt verða fyrir barðinu á nútíma-

kröfum eins og í Brasilíu. Þau þrjú hundruð þúsund tonn af soja sem Danmörk flytur inn í gegnum RTRS-samninga er í raun ekki vitað með fullvissu hvaðan koma. Vegna skorts á rekjanleika er erfitt að vita um upphaf þess soja sem flutt er inn til landsins. Margir kostir eru þó við samningana sem notast er við, eins og að þeir tryggja að framleiðendur fái réttar greiðslur og komið er í veg fyrir háan flutningskostnað.

/ehg - landbrugsavisen



Bandarískir svínakjötsútflytjendur eru kampakátir yfir góðu gengi á síðasta ári.

Metútflutningur var á svínakjöti frá Bandaríkjunum á árinu 2019

— Aukin eftirspurn var frá Asíu og búist við áframhaldandi vexti

Metútflutningur var á svínakjöti frá Bandaríkjunum á síðasta ári samkvæmt tölum Kjötútflutningssambands Bandaríkjanna (USMEF Export Federation - USMEF). Það á bæði við um verð fyrir afurðirnar og magn svínakjöts.

Samkvæmt tölum USMEF var flutt út svínakjöt fyrir 6,95 milljarða dollara, sem er 9% aukning á milli ára. Þá jókst útflutningurinn í tonnum talið um 10% og voru flutt út 2,67 milljónir tonna af svínakjöti á árinu 2019.

Aukningin á útflutningi til Hong Kong var 89%

Greint var frá þessu á vefsíðu Global Meat í síðustu viku. Þar kemur fram að aukningin í framleiðslu og útflutningi á svínakjöti megi rekja til stóraukinnar eftirspurnar frá Asíu.

Eins og kunnugt er hafa Kínverjar, sem eru stærstu framleiðendur heims á svínakjöti, verið í miklum vanda vegna afrísku svínapestarinnar. Þar hefur verið skorin niður framleiðsla sem nemur milljónum tonna. Samkvæmt tölum USMEF jókst útflutningurinn á svínakjöti frá Bandaríkjunum til Hong Kong um 89% á milli ára og verðmæti útflutningsins jukust um 71%.

Miklar væntingar um þíðu í tollastríðinu

Dan Halstrom, forstjóri USMEF, segir að þrátt fyrir viðskiptahindranir milli Bandaríkjanna og Kína og tollastríð, þá hafi viðskiptin við Hong Kong verið ótrúleg. Reiknar hann með að svínakjötsútflutningurinn haldi áfram að aukast á árinu 2020, sér í lagi ef þíða myndist í samskiptum land-


anna í áframhaldandi viðræðum um tollamál. Hann segir þó að útbreiðsla kórónaveirunnar, sem nú er nefnd „COVID-19“, valdi mönnum áhyggjum. Það hafi þó ekki slegið á áhuga manna í Bandaríkjunum á að sinna vaxandi tækifærum í útflutningi á rauðu kjöti inn á Kínamarkað.

Líka aukning á Ameríkumarkaði

Aðrir markaðir fyrir bandarískt svínakjöt hafa líka verið að vaxa. Þar má nefna Mexíkó, þangað sem útflutningur óx um 10% í magni og 46% að verðmætum. Þá hafi útflutningur til Suður-Ameríku aukist um 12% að magni til og um 16% hvað verðmæti áhrærir. Eins hafi verið flutt út 4% meira af svínakjöti til Kanada í fyrra og þar var verðmætaaukning viðskiptanna 5%.

/HKr.

UTAN ÚR HEIMI



Inngangurinn að frægeymslunni á Svalbarða. Myndir / www.croptrust.org

Spírunarhæfni fræja eftir 30 ár í sífrera

Meðal tilrauna sem gerðar eru við Norræna fræbankann á Svalbarða er að kanna lifun fræja og plöntusjúkdóma í geymslunni.

Tilraunin, sem hugsuð er til hundrað ára, felst í því að fræ eru geymd í gámi við -18° á Celsíus í gamalli kolanámu og spírunarhæfni þeirra athuguð á nokkurra ára fresti.



Frægeymsla á Svalbarða er inni í fjalli og í sífrera.

NorGen sendi nýlega frá sér skýrslu þar sem er sagt frá niðurstöðum spírunarmælinga síðustu 30 ár. Fræjunum var komið fyrir í námunni árið 1986. Fyrstu 20 árin voru teknar stikkprufur á tveggja og hálfis árs fresti og spírunargeta þeirra prófuð, auk þess sem lifun plöntusjúkdóma sem berast með fræjum var athuguð. Að 20 árum liðnum í geymslunni var farið að athuga fræin á 5 ára fresti og mun það vera gert í 80 ár.

17 mismunandi tegundir

Fræjunum var við upphaf tilraunarinnar skipt í 41 hluta með 17 mismunandi tegundum og tveimur til af ólíkum yrkjum af norrænum nytja-plöntum í landbúnaði og garðyrkju. Auk þess sem hluti fræjanna var náttúrulega smitaður af 11 ólíkum plöntusjúkdómum.

Niðurstæða spírunartilrauna sýna að sjö af níu tegundum sýna 90% spírun

eftir 30 ár í sífrera. Spírun hjá rauðrófum (Beta vul-garis), lauk, (Allium cepa), agúrku (Cucumis sativus) og vallarsveiggrass (Poa pratensis) var milli 97 og 99%. Spírunarhæfni byggs (Hordeum vul-gare) reyndist vera 89% og hveitis (Triticum aestivum) 79%. Sú tegund sem sýndi minnsta spírunarhæfni er rúgur (Secale cereale), eða 49%.

Plöntusjúkdómar lifseigr

Meðaltals heildarspírun hefur minnkað úr 87,2% í 76,9% á þeim 30 árum sem tilraunin hefur staðið yfir.

Athugun á lifun plöntusjúkdóma sýnir að allir sjúkdómarnir hafa lifað frostið af síðustu 30 ár og styrkur þeirra svipaður frá upphafi til síðustu mælinga.

Til stendur að auka umfang tilraunarinnar, fjölga tegundum sem prófaðar verða og lengja geymslutíma þeirra. *NH*





BJÓÐUM MIKÐ ÚRVAL SÆTA Í HVERS KYNIS VINNUTÆKI FRÁ UNITEDSEATS



Reki ehf	Sími: 562 2950
Höfðabakka 9	110 Reykjavík
Netfang: tryggvi@reki.is	Vefsíða: www.reki.is

Lely Center Ísland



ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Loftpressur í hæsta gæðaflokki

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hljóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutapjónustu.

Gerðu kröfur — hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 eða sendu línu á gma@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.




KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

Kerrur frá Ifor Williams í öllum stærðum og útfærslum





Mikið úrval varahluta í Ifor Williams og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



IS HURÐIR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Aldinin eru rauð eða gul að lit og hangir hnetan neðan úr því.

Kasjúhnetan sem vildi skoða heiminn

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Vinsældir kasjúhnetna sem snakks og til matargerðar eru miklar enda hneturnar góðar til neyslu. Uppruni þeirra er í Brasilíu en í dag er ræktun þeirra mest í Víetnam, á Indlandi og í fátækustu ríkjum Afríku þar sem barnaprælkun og ömurlegar vinnuástæður tengjast framleiðslu þeirra.

Áætluð heimsframleiðsla á kasjúhnetum án hýðis árið 2017 var tæp fjögur milljón tonn. Víetnam er stærsti framleiðandinn með rúm 863 þúsund tonn og Indland í öðru sæti með 745 þúsund tonn. Í þriðja sæti er Fílabeinsströndin í Afríku með 711 þúsund tonn og Indónesía var fjórði stærsti framleiðandi kasjúhnetna í heiminum ári 2017 með rúm 222 þúsund tonn samkvæmt FAOSTAD, Tölfræðideild Matvæla- og landbúnaðarstofnum Sameinuðu þjóðanna.

Aðrar þjóðir sem framleiða talsvert af kasjúhnetum eru Afríkurland Benín, Grænhöfðaejjar, Gínea Bissá, Tasmanía og Mósambík, auk þess sem hneturnar eru ræktaðar til framleiðslu í Indónesíu og Brasilíu.

Ræktun á kasjúhnetum hefur aukist mikið á Fílabeinsströnd Afríku frá árinu 2014 og landið á skömmum tíma orðið stærsti útflytjandi þeirra í Afríku. Ástæða þessarar miklu ræktunar í landinu er sögð vera ólöglegt skógarhögg til að ryðja land til hneturæktunar og ódyrt vinnuafli sem samanstendur að mestu af konum og börnum.



Kasjútré eru vindpolin og með víðfeðma krónu.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 411 kíló af nýjum eða þurrkuðum kasjúhnetum með hýði árið 2019. Sama ár var aftur á móti talsvert meira flutt inn af afhýddum, nýjum eða þurrkuðum kasjúhnetum, eða 58 tonn og 234 kíló. Auk þess sem talsvert er flutt inn af kasjúhnetum í tilbúnum réttum og hnetublöndum.

Langmestur var innflutningurinn af afhýddum kasjúhnetum árið 2019 frá Víetnam, rúm 40,5 tonn, en í öðru sæti var Indland með innan við 10% þess magns, eða rúm 3,6 tonn.

Anacardium occidentale

Talið er að 22 tegundir tilheyri ættkvíslinni *Anacardium* og eru þær allar upprunnar í trópíska beltinu Suður-Ameríku. Nokkrar tegundir eru nytjaðar, *A. excelsum* er ræktað í Brasilíu og víða til að veita kaffiplöntum skjól og *A. giganteum* til víðarframleiðslu, auk þess sem *A. spruceanum* þykir fallegt skrauttré og villtar tegundir eins og *A. humile* og *A. rhinocarpus* eru nýttar til átu og lækninga.

Sú tegund sem mest er ræktað

kallast *A. occidentale* og við þekkjum best af hnetunum sem kallast kasjúhnetur.

Kasjúa er sígrænt tré sem upprunið er í strandhéruðum Norðaustur-Brasilíu og nær um 14 metra hæð en er yfirleitt lægra, eða um 6 metrar í ræktun. Tréð er með trefjarót, stofninn stundum beinvaxinn en yfirleitt kræklóttur og með marggreinda og víðfeðma krónu sem getur verið tvisvar sinnum breiðari en hæð trésins. Blöðin stakstæð, gljáandi og með leðurkennda viðkomu, eggla

eða flöng og heilrennd, 4 til 22 sentimetrar að lengd og 2 til 15 sentimetrar að breidd, ung blöð rauðgræn en verða ljósgræn þegar þau eldast. Blómin mynda mörg hundruð saman ax eða hálfsvæip sem getur verið um 26 sentimetrar langt. Blómin eru fölgren í fyrstu en verða rauðleit með auknum þroska, eru með fimm grönnum krónublöðum, 7 til 15 millimetrar að lengd. Geta verið tvíkynja eða bara karlkyns. Frjóvgun fer fram með hjálp skordýra. Aldinið, rautt eða gult og myndast þegar blómbotninn þrútnar út, er 5 til 11 sentimetrar langt og kallast kasjúepli. Aldin er með vaxkennda húð, ætt með sætt bragð og angan, ber eitt fræ sem hangir neðan úr því og kallast hnetan en er steinaldin í grasafraðilegum skilningi. Fræið grátt og nýmalaga, tveir til þrjár sentimetrar að lengd og um einn sentimetr í þvermál. Fyrir afhýðingu er ljós kjarninn umlukinn tvöfaldrí skel sem inniheldur ertandi varnarefni.

Fjöldi yrkja og afbrigða eru í ræktun. Öll eiga þau það sammerkt að vera að mestu laus við óvæur og vera hraðvaxta. Vegna vaxtarhraðans þykja trén góð til að binda jarðveg og draga úr jarðvegseyðingu.

Víðfeðmasta króna kasjútrés sem vitað er um þekur yfir 7.500 fermetra og finnst í Natal, höfuðborg Rio Grande do Norte í Brasilíu. Kasjútré lifa sjaldnar í meira en 50 ár.

Nafnaspeki

Ættkvíslarheitið *Anacardium* er grískt að uppruna og vísar til fræsins. Ana þýðir að vísa upp á við en gardium þýðir hjarta. Tegundarheitið

occidentale segir að tegundin sé upprunin í vestri.

Enska heitið cashew á frænu kemur úr portúgölsku þar sem tréð kallast cajú, en það heiti kemur aftur úr tupian, sem er safn um 70 tungumála innfæddra í Suður-Ameríku, acajú og þýðir hnetan sem vex af sjálfu sér. Frakkar segja anacardier, Grikkir κάσιους, Ítalir anacardio, Króatar kašu, Rússar анакард og Finnar cashewpähkinä. Danir kalla fræið cashew nød og þaðan er íslenska heitið kasjúhnetta líkast til komið.

Útbreiðsla og saga

Elstu steingervingar kasjútrjáa eru taldir vera 45 milljón ára gamlir og benda til að tegundin innan ættkvíslarinnar hafi vaxið í Mið-Ameríku fyrir á tímum.

Útflutningur á kasjúhnetum hófst frá Brasilíu um 1550. Almennt er talið að Portúgalar hafi flutt með sér fræ kasjútrjáa frá norðaustur-hérudum Brasilíu til Góa á Indlandi á árunum milli 1560 og 1565 og hófu ræktun þeirra þar. Plantan breiddist síðan út frá Indlandi um Suðaustur-Asíu og til hitabeltissvæða Afríku.

Franski grasfræðingurinn André Thevet var fyrstur manna til að lýsa plöntunni á tréristu árið 1558. Samhliða lýsingunni segir hann frá innfæddum í Brasilíu sem eru að kreista aldin trésins þegar það hangir á trénu en án frekar skýringa.

Árið 1838 segir að á Karíbaeyjum Vestur-Indía sé farið að nota kasjúeplasafa sem bland með rommi.

Fyrir aldamótin 1900 voru kasjúhnetur fáséðar á veitingahúsum í Evrópu og í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og ristaðar kasjúhentur verðlagðar svipað og rússneskur kavíar.

Ræktun á kasjúhnetum hófst ekki að nokkru ráði í Norður-Ameríku fyrir en eftir aldamótin 1900 og náðu ekki teljandi vinsældum þar fyrir en um 1940, en í dag er neysla þeirra á mann í Bandaríkjunum sú mesta í heimi.

Kenningar eru um að kasjúhnetur hafi borist til Indlands löngu áður en Portúgalar fluttu plöntuna þangað um miðja sextánda öld. Þessu til stuðnings er bent á að til séu bæði fornar ritauðar heimildir og steinmyndir frá því um 200 fyrir Krist sem gætu sagt frá og verið af kasjútré.

Nytjar

Í 100 grömmum af kasjúhnetum eru 553 kaloríur og þær innihalda 67% fitu, 36% prótein, 13% trefjar og 11% kolvetni og eru ríkar af járn, mangan, fosfór, magnesíum og B-vítamín.

Auk kasjúhnetta gefa kasjútré af sér aldin sem kallast kasjúepli og þykir gott til átu. Úr aldinu er einnig unninn sætur safi sem meðal annars er gerjaður til að búa til áfengi.

Á Indlandi kallast drykkurinn annaðhvort feni og er 40 til 42% áfengi eða urrac sem er 15%. Í Tansaníu er aldin þurrkað og síðan gerjað í vatni og búinn til sterkur göróttur drykkur sem kalast gongo.

Hýði kasjúhnetta er ríkt af olíu sem hefur verið notuð sem smurefni í flugvélar og önnur tæki, málingu, til að vatnsverja yfirborð, í blek og til vopnaframleiðslu. Kasjúhnetuolía er dökkgul á litinn og fánleg sem matarolía á salat og til annarra matargerðar. Framleiðsla hennar fer fram með einni kaldpressun.

Viður kasjútrjáa er ágætur smíðaviður og notaður í húsgögn, báta og ýmsa smáhluti. Í berkinum er tanin sem notað er til litunar.

Kasjúhnetta er mest neytt sem snakk eða sem íblöndun í ýmsa rétti og í sósar. Þær eru algengar í indverskum, pakistönskum, taílenskum og kínverskum réttum, annaðhvort heilar eða malaðar. Á Filippseyjum eru hneturnar malaðar og búið til úr þeim eins konar marsipan, sem er vafið með hrísgrjónum í deig og



Kasjúepli til sölu á Indlandi.



Óþroskaðar hnetur og aldin.



Kona af ættflokki Mameluka-Indíána í Andersfjöllum undir Kasjútré. Mynd eftir hollenska málara Albert Eckhout (1610–1665).

steikt og í Mósambík og Suður-Afríku eru kasjúhnetur muldar með kartöflum í kartöflumús sem kallast bolo polana.

Neysla á kasjúeplum er mest í löndum Suður-Ameríku þar sem það er notað í safa eða til matargerðar, soðið í pasta með sykri. Í Afríku er safi úr kasjúhnetum og kasjúeplum kallaður kasjúmjólk.

Samkvæmt alþýðulækningu er seyði sem unnið er úr berki kasjútrjáa og hnetuolfunni góð til að mýkja sigg, líkþorn og vörtur og græða munnangur. Barkarseyðið var einnig drukkið við astma, kvefi og sjúkdómum í öndunarferum. Olían er sögd vera mótverkandi á ýmis eitur, drepa sníkjudýr sem sækja í líkamann og draga úr einkennum malaríu og sýfilis.

Indverskar ayurveda-lækningar segja kasjúepli drepa iðraorma, kynlífshtvetjandi, koma í vef fyrir bjúg, magastillandi og hitalækkandi. Á Filippseyjum er sagt að laufið hafi svipuð áhrif, auk þess sem sagt er að gott sé að tyggja fersk lauf við tannverk.

Afgangs hnetur og lauf kasjútrjáa er notað sem dýrafóður og vitad er að villtir Capuchin-apar í Brasilíu nota steina til að brjóta skelina utan af kjarna kasjúhnetta áður en þeir éta þær

Neysla kasjúhnetta getur valdið



Uppskeyra og vinnsla á kasjúhnetum í heiminum tengist víða barnaprælkun og ömurlegum vinnuáðstæðum.



Kasjúepli tilbúin til gerjunar.



Kasjúhnetur brotnar úr skelinni.



Óafhýddar kasjúhnetur eru gráar að lit.

alvarlegum ofnæmisviðbrögðum hjá fólki sem er viðkvæmt fyrir slíku.



Afhýddar kasjúhnetur tilbúnar til neyslu.

Hnetan sem vildi sjá heiminn

Samkvæmt gamalli þjóðtrú þrosk-

uðust kasjúhnetur áður alfarið inni í kasjúeplinu. Fræ eitt sem gat heyrð í fuglum fljúga milli trjáanna, árnidinn, sögn skordýranna og mál trjána óskaði þess heitast af öllu að fá að sjá heiminn utan við aldinið. Skógarandi sem heyrði óskina lét hana rætast og allt frá þeim tíma hefur hnetan vaxið hálf utan við aldinið og notið útsýnisins.

Ræktun

Kasjútré eru mest ræktuð í hitabeltinu milli 25° norðlægrar og suðlægrar breiddar. Trén dafna best á láglandi og upp í þúsund metra hæð þar sem meðalhiti er milli 21° til 28° á Celsíus og loftraki er ekki of hár og og ársúrcoma milli 500 og 900 millimetrar að meðaltali. Planta hættir að vaxa fari hiti niður fyrir 17° á Celsíus og þolir ekki frost. Trén eru vindþolin og gera ekki miklar kröfur til jarðvegs og þola vel grunnan sendinn jarðveg með sýrustig milli 4,3 til 8,7.

Spírunarhæfni kasjúfræa minnkar hratt við geymslu og er ágræðsla algengasta fjölgunar-áðferðin í ræktun. Trén þola illa flutning og afföll eru talsverð við útplöntun. Að öllu jöfnu tekur átta ár frá því að unglöntum er plantað út þar til þær fara að gefa ávöxt og það tekur aldinið tvo til þrjú mánuði að ná fullum þroska eftir blómgun. Ný afbrigði geta samt gefið ávöxt eftir þrjú ár. Uppskeyra nýrra yrkja er um tonn af hnetum á hektara og mun meiri en eldri ræktunarsorta. Því fleiri hnetur sem hvert tré gefur af sér, því minni eru þær.

Uppskeyra á kasjúhnetum er mannfrek og ekki hefur tekist að vélvæða hana. Þegar aldinin hafa náð fullum þroska falla þau af trjánun og er þeim safnað á innan við þremur dögum til að koma í veg fyrir skemmdir. Eftir að hnetunum er safnað eru þær léttristaðar, afhýddar og síðan pakkað.

Uppskeyra og vinnsla á kasjúhnetum í heiminum tengist víða barnaprælkun og ömurlegum vinnuáðstæðum þúsunda, aðallega kvenna og barna, í Asíu, á Indlandi og í Afríku.

Kasjúhnetur á Íslandi

Lítið fer fyrir umfjöllun um kasjúhnetur í íslenskum fjölmiðlum fram undir 1990, en þá fer þeim að bregða fyrir í mataruppskriftum og auglýsingum.

Meðfylgjandi uppskrift að ávaxta- og kasjúhnetuís fyrir þrjú til fjóra birtist í Bændablaðinu fyrir tæpum áratug.

- 125 grömm kasjúhnetur.
- 500 millilítrar hreinn appelsínusafi.
- 240 grömm mjúkar og gróft saxaðar döðlur.
- 150 grömm smátt saxað mangókjöt.
- Einn stór og vel þroskaður banani.

Setjið kasjúhneturnar í matvinnsluvél og malið þær í um tvær mínútur. Skafið hliðar matvinnsluvélarinnar og malið áfram í tvær til þrjár eða þangað til hneturnar eru vel maukaðar. Setjið í stóra skál. Saxið döðlurnar gróft og setjið í matvinnsluvélina ásamt appelsínusafanum. Blandið í eina til tvær mínútur eða þangað til döðlurnar eru líka vel maukaðar. Setjið í skálina. Afhýðið mangó og banana og skerið í litla bita. Setjið síðan í matvinnsluvél og blandið í eina mínútu eða þangað til það er vel maukað. Setjið í skálina og hrærið vel saman. Hellið blöndunni í grunnt plastbox og setjið í frystinn. Takið úr frystinum á um hálf tíma til klukkustundar fresti og brjótið ískristallana ef þeir myndast. Endurtakið þangað til erfitt er orðið að hræra í blöndunni. Látið ísinn þiðna í ísskáp í um 30–40 mínútur áður en hann er borinn fram.

LESENDABÁS – Í HEIMSÓKN HJÁ SAUÐFJÁRBÆNDUM

Bændur þurfa líka að lifa! – Herhvöt ungu mannanna!

„Enginn bóndi, enginn sjómaður, ekkert líf. Ísland er að verða eitt besta landbúnaðarland heimsins; „vitið þér það?“ Grasaræktarland, rigningarland, kuldinn er auðlind, kalda og heita vatnið og búfjárstofnarnir fjársjóður. Ekkert eitur í móðurjörð. Minnsta pensilínotkun í dýr í heiminum, ekkert pensilín í fóður.“

Svona hljómaði upphringingin frá vini í útlöndum þennan örlagaríka morgun. En það var venjulegur mánudagur í febrúar, vikan að byrja og ég er að aka yfir Hellisheiði í slyddu sem von bráðar mun breytast í rigningu.

Að hitta unga bændur

Síminn hringir og ég svara, heyrni ungs manns rödd hinum megin, hann kynnir sig, Birgir Þór Haraldsson, bóndi á Kornsa í Vatnsdal. Erindið er að bjóða mér með sér síðdegis upp í hreppa og tungur að hitta unga bændur, sauðfjárbændur. Hann segir verða kominn á Selfoss klukkan sex, ég slæ til og segist bíða á gamla Bellubar, sem enn ber nafn Bellu vinkonu minnar frá Kjartansstöðum, sem lifir í hárríelli.

Bóndinn á Kornsa er barnungur sauðfjárbóndi og rennur blóðið til skyldunnar að berjast fyrir landbúnaði og bættum kjörum bænda. Hann segir að fyrst munum við aka upp að Götu í Hrunamannahreppi þar séu vaskir drengir að smíða, þeir Trausti Hjálmarsson í Austurhlíð og Rúnar Björn Guðmundsson á Vatnsleysu og þar muni

bætast í hópinn Jón Bjarnason, hreppsnefndarmaður, galvaskur Sjálfstæðismaður af framsóknarkyni frá Seglbúðum og Skipholti ásamt Aðalsteini Orra Arasyni úr Skagafirði og af Vaðbrekkukyni.

Smíðirnir eru að ljúka störfum svo við tökum snarpan fund um stöðu landbúnaðarins og mikilvægi hans í matvælaframleiðslu landsins og fæðuöryggi.

Það liggur við að ungu mennirnir jarmi, svo mikill er áhugi þeirra á að reisa sauðfjárbúskapinn og landbúnaðinn úr félagslegri nauð eigin samtaka og hann verði ekki áfram niðursetningur í horni ríkisstjórnarinnar. Við tökum djarfa ákvörðun strax þarna í Götu, enda við hæfi þar sem Grímur Sæmundsen í Bláa Lóninu er eigandi viðburðahússins og sá hefur nú lyft grettistaki í ferðapjónustunni.

Strákarnir verða sammála um slagorð fyrir uppreisnina og baráttuna; „Bændur verða líka að lifa.“

Þeir segja að það sé óboðlegt að borga aðeins 450 krónur til bóndans á kíló af besta lambakjöti heimsins, sannkallaðri villibráð.

Lambakjöt er ekki „hænsnamatur á hundafati“ svo vitnað sé til orða þess merka manns Helga heitins Haraldssonar á Hrafnkelsstöðum. Bæði hryggur og lambalæri ættu að vera á pari við dýrustu nautasteik, segja þeir.

Trausti upplýsir að reiknað tap sauðfjárbænda út frá vísitölu séu



Aftari röð frá vinstri: Jón Bjarnason, Birgir Þór Haraldsson, Trausti Hjálmarsson. Fremri röð frá vinstri: Guðrún Svanhvít Jónasdóttir, Guðni Ágústsson og Kristín Magnúsdóttir.

sjö milljarðar á sjö árum, eða einn milljarður á ári. Úps, heyrst í smíðunum. Ég sting því upp á 750 kr. á kíló í haust og ekkert lamb í sláturhús fyrr en öll félögin hafi fallist á verðið.

Í Færeyjum fá bændur 1.890 kr. á kíló hefur ég eftir bóndanum í Kirkjubæ. Þeir halda að sláturleyfishafar og gömlu bændurnir verði þessu mótfallnir og verslunin brjálud. Við verðum sammála um að þetta sé eins og líf og dauða og, „verður sé bóndinn launa sinna“, verðið er slegið 750 kr. á kíló.

Sauðkindin er félagsmálatröllið

Þá höldum við að Langholtskoti, þar stendur til að sóna gemlinga Unnsteins bónda, mættur er Gunnar Björnsson, bóndi á Sandfelli í Öxarfirði ásamt Rögnvaldi Leifssyni, ungum manni frá Leifsstöðum í sömu sveit.

Gunnar segir það sannkallaða skemmtiferð að koma suður og hitta bændur og sóna féð. Hann sér allt í galdratækinu hvenær lömbin komu undir upp á dag. Og þarna eru mættir Bjarni Valur Guðmundsson í Skipholti og Eiríkur Kristófersson á

Grafarbakka, einn fjárflesti bóndinn í hreppnum.

Okkur er fagnað og Unnsteinn bóndi segir að mikil hamingja og félagslíf fylgi blessaðri sauðkindinni, hann finni það best eftir að hann tók fé aftur. Hann hafði fengið sér 16 gimbrar í haust og einn hrút. Útkoman er góð, ein geld allar hinar tvílembdar og aðeins ein einlembd. Fallegur kollóttur hrútur hefur misst tign sína, strax orðinn sauður því ræktunin gengur best séu hrútar ekki hafðir gamlir.

Við ræðum um ofeldi búfenaðarins, offeitar ær eru oftast geldar. Ofeldi borgar sig illa á mönnum og skepnum og Kári Stefánsson segir þetta vera heimsku.

Við drekkum kaffi undir myndinni af föður Unnsteins, Hermanni Sigurðssyni, á einum frægasta gæðingi Íslands, Blæ frá Langholtskoti. Við ræðum hvernig sauðfjárbýggðirnar eru að fara í eyði, jarðirnar falli út hver af annarri því lífskjörin séu ekki ungu fólki boðleg. Og þeir halda að það sé rétt hjá mér að Kínverjar kunni að byggja íslenskar sveitir í framtíðinni og flytja kjötið út um Finnafjörð.

Nú sé ástandið fyrir norðan ekki gott því þeirra gamli foringi sauðfjárbændanna, Jóhannes Sigfússon á Gunnarsstöðum og Fjóla kona hans, skipti rúmi sínu, hún sofi Ratklísmegin en hann Íslandsmegin. Landið er á förum úr höndum bænda. EES-samningurinn gaf enga undanþágu og nú er Ísland þetta náttúruundur þar sem auðjofrar geta á einni nóttu keypt upp heilu héruðin, eins og Pistilfjörð, Vopnafjörð eða bara Hrunamannahreppinn.

Fálkinn er floginn af gaflinum

Næst er ferðinni heitið að Vatnsleysu til Rúnar bónda Guðmundssonar en hann hefur byggt eitt glæsilegasta fjárhúsið í landinu. Við göngum inn í helgidóminn, förum í bláa sokka á fætturna en setjum



Ungu Sjálfstæðismennirnir í fjárhúsinu á Vatnsleysu við gaflinn þar sem fálkinn var. Birgir Þór Haraldsson, Aðalsteinn Orra Arason, Jón Bjarnason og Rúnar Björn Guðmundsson bóndi.



Í fjárhúsinu í Langholtskoti. F.v. Unnsteinn Hermannsson, Bjarni Guðmundsson, Gunnar Björnsson, Rögnvaldur Leifsson, Jón Bjarnason, Birgir Þór Haraldsson, Guðni Ágústsson og Eiríkur Kristófersson.



Hermann Sigurðsson í Langholtskoti á Blæ 1966 á Landsmóti hestamanna á Hólum.



Trausti Hjálmarsson með forystusauðinn Keisara.

ekki upp bláu höndina, allt er snurfusað og fínt, ærnar fallegar og loftslagið heilnæmt eins og á besta hóteli. Strax vekur það athygli mína að fálkinn, merki Sjálfstæðisflokksins, er horfinn af gaflinum. En í þessu fjárhúsi var haldinn frægasti stjórnmalafundurinn fyrir síðustu kosningar, Bjarni Benediktsson stóð undir ránfuglinum og boðaði mönnum trú og bændum bjartsýni.

LESENDABÁS

Landbúnaður, umhverfi og matur – órjúfanleg heild

Heimsbyggðin er að verða meðvitaðri en áður um þá alvarlegu stöðu sem við blasir í umhverfismálum. Mörg, ef ekki flest, mannanna verk eru ekki í góðum takti við ferla náttúrunnar. Landbúnaður er þar engin undantekning. Við erum að taka meira en heimurinn getur gefið okkur.

Aðaláherslur í matvælaframleiðslu í heiminum hafa verið framleiðsluaukning og minni framleiðslukostnaður. Þetta þarf að breytast. Tími sóunar og rányrkju er liðinn. Það er einkum fernt sem við þurfum að varðveita og fara vel með, þ.e. jarðvegurinn, vatnið, hráefnin og hitastig jarðar. Þrátt fyrir blikur á lofti er engin ástæða til að órvænta, við búum yfir mikilli þekkingu og viðfangsefnum eru víðráðanleg.

Sjálfbær hringrás er mál mállanna í dag. Landbúnaður á Íslandi á langt í land til að geta kallast sjálfbær. Tugir þúsunda tonna af hráefnum eru flutt til landsins árlega. Nokkur innflutningur hráefna er nauðsynlegur, en hægt er að gera mun betur í því að nýta þá kosti sem gætu verið í boði innanlands. Hér er bæði átt við framleiðslu hráefna og aukna fjölbreytni í jarðrækt. Stutt er síðan að stöðug aukning var í kornrækt á Íslandi. Undanfarin ár hefur þetta aftur á móti snúist við. Eflaust eru ýmsar skýringar á því, s.s. verra árferði, hagstætt verðlag erlendrar framleiðslu og breyttir búskaparhættir sem hafa kallað á aukna gjöf innflutts kjarnfóðurs.

Tilbúinn áburður er nú allur innfluttur, ásamt því að vera utanaðkomandi hráefni, en ekki hluti af náttúrulegri hringrás. Tilbúinn áburður er jafnframt takmörkuð auðlind sem ber að fara vel með. Til að draga úr notkun tilbúins áburðar þurfa landbúnaðurinn og óskýldar greinar að vinna að því að þróa leiðir til að gera lífrænan úrgang að gengilegum og öruggum áburði. Mikið fellur til



Grétar Hrafn Harðarson.

af vannýttum áburðarefnum en það er enn fjárhagslega óhagkvæmt að nýta þau miðað við núverandi verðlagningu tilbúins áburðar. Kostir lífræns áburðar eru líka þeir að hann bætir jarðveginn og vinnur á móti líffræðilegum fábreytileika sem óhjákvæmilega fylgir ræktun lands.

Mikið af hráefnum sem nauðsynleg eru bæði í jarðrækt og fôðrun búfjár eru aðeins til í takmörkuðu magni í heiminum og þess vegna þarf að nota þessi efni aðeins í því magni sem nauðsynlegt er. Þetta kallar á meiri nákvæmni og aukna faglega aðkomu.

Marga aðra þætti er hægt að nefna sem þarf að takast á við til að auka sjálfbærni og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum landbúnaðar. Þetta eru þættir eins og jarðefnaeldsneyti, rúlluplast o.fl. Víða erlendis er landbúnaðurinn virkur í eldsneytisframleiðslu eins og etanóli og metani. Ólíklegt er að slík þróun fari í gang hérlendis að nokkru gagni, en líklegra að landbúnaðurinn fylgi almennri þróun í landinu. Hins vegar getur landbúnaðurinn gegnt lykilhlutverki í kolefnisbindingu með ræktun ógróins lands og

endurheimt mýrlendis. Plastnotkun í landbúnaði er umtalsverð og mjög umdeild. Þar, eins og svo oft, ræður fjárhagsstaða bænda til skemmri tíma hvaða leiðir eru farnar. Eitt er víst að hægt væri að draga úr plastnotkun og bæta heyverkun mjög hratt ef stefnan væri tekin á varanlegar fôðurgeymslur.

Líta þarf heildstætt á framleiðsluferla landbúnaðarvæna, alveg frá frumframleiðslu til neytenda. Erlendis er farið að tala um „hringrásar“ landbúnað (circular agriculture) í þessu sambandi, þar sem megináherslan er lögð á samstarf bænda, vísindamanna, fyrirtækja og stofnana í að þróa landbúnað sem nýtir nútíma tækni og þekkingu til að framleiða holla vöru, á eðlilegu verði og með sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Mikilvægt er að matvælaframleiðsla njóti trausts og virðingar í samfélaginu. Afkoma framleiðenda og úrvinnsluaðila þarf að vera viðunandi svo hægt sé að tryggja trúverðugleika og sækja fram í þróun. Í hinum vestræna heimi er ofgnótt af flestu og því tilhneiging til að fara illa með. Kannski eiga minni tengsl og skortur á samkennd neytenda og framleiðenda þátt í því að matarsóun hefur verið að aukast. Stytta þarf leiðir frá framleiðendum til neytenda, ekki eingöngu til að minnka kolefnisspor heldur líka til að auka samkennd og virðingu fyrir matvælum.

Málefni landbúnaðarinn og umhverfisins verða á dagskrá málþings, sem Rótarýklúbbur Rangæinga og Landgræðslan standa fyrir í húsakynnum Landgræðslunnar í Gunnarsholti, fimmtudaginn 27. febrúar kl. 13.00. Allir sem áhuga hafa á landbúnaði og umhverfismálum eru velkomnir. Ókeypis aðgangur.

Grétar Hrafn Harðarson



Aðalsteinn Orri Arason, Trausti Hjálmarsson, Guðni Ágústsson og Jón Bjarnason í fjárhúsumum í Austurhlíð.

Sá boðskapur og sú hjartsýni hefur því miður snúist upp í andhverfu sína því ríkisstjórnin hefur ekki reist merki bænda við og ráðherra málaflokksins er steingeldur.

Fálkinn er horfinn og það boðar eitthvað válegt fyrir Sjálfstæðisflokkinn, nema eitthvað nýtt gerist, verði ærleg vakning. Niðurlægðin á stjórnsýslu landbúnaðarinn hefur staðið frá 2007 og aldrei hafa ríkisstjórnir snúist til baka. Landbúnaðarráðuneytið er ekki til, því hefur verið lokað og félagskerfi landbúnaðarinn er sundurhöggt og lamað. Innviðirnir skaðaðir og eyðilagðir af mannavöldum, landbúnaðarráðuneytið, fagstofnanir landbúnaðarinn og félagskerfið.

Í vaxandi mæli er verið að færa bændum í Evrópu vinnu íslenskra bænda í öllum búgreinum. Stórþóndinn á Vallá í Reykjavík, Geir Gunnar, segir; „að nú verði Íslendingar að draga strik í sandinn, stöðva undanhaldið eigi landbúnaðurinn að lifa af. Hér eigi stjórnmaðlamenn orðið heimsmet í eftirgjöf í innflutningi á landbúnaðarvörum sem engin önnur þjóð láti sér detta í hug. Og afríska svínapestin farin að leika Evrópu grátt.“

Riotinto gamli ræðir bæði við ríkisstjórn og Landsvirkjun um Álverið í Straumsvík. Bændur verða ekkert síður að taka sín mál upp við blessaða ríkisstjórnina. Líf bóndans og framtíð sveitanna krefst þess.

Fjaldrottningin Guðrún Svanhvít

Að lokum var svo haldið að Austurhlíð til Trausta frænda míns Hjálmarssonar og Kristínar Magnúsdóttur, konu hans. Þær frænkur, Kristín og Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir í Bræðratungu, koma svo til fundar síðar. Þær voru á fundi hestamanna þar sem reiðgarpurinn Hermann Árnason er með erindi um fjallaferðir og hvernig skuli ríða straumþung fljótt.

Hann reið leið Flosa á Svínafelli norðan jökla á Þríhyrningshálsa í fyrri til brennunnar á Bergþórs-hvoli. Nákvæmlega það sem bændur verða að gera í sínum málum til að bjarga sveitunum og íslenskrí matvælaframleiðslu og landbúnaðinum, ríða stórfjótt, safna liði og berjast.

Matvælaöryggi er ekki bara fólgið í því að eiga nægan mat, það er líka að eiga matvæli sem eru holl í orðsins fyllstu merkingu, valda hvorki skaða í bráð eða lengd. Svo ekki sé minnst á kjötið sem býr til pensilínópolíð í mönnum



Báðir ættaðir úr Flóanum, Guðni frá Brúnastöðum en Rúnar Björn Guðmundsson frá Litlu-Reykjum.

og nú tröllríður hinum vestræna heimi. Eða búa við ógnvænlega dýrasjúkdóma sem fara oft eins og eldur í sinu um Evrópu.

Það verður fagnaðarfundur þegar þær stöllu bætast í hópinn. Guðrún Svanhvít, landsfræg eftir þáttinn í Silfrinu þar sem Egill Helgason varð eins og bráðið smjör, svo snörp var framganga hennar í þættinum í baráttunni fyrir frelsi fjallanna og afréttanna. En Lækna-Tómas var þar grátt leikinn því frasarinn frusu á vörum hans. En hann eins og umhvefísráðherra, sem nú kallast Guðmundur góði, og fer um landið og helgar það eins og nafni sinn á Hólum forðum, þeir vilja nú launaða reglugerðarmenn, hliðverði og rukkara úr Reykjavík á afréttina.

Guðrún Svanhvít er fædd undir hálendisbrúninni á Kjóstöðum og faðir hennar einn af sextán systkinum, jafn mörgum og á Brúnastöðum, og oft finnst mér að við systkinin eigum þau sem hálf-systkini. Hún vitnaði í Sigríði í Brattholti sem bjargaði Gullfossi forðum frá gullgröfurunum en nú hefur rödd Guðrúnar og framganga vakið bændur til baráttu við að verja afréttina og þjóðlenduna. Við Birgir Þór á Kornsa hverfum svo til baka um miðja nótt glaðir í hjarta, enn er til fólk í sveitunum sem vill berjast og þolir ekki órétt, og alls ekki að bændur og landbúnaðurinn sé fótum troðinn.

„Ef æskan þér réttir öryandi hönd ertu á framtíðarvegi.“ Áfram bændur. Aðalsteinn Orri sendir mér kveðju morgunninn eftir í anda hagyrðinganna frænda sinna og Jónasar Hallgrímssonar:

*Dauf er í sveitum,
húpin þjóð í vanda;
en lágum hlífir hulinn
verndarkraftur,
hreppunum, þar sem
Guðni sneri aftur.*

Guðni Ágústsson

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Ný kynslóð 100% rafmagn!

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftiget**u og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ivar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is





GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Ingólfur Guðnason fagbrautarstjóri ásamt nemendum.
Myndir / Nemendur garðyrkjuskólans.

Skemmtilegt starfsnám við Garðyrkjuskólann

Nú þegar líða fer að vori eru margir byrjaðir að hlakka til betri tíma eftir rýsjóttan vetur og þá sérstaklega við garðyrkjunemar sem sjáum sumarið í hillinum. En þó eru líka blendnar tilfinningar í gangi, við erum nefnilega mörg sem klárum námið okkar í vor og útskrifumst.

Við staðarnemar við Garðyrkjuskólann sem byrjuðum í námi haustið 2018 og erum að útskrifast í vor kveðjum skólann með trega. Þessi tími á Reykjum er búinn að vera æðislegur. Námið er ótrúlega gefandi og skemmtilegt og vilja kennarar og starfsfólk skólans allt fyrir mann gera. Auk þess er andrúmsloftið í skólann svo nærandi, enda erum við umvafin plöntum alla daga.

Fjölbreytt nám

Námsbrautirnar eru margvíslegar og fjölbreyttar en flestir læra sama grunninn. Á ylræktarbraut er kennt allt um gróðurhús og ræktun í þeim, hvort sem það er grænmeti, pottaplöntur eða afskorin blóm. Lífræna brautin veitir mikla innsýn í lífræna framleiðslu, hvernig skuli staðið að henni og hvaða reglum ber að fylgja en þar eru mikil sóknarfæri. Garð- og skógarplöntubraut kennir allt um framleiðslu plantna og almenna garðyrkjufraði. Á blómaskreytingabraut er kennt hvernig eigi að hugsa um afskorin blóm og greinar og búa til skreytingar fyrir öll tilefni, eins og jarðarfarir, fermingar og brúðkaup. Á skógræktarbrautinni er kennt

allt um skógrækt, vistfræði, umhverfisfræði og þess háttar. Skrúðgarðyrkjubrautin kennir hellulögn, viðhald lóða, útplöntun og fleira og er það lögfest íðngrein sem lýkur með sveinsprófi.

Fjölbreytt félagslíf

Félagslífið er fjölbreytt og kynnast bæði staðarnemar og fjarnemar. Eitt stærsta félagsstarfið er þegar nemendur fá þann heiður að sjá um skipulagningu sumardagsins fyrsta en þá er mikil hátíð á Reykjum þar sem almenningi er boðið að kynnast starfinu þar. Allur ágóði dagsins fer í utanlandsferð nemenda að hausti og er það meiri háttar ferðalag sem við getum heilshugar mælt með. Allt sem við höfum lært í skólann er afar gagnlegt og hefði okkur ekki órað fyrir því hvað við myndum læra mikið á stuttum tíma.

Fjölbreytt tækifæri

Atvinnutækifærin eru mörg að námi loknu og hlökkum við til framtíðarinnar á vinnumarkaði. Það að vinna við garðyrkju heldur manni ávallt ferskum því umhverfið er svo skapandi og fjölbreytt frá degi til dags. Við viljum nýta tækifærið og þakka samnemendum og kennurum fyrir dásamlegan tíma og bjóða nýja nemendur velkomna í skólann í vor. Þið eigið svo sannarlega góða tíma í vándum.

Nemendur Garðyrkjuskólans



Guðríður Helgadóttir við kennslu.



Jón Kristófer og nemendur í tilraunahúsinu.

Á FAGLEGUM NÓTUM



Því betur sem bændur hlúa að kvígumum og kúnum síðustu vikurnar fyrir burð, því meiri eru líkurnar á því að gripirnir verði hraustir og skili auk þess góðum afurðum.
Mynd / HKr.

Geldstaðan er upphaf mjaltaskeiðsins



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Þó svo að flestir kúabændur líti á burð sem upphaf mjaltaskeiðs, má færa góð rök fyrir því að í raun hefjist nýtt mjaltaskeið með geldstöðunni. Á þessu tímabili er jógurvefurinn undirbúinn undir komandi framleiðslutímabil og hér þarf ótal margt að ganga upp, svo vel eigi að vera.

Það mætti bera saman upphaf mjólkurframleiðsluferilsins við prentun Bændablaðsins, en þegar komið er að prentuninni sjálfri liggur að baki mikil vinna við greinaskrif, uppsetningu og annað sem þarf svo blaðið standi undir nafni. Sama á við um mjólkurframleiðsluna en þegar hún hefst hefur jógurvefurinn og kýrin sjálf staðið að undirbúningi í margar vikur. Svo allt gangi vel upp, þarf að undirbúa málið vel og koma framleiðsluferlinu í réttan farveg.

Þetta gildir ekki einungis um kýr heldur svo sannarlega kvígur líka og því betur sem bændur hlúa að kvígumum og kúnum síðustu vikurnar fyrir burð, því meiri eru líkurnar á því að gripirnir verði hraustir og skili auk þess góðum afurðum.

Kvígum þarf að sinna

Of víða eru kvígurnar látnar vera út af fyrir sig allt fram að burði og margir sem líta ekki á tímabilið með kvígurnar síðustu 6 vikurnar fyrir burð með sama hætti og geldar kýr, en þær hafa í raun sömu þarfir og því á að meðhöndla þær eins og geldar kýr. Það er þó vandmeðfarið að sinna þeim vel því reynslan sýnir að best er að hafa þær ekki með kúnum vegna vandamála með virðingarröðina og t.d. á stærri búum, þar sem hægt er að hafa kvígurnar í sér hópi á fyrsta mjaltaskeiði, þá skila þær mun meiri afurðum en séu þær hafðar saman við hóp eldri kúa.

Þetta skýrist af eineltistilburðum sem sjást hjá eldri kú, sem oft hefur þau áhrif að kvígur éta hreinlega minna og hvílast minna en hinar sem eldri eru. Til þess að geta útbúið almennilegt skipulag fyrir kvígurnar síðustu vikurnar fyrir burð þá segir sig sjálft að nauðsynlegt er að hafa vitneskju um daginn sem þær festa fang sem er lítið mál séu þær sæddar en getur verið vandamál, en vissulega hægt líka, sé þarfanaut notað.



Því er afar mikilvægt einmitt á þessu tímabili að tryggja kvígum og kúum gott rými og næði svo þær geti étíð það sem við ætlumst til að þær geri.

Að gelda upp

Hér áður fyrr voru kýr oftast geldar upp þegar lítið var í þeim en í dag er mun algengara að gelda þær upp sem eru enn í töluverðri framleiðslu og jafnvel í tug lítra framleiðslu á dag. Fyrst ætti alltaf að senda sýni í PCR greiningu áður en kýrin fer í geldstöðu, svo hægt sé að meðhöndla mögulega sýkingu í geldstöðunni með réttum lyfjum.

Oft eru kýrnar þá settar á létt fóður, svo framleiðslan minnki og séu kýrnar hraustar þá þær vel að hætt sé að mjólka þær bratt, jafnvel þó þær séu í mikilli nyt. Skýringin felst í því að mjólkurframleiðslan er hormónatengd og þegar hætt er að mjólka kúna, bregst líkaminn hratt við. Það getur þó verið kostur að létta á mjólkurþrýstingnum eftir 1–2 daga ef sérstök ástæða þykir til þess.

Í þessum hluta geldstöðunnar eru kýrnar viðkvæmar fyrir jógurbólgu og við mælum oftast með því að þær séu spenadyfðar í a.m.k. eina viku eftir upphaf geldstöðunnar, til að gefa þeim meðbyr að takast á við umhverfisbakteríur. Það gerir líka það að verkum að það verður fylgst sérlega vel með kúnum þessa fyrstu viku, sem einmitt er mikilvægt ef upp koma vandamál. Í upphafi geldstöðunnar myndast keratín-tappinn í spenagöngunum en hann gegnir því hlutverki að loka spennum á meðan geldstaðan stendur yfir. Það er misjafnt hvað þessir tappar myndast hratt og því er spenadyfning góður kostur á meðan þetta gerist.

Gefa þeim pláss

Eitt af því sem við sjáum of víða í heiminum er að það rými sem kvígum, sem komnar eru undir burð, og geldum kúum er ætlað er alls ekki nógu gott. Í raun ætti að nýta bestu aðstöðuna einmitt fyrir geldar

kýr og kvígur en þeirra þarfir eru nokkuð einfaldar: þær vilja hreint rými, mjúkt og þurr, hafa aðgengi að góðu vatni og fódri auk þess að hafa næði og rými til að hvílast. Tilfellið er hins vegar að oft eru nýtt einhvers konar afgangsrými fyrir þessa gripi og mjög oft er rýmið takmarkað, en eins og hér að framan segir er það einkar óheppilegt vegna virðingarráðarinnar.

Þar sem fæstir eru með það stóra hjörð að hægt sé að hafa kvígur og geldar kýr hvorar í sínum hópnum svo vel eigi að vera, þarf meira rými en ella svo óþarfa árekstrar milli kvíga og eldri gripa séu lágmarkaðir. Þá þarf einnig að vera gott pláss við fóðurganginn þar sem átgetan fellur síðustu þrjár vikurnar í geldstöðunni. Því er afar mikilvægt einmitt á þessu tímabili að tryggja kvígum og kúum gott rými og næði svo þær geti étíð það sem við ætlumst til að þær geri. Þær eru líka á þessu tímabili orðnar miklar um sig og þurfa því rúmgóða legubása.

Oft of feitar

Annað vandamál sem sést víða er ólag á fóðrun kvígganna þegar líður á seinni hluta meðgöngunnar og kúnna á síðari hluta mjaltaskeiðs. Á þessu tímabili eykst oft fitusöfnunin og séu t.d. kýrnar þegar orðnar feitar í upphafi geldstöðunnar, er orðið of seint að bregðast við. Þá er svo sem hægt að halda í horfinu en í raun of seint að draga úr holdastigi þeirra.

Þegar komið er að þessum tímamarki ætti holdastigið að vera um 3,00–3,25 og ekki hærra en 3,50 en ef kvígur eða kýr holdastigast allt of hátt getur það leitt til allskonar vandamála þegar komið er að burði og eftir burðinn. Þetta er vandamál sem við sjáum á kúabúum um allan heim og skýrist auðvitað af gríðarlega breyttri fóðurbörf



Í raun þarf að þrískipta fóðri í geldstöðunni. Fyrsta fódurgerðin er gefin þegar kýrnar eru að geldast upp, önnur fódurgerðin á fyrri hluta geldstöðunnar og svo þriðja fódurgerðin á síðari hluta geldstöðunnar. Mynd / HKR.

samhliða mikilli átgetu á síðari hluta meðgöngunnar.

Því stærri sem búin eru, því auðveldara er yfirleitt að leysa þetta vandamál en þá eru búinir til nokkrir mismunandi fódrunarhópar þar sem holdafarinu er stýrt nokkuð stíft. Á minni búum er fjöldi gripa einfaldlega ekki nógu mikill til þess að það sé mögulegt eða hagkvæmt að búa til mismunandi fódrunarhópa. Á móti kemur að þá er hægt að taka gripa í einstaklingsmeðferð og forðast því þannig að fá alltof feita gripa.

Tvö tímabil í geldstöðunni

Geldstaðan er talin vera hæfilega löng ef hún er 45–60 dagar, en tilraunir hafa sýnt að sá tími hentar jógurvefnum best til að undirbúa sig undir komandi mjólkurframleiðslutímabil. Erlendis er oftast í dag miðað við 6–7 vikur í geldstöðu og raunar ekki lengur talað um geldstöðu sem slíka yfir allt tímabilið heldur nú orðið talað um tímabilin allt að 3 vikum fyrir burð og svo 3 vikum fyrir burð og að burði. Þessi tvö tímabil kallast á ensku „far-off“ sem kalla mætti fyrri hluta geldstöðu og svo „close-up“ sem er þá síðari hluti geldstöðu. Ástæða þess að þessi tvö tímabil eru höfð aðskilin í geldstöðunni, er

breyting á fódrun og ástandi bæði kvígna og kúa.

Fyrri hluti geldstöðunnar

Á þessu tímabili fara þær á hefðbundið geldstöðufóður, sem er töluvert orkulægra í styrk en þegar kemur að síðari hluta geldstöðunnar.

Síðari hluti geldstöðunnar

Á þessu tímabili er fósturvöxturinn á sínu lokastigi og orkuþörf kúnna og kvíganna mikil en samtímis er átgetan minni og minnkar oft enn frekar þegar líður að burði. Þetta er óheppilegt í alla staði enda eiga kýrnar helst ekki að vera í of miklu neikvæðu orkujafnvægi fyrir burðinn. Af þessum sökum er fódruninni breytt á þessu tímabili og orkustig þess hækkað en þó ekki meira en svo að gripirnir séu rétt undir orkujafnvæginu því þá örvast brennsla á fitufórða sem er mikilvægt ferli þegar mjólkurmyndunin er komin í fullan gang.

Viku fyrir burð mælum við einnig með því að sett sé góð joddyfa á spenana bæði á kvígnum og kúnum svo minnka megi líkurnar á því að þær fái jógurbólu um eða eftir burðinn. Þessa síðustu viku er líkaminn undir

miklu álagi og mótstöðuaflið er í ójafnvægi, m.a. vegna breytinga á hormónastarfseminni. Á sama tíma er jógurvefurinn að hefja framleiðslu sína og oft losnar um keratín-tappana í spenaendunum samhliða. Þá geta bakteríur komist inn í spenann og jógurholið og samtímis eru möguleg áhrif langvirkra geldstöðulyfja, hafi þau verið notuð, orðin hverfandi og því hamla þau ekki lengur fjölgun á bakteríum. Með því að hlífa spenaendunum með góðri dyfu er hins vegar hægt að draga verulega úr líkunum á því að þetta gerist.

Fóðrunargæðin

Í raun þarf að þrískipta fóðri í geldstöðunni. Fyrsta fódurgerðin er gefin þegar kýrnar eru að geldast upp, önnur fódurgerðin á fyrri hluta geldstöðunnar og svo þriðja fódurgerðin á síðari hluta geldstöðunnar. Hvernig fóðrið á að vera samsett er auðvitað háð því hvaða fóðurgæði eru í boði hverju sinni á viðkomandi búi en hafa þarf sérstaklega í huga orkustig fódursins eins og hér að framan segir, en einnig að bæði steinefni og vítamín séu í samræmi við þarfirnar. Rétt er að benda á að alltaf er mælt með því að fóðuráætlan sé gerð af fagfólki með sérmenntun á þessu sviði.

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýrtruðu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum
• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að pantast í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer
Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



Led húsnúmerinn er einnig hægt að skoða og versla hjá Skómeistararnum í Smáralind

EYJALIND **GRAMMER**

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Lely Center Ísland **DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI**

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Magnús Leópolddsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is



Útflutningur á kindakjöti dróst saman um 19% á síðasta ári


Unnsteinn Snorri Snorrason
frankvæmdastjóri
Landssamtaka sauðfjárbænda
unnsteinn@bondi.is



Heildarútflutningur á kindakjöti árið 2019 var 2.866 tonn sem er 19% samdráttur frá árinu áður þegar salan var 3.524 tonn. Heildarverðmæti útflutnings var 1.907 milljónir en var árið 2018 2.231 milljón. Reiknað einingaverð útflutnings 2019 er 665 kr/kg, hækkar milli ára um 5%, var árið 2018 633 kr/kg.

Útflutningur á fersku kindakjöti árið 2019 var aðeins 61 tonn samanborið við 323 tonn árið áður. Munar hér mestu um að Whole Foods-verslunarkerðjan í Bandaríkjunum hættu innflutningi á íslensku lambakjöti á síðastliðnu ári.

Heildarútflutningur af frosnu kindakjöti árið 2019 var 2.805 tonn. Dregst saman um 400 tonn frá árinu áður. Á sama tíma eykst heildarútflutningsverðmæti á frosnu kindakjöti úr 1.820 milljónum árið 2018 í 1.847 milljónir árið 2019. Einingarverð á frosnu kindakjöti hækkar þannig um 16% milli ára,




fer úr 569 kr/kg árið 2018 í 659 kr/kg árið 2019. Frosið kindakjöt er 98% af öllum útflutningi árið 2019.

Útflutningi á frosnu kindakjöti má skipta í þrjú meginflokkka. Lambakjöt, sem telur um 1.399 tonn (49% af heildar útflutningi), kjöt af fullorðnu sem telur um 720 tonn (25%) og annað fryst kindakjöt

með beini og annað fryst úrbeinað lamba- og kindakjöt, sem telur 686 tonn (24%). Í síðasta flokknum er fyrst og fremst um að ræða slög.

Reiknað einingaverð á frosnu lambakjöti hækkar um 16,3% milli ára, fer úr 669 kr/kg árið 2018 í 779 kr/kg árið 2019.

Árið 2019 voru flutt út 428 tonn




Afkoma af útflutningi kindakjöts árið 2019 er talsvert betri en hann var árið á undan. Kemur þar bæði til að verðþróun á mörkuðum er hagstæð sem og gengisáhrif. Þá er ljóst að samhlíða minni framleiðslu dregur úr útflutningi.

af lambakjöti í heilum og hálfum skrokkum fyrir um 318 milljónir. Reiknað meðalverð ársins er 745 kr/kg, það er 55% hækkun milli ára þar sem einingaverð ársins 2018 var 481 kr/kg.

Afkoma af útflutningi kindakjöts árið 2019 er talsvert betri en hann var árið á undan. Kemur þar bæði til að verðþróun á mörkuðum er hagstæð sem og gengisáhrif. Þá er ljóst að samhlíða minni framleiðslu dregur úr útflutningi. Eftir standa þeir markaðir sem greiða besta verðið. Sú þróun skýrir að hluta

til þann viðsnúning sem greinilega er orðinn í útflutningi. Þróun erlendrar markaðs benda til þess að það verði áfram hækkun á heimsmarkaði á þessu ári. En hins vegar eru nokkuð stórir óvissuþættir sem geta haft veruleg áhrif á endanlega niðurstöðu. Má þar m.a. nefna þróun á kjötmörkuðum í Kína og áhrif af útgöngu Breta úr Evrópusambandinu.

(Tölulegar upplýsingar eru upprunar í útflutningsskýrslum Hagstofu Íslands)



Þróun á útflutningsverði á frosnu dilkakjöti í heilum og hálfum skrokkum. Verð í hverjum mánuði reiknað út frá samantölum magni og verðmæti 3 mánaða.

LESENDABÁS

Á þjóðgarður ekki að sameina frekar en sundra?

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ræða um Miðhálandisþjóðgarð nú en meðan ekki fæst skynsamleg niðurstaða í því máli þá finnst mér rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum varðandi það.

Undanfarin misseri hafa verið haldnir fjöldi funda á vegum umhverfisráðuneytisins til að kynna málið fyrir heimafólki víðs vegar um landið. Ekki er að heyra að þessir fundir hafi snúið þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á málið frá lungu þess fólks sem þá hefur sótt og verr er að það virðist vera lítill áhugi fundarboðenda á að hlusta á athugasemdir heimamanna á þeim svæðum sem snúa að hugsanlegum þjóðgarðshugmyndum. Hefur þetta gert það að verkum að frekar hefur vaxið tortryggni og vantraust á efndir og loforð þeirra sem boða þessar þjóðgarðshugmyndir og er það eitt og sér nægjanlegt til að kominn sé tími á endurmat málsins.

Eitt er að stofna þjóðgarð og annað að þjónusta svæði hans



Jón Björn Hákonarson.

og huga að uppbyggingu. Því miður kennir sagan okkur það að ríkisvaldið hefur, í gegnum tíðina, ekki staðið sig sem skyldi á þeim stöðum sem búið er að friðlýsa, jafnvel fyrir áratugum síðan. Mörgum þeim svæðum hefur ekki verið sinnt sem skyldi og eru mörg

þeirra mjög illa á sig komin vegna ágangs ferðamanna og ónógrar landvörslu. Þó svo ríkar kröfur hafi komið frá íbúum landsins um slíkt og ekki hefur fengist fjármagn í nauðsynlegar framkvæmdir eða viðhald á þeim. En á sama tíma á að fara að friðlýsa enn meira án þess að gert hafi verið fyllilega grein fyrir því hvernig skuli fjármagna slíkt og á meðan sitja hin fjölmörgu friðlýstu svæði sem utan þjóðgarðs eru enn eftir.

Höldum í hestana

Það er mín skoðun að skynsamlegra sé nú fyrir stjórnvöld að doka aðeins við með þessar ráðagerðir sínar. Enda er þetta fley á leið upp á sker og ljóst að hægja þarf á. Skoða fyrst hina ýmsu vankanta sem á málinu eru. Því ekki verður þjóðarsátt um þjóðgarð ef skella á skollaeyrum við gagnrýni. Þau mál sem brýnast er að skoða betur í þessu samhengi eru skipulagsvald sveitarfélaga, sem þarf að tryggja að verði óskert algerlega hjá þeim.

Fjármögnun verði að fullu tryggð í Miðhálandisþjóðgarð sem og önnur friðlýst svæði á landinu.

Sennilega er best að byrja á því að tryggja fjármagn í verkefni utan garðsins svo þau verði ekki hornreka áfram. Tryggja þarf með öyggjandi hætti áframhaldandi beitarrétt bænda án þess að í löggjöfinni séu holur sem eru til þess fallnar að hægt verði að loka ákveðnum svæðum með klækjum. Tryggja verður orkuöflun fyrir komandi áratugi og að hægt verði að leggja nauðsynlegar línur inni á hálandinu. Síðast en ekki síst er æskilegast að sveitarfélög verði sjálfráð um það hvort og hvenær þau þá koma inn með sitt land í þjóðgarðinn. Og veigamest er náttúrlega það að stærstur hluti sveitarfélaga er málið varðar og land eiga að áður nefndum Miðhálandisþjóðgarði eru áformunum andsnúinn eins og þau eru sett fram í dag. Það eitt og sér er nóg að mínu mati til að stoppa nú við og meta málin upp á nýtt í samráði við þau og íbúa þeirra.

Offors og æsingur

Einnig, eins og ég hef áður vikið að í grein um málið, má segja að einu sinni enn sé verið að byrja á röngum enda í jafn stóru máli og hér er á ferðinni. Við þurfum að byrja á því að tryggja innviði fyrir íbúa landsins áður en haldið verður lengra. Gerum áætlun um hvernig skal tryggja raforkuöryggi með uppbyggingu flutningskerfis raforku um land allt ásamt fjarskiptatengingum. Hvar við ætlum að virkja til framtíðar til að tryggja okkur endurnýjanlega orkugjafa vegna orkuskipta. Tökum þetta samtalið við sveitarfélögin, hvernig þessum málum er best háttað fyrir landið okkar. Þegar þetta liggur fyrir, þá skulum við svo taka til við þjóðgarðamál aftur og byggja hann í kringum þessa framtíðarsýn. Getum við ekki öll verið sammála um það?

Jón Björn Hákonarson,
ritari Framsóknarflokksins

Á FAGLEGUM NÓTUM

Fræðasetur um forystufé:

Kollótt forystufé

Áhugi á forystufé hefur aukist á síðustu árum. Bændur nýta sér æ meira hæfileika fjárins til að hjálpa til við rekstur og fjárrag. Almennur áhugi jókst mikið þegar bókin Forystufé eftir Ásgeir frá Gottorp var endurútgefin.

Þá má segja að með tilkomu Fræðaseturs um forystufé hafi áhuginn einnig aukist enda eru þar miklar upplýsingar um forystufé og nú síðast með skemmtilegri „Facebook-síðu“.

Í bókinni Forystufé eftir Ásgeir frá Gottorp er safnað saman sögum af afrekum forystufjár í fortíðinni. Við lestur bókarinnar sjá lesendur fjallað um kollótt forystufé. Það var talsvert til af því áður fyrr. Víðast hvar á landinu dó það út við niður-skurð vegna mæðiveiki og riðu. Í Norðausturhólfi þar sem aldrei hefur verið skorið niður hefur alltaf verið talsvert um ræktun forystufjár og er svo enn. Allt forystufé í landinu á rætur sínar að rekja í Norðausturhólf, bæði í gegnum sæðingar og líffé sem þar hefur verið keypt. Á nokkrum bæjum í hólfinu voru til kollótt forystufjúklingur, auðvita ekki hreinkollóttar þar sem kollóttir forystuhrútar voru sjaldgæfir. Þó ekki hafi verið notaðir kollóttir forystuhrútar fæddust af og til kollótt forystulömb, aðallega gimbrar auk þess sem aðeins hefur verið um hnýflóttar ær.

Það er vitað að á nokkrum bæjum var þessu haldið við eins og á Gunnarsstöðum í Þistilfirði,

Bjarnastöðum í Öxarfirði, Miðfjarðarnesi og Bakka í Bakka-firði og Strandhöfn í Vopnafirði. Um 1990 kom í Gunnarsstaði hyrndur móræður forystuhrútar frá Bakka í Bakka-firði og var nefndur Liði. Hann var notaður lengi á Gunnarsstöðum og seinna á Bjarnastöðum. Hann var fínhyrndur og hefur því líklega verið arfblandinn. Hann er líklega forfaðir kollóttu forystukindanna á svæðinu í dag.

Á síðustu 3–4 árum hefur áhugi á kollóttu forystufé komið upp. Til voru kollóttir forystuhrútar í Miðfjarðarnesi og fóru bændur með sínar forystuær undir þá og nú eru til kollóttir forystuhrútar á nokkrum bæjum á þessu svæði. Þess ber þó að geta að þetta kollóttu forystufé er flest með áhættuarfgerð gagnvart riðu og þarf því að huga vel að hvaða ær eru notaðar til undaneldis. Í hólfinu er búið að greina arfgerð gagnvart riðu í stærsta hluta forystufjárins. Mikilvægt er að huga vel að því að útrýma áhættuarfgerð úr forystufjárstofninum eins og verið er að gera í hinum fjárstofninum. Það tekur einungis 2–3 ættliði ef réttir foreldrar eru notaðir. Allir forystufjäreigendur geta látið greina arfgerð í sínu fé.

Spurningar hafa vaknað hvers vegna sé verið að standa í þessari ræktun á kollóttu forystufé. Kollótt forystufé hefur líklega alltaf verið til og er leiðinlegt ef það tapast alveg en vonandi tekst að bjarga því með þeim áhuga sem þessir bændur sýna.



Forystuhrútarinn Örn og Fálki á Bjarnastöðum í Öxarfirði. Annar er alveg kollóttur en hinn aðeins hnýflóttur, báðir stórir og myndarlegir. Þeir voru notaðir í vetur af nokkrum bændum sem vilja halda við kollóttu forystufjárstofninum.

Mynd / Halldís Gríma Halldórsdóttir.

Eitthvað hefur verið um það að forystufé hafi verið blandað ferhyrnu fé en það er ekki algengt. Ekki eru til sögur af því. Sumir hafa gaman af slíkri ræktun og er öllum frjálst að gera það. Allir verða að fá að hafa sína sérvisku.

Mikilvægt er í ræktun á forystufé að það sé skráð í gagnagrunninn Fjárvis. Flest forystufé er skráð þar en eitthvað skortir þó á og eru fjáreigendur beðnir um að skoða

hvort sitt fé er þar skráð sem forystufé. Það er auðveld aðgerð fyrir ráðunaut að laga slíkt en það skiptir miklu máli fyrir ræktunarstarf forystufjár að allt fé sé þar skráð, einnig arfblandið.

Forystufé er sér stofn með önnur ræktunarmarkmið en hinn fjárstofninn í landinu og reiknast því afurðir forystufjár ekki inn í útkomu hvers bónda. Vitað er að sumir bændur hafa haft forystufé utan skráningar í

Fjárvis, m.a. til að það komi ekki inn í útreikninga. Þar sem þetta er annar stofn er hann ekki inni í útreikningum nema fjáreigendur tilgreini ekki forystufé sem slíkt.

Daníel Hansen
forstöðumaður Fræðaseturs um forystufé.

Anna Englund
formaður Áhugamannafélags um forystufé.

LANDSBYGGÐIN



Jón Jónsson hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Ströndum og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV, undirrita samning.

Mynd / SSNV

Norðurland vestra:

Sameiningar safna

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa gert samning við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum um gerð fýsileikakönnunar um aukið samstarf og mögulegar sameiningar safna á Norðurlandi vestra.

Um er að ræða verkefni sem hefur vísun í byggðaaætlun 2018–2024 og er fjármagnað af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið verkefnisins er að efla safnastarf í landshlutum. Stefnt er að því að vinnu við verkefnið ljúki í október í haust, að því er fram kemur á vef Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Í lok nóvember í fyrra gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samninga við fjögur landshlutasamtök sveitarfélaga, þar á meðal SSNV, vegna vinnu við fýsileikakönnun á samstarfi og sameiningu safna. Samkvæmt samningnum var landshlutasamtökum sveitarfélaga falið að gera fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til safnalaga. Árangur af verkefninu verði svo mældur í fjölda safna sem hefja samstarf eða sameinast.

/MPP

LAMBAMERKI

Prentað er á merkin hjá Plastiðjuni Bjargi – Iðjulundi, Akureyri

Veittur er 12% afsláttur af MICRO lambamerkjum ef pantað er inn á bufe.is fyrir 18. mars

Micro lambamerki




Combi Nano

blöðkumerki í lömb.

Combi Nano örmerki

-Örmerkjahluti merkis er endurnýtanlegur.



Seljum tangir, nálar í þær og merkিপenna.



PLASTIÐJAN BJARG IÐJULUNDUR

Iðjulundur – Furuvöllum 1 – 600 Akureyri.

Opið frá kl. 8 - 16 alla virka daga

Sími 414-3780 – pbi@akureyri.is

Kúabúið á Flatey í Hornafirði leitar eftir starfsfólki

Á búinu eru að jafnaði 200-220 mjólkandi kúr en heildarfjöldi gripa með kálfum, kvígum og geldum kúm er að jafnaði um 550. Flatey er við þjóðveg 1, í um 40 km fjarlægð vestur af Höfn í Hornafirði, sem er næsti þéttbýliskjarni. Samgöngur til og frá Flatey eru greiðar árið um kring. Í Flatey er stórkostlegt útsýni til fjalla og jökla og stutt í einstakar náttúruperlur.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Starfið felur í sér öll almenn bústörf, s.s. umhirða kúa, jarðvinnslu, vinnu við heyskap, dagleg umhirða véla og tækja og önnur störf sem tilfalla á búinu. Kostur er að viðkomandi hafi lokið búfræðinámi og eða hafi reynt af vinnu við kúr. Jafnframt er kostur að viðkomandi hafi færni og áhuga á viðhaldi og umhirðu véla.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum. Húsnæði í boði. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf frá og með 1. apríl nk.

Úmsókn skal skilað til Birgis Freys Ragnarssonar, bústjóra, á netfangið selbakki@sth.is.

Birgir veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 868 4590.

Selbakki



VÉLABÁSSINN

Vel útbúinn Benz Sprinter til fólksflutninga

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Með þéttingu byggðar og aukningu ferðamanna hefur stærstu rútum verið bannað að keyra á vissum stöðum í Reykjavík og verða rútfyrirtæki að þjónusta hótelin í miðbæ Reykjavíkur með smærri rútum sem hefur fjölgað mikið.

Til að anna sérþörfum þeirra sem nota rútur sem taka færri en 20 farþega hefur RAG Import - Export (www.rag.is) sérhæft sig í að flytja inn rútur breyttar eftir óskum viðskiptavina sinna.


Frá verksmíðu Benz til Póllands og þaðan til Íslands

Ég heimsótti RAG og fékk söguna um innflutning á Benz Sprinter rútnum og tók smá mont-rúnt á einni nýinnfluttri rútu. Í bílnum sem ég prófaði voru sæti fyrir 21 með bílstjóra, hann kemur með fjórhjóladrifi, hátt og lágt drif, sjálfskiptur með 190 hestafla vél og á dekkjum sem eru 35 tommu há.

Prufuaksturinn var ekki langur, en nógu langur til að finna helstu aksturseginnleika bílsins á malbiki og á vegslóða sem var holóttur með snjó, sem var lítil fyrirstaða fyrir háan og breytan bílinn.

Rafn Arnar frá RAG var með mér í bílnum og sagði mér á leiðinni hvernig ferlið á þessum bíl og öðrum fjórhjóladrifnum Sprinter bílum er, áður en þeir koma til landsins.

Bílarnir eru keyptir með fjórhjóladrifi án innréttingar af Benz og þaðan fara þeir til Póllands í það sem kallast 35 tommu breyting, hjá fyrirtæki sem heitir Arctic Edition sem sér um innréttingu og breytingu.



Annað af tveim sjónvörpum sem í bílnum er.



Það er alltaf svoltið veghljóð sem kemur inn í bíl af svona grófum dekkjum.



Farangursrýmið má stækka með því að taka 3 sæti úr og renna aftasta bekknum fram.



Vel útbúinn Benz Sprinter til fólksflutninga.

Myndir / HLJ



Aukaljósinn taka sig vel út á krómaðri ljósagrindinni.

Þægilegur í akstri og minnir á stóran jeppa

Að keyra bílinn er ótrúlega þægilegt, hann líður áfram, ekki ósvipað og jeppi á stórum dekkjum. Það eina neikvæða sem ég fann að bílnum var hvinurinn frá grófum hjólbörðunum, en samkvæmt hefðbundinni hávaðamælingu í prufuakstrinum mældist hávaðinn inni í bílnum nálægt 75db. Hins vegar tel ég að hægt sé að lækka þá tölu með því að míkroskera gróf kubbadekkinn sem undir bílnum eru.

Þegar ég kom á vegslóðann sem var með eitthvað af ójöfnum fannst mér bíllinn vaggast minna en margur bíll við svipaðar aðstæður. Í samanburði við minn gamla 2003 Sprinter hefði hann vaggast meira í þessum ójöfnum sem farið var í. Í þeim litla snjó sem á vegslóðanum var reyndi lítið á fjórhjóladrifið, en ég fann aðeins einu sinni bílinn taka spól og færði hann þá strax aflið yfir á dekk sem hafði betra grip.

Þrátt fyrir að bíllinn sé mikið upphækkaður er töluvert mikið pláss til að vinna við bílinn ef maður þarf að setja á hann keðjur.

Vel hugsað um þægindi handa farþegum

Farþegasætin minna einna helst á rallistóla úr rallibílum, klædd með Ecco-leðri. Gott er að sitja í þeim og þriggja punkta öryggisbelti í öllum sætum. Einnig USB-tengi til að hlaða síma eða önnur rafmagnstæki.

Þar sem tvö sæti eru hlið við hlið er hægt að færa ytra sætið aðeins út í miðjuna til að búa til meira pláss fyrir þá sem sitja hlið við hlið. Í bílnum eru tvö sjónvörp og hátalarakerfið fyrir leiðsögumenn er tvöfalt, annars vegar í gegnum

hljóðnema sem er fyrir framan hægri sætið fyrir leiðsögumann, hinsvegar fyrir bílstjóran þannig að hann geti sjálfur séð um fræðslu og sögustundir í gegnum hljóðnema sem tengdur er í gluggapóst vinstra megin fyrir framan bílstjóran.

Oft lítið pláss fyrir farangur í svona smá rútnum

Með sæti fyrir 21 er ekki mikið pláss fyrir farangur aftast í bílnum, en með því að taka í burtu þrjú sæti fyrir framan öftustu fjögurra manna sætaröðina er hægt að renna þeirri sætaröð á þann stað sem næst öftustu sætin voru og þá myndast ágætis pláss fyrir farangur.

Ofan á þaki bílsins er útbúnaður til að hita eða kæla loft inni í farþegarýminu (Webasto - Loftkæling upprunaleg Mercedes).

Fyrir handfarangur er sérstakur stokkur upp undir þaki bílsins beggja vegna fyrir ofan farþegasætin sem er djúpur og ótrúlega rúmgóður og hentar vel fyrir smærri handfarangur eða bakpoka.

Verð, burðargeta og helstu upplýsingar

Verðið á bílnum er 14.200.000 fyrir utan vsk. Hann kemur með auka ljósabúnaði sem festur er á grindur og dráttarkúlu sem má draga 3.500 kg kerru með bremsubúnaði.

Eldsneytistankurinn er 100 lítra, hámarkshleðsla er 5.500 kg. Undir bílnum eru sér styrkt Cooper-dekk sem mega bera hvert 1.480 kg.

Til að mega keyra þennan bíl þarf ökumaðurinn að vera með stærra rútuþrófið vegna fjölda farþega. Allar nánari upplýsingar um þennan og sambærilega bíla sem RAG er að selja má nálgast á heimasíðunni www.rag.is.



Sætin góðu og handfarangursstokkurinn.



Ytra sætið í fremri bekknum er búið að setja út á þessari mynd.



100 lítra eldsneytistankurinn er festur með þrem jarngjörðum í stað tveggja í eldri bílnum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Ótrúlegt veðurfar aftur og aftur:

Íslendingar fóru að mestu eftir ráðleggingum en ekki ferðafólk – hvað klikkaði?

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Hjálpsemi nágranna og björgunarsveita er erfitt að meta til fjár

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins 2019 hafði ég á orði í texta undir mynd að vonandi sæi ég ekki svona mynd aftur í bráð. Mér varð ekki að ósk minni því um réttum tveim mánuðum síðar kom þetta vonda veður á sjálfan „ástartaginn“.

Það sem vakti athygli mína þegar ég fór yfir helstu fréttir eftir óveðrið og meðan á því stóð var hversu fólk fór almennt eftir leiðbeiningum um að vera ekki á ferðinni svo að snjóruðningstæki og björgunaraðilar gætu athafnað sig við snjómokstur og björgunaraðgerðir.

Mín vinna felst í að bjarga þeim sem gert hafa mistök og eru í vandræðum og þurfti ég því vinnu minnar vegna að vera á ferðinni. Umferð var nánast engin enda allir vegir út frá Reykjavík lokaðir. Þá sló það mig svolítið hversu margir ferðamenn voru á röltinu með Sæbrautinni og úti á Gróttu, fjúkandi undan veðrinu og skriðandi í skjól við tónleikahúsið Hörpu. Greinilegt að eitthvað hefur vantað upp á upplýsingastreymi til þeirra frá gististöðum og öðrum ferðapjónustuaðilum.

Í tvígang þurfti ég að fara í aðstoð þennan morgun. Nánast enginn bíll á ferðinni enda æddi vindurinn víða þennan morgun í Reykjavík á 90 km hraða (þrátt fyrir að hámarkshraði í bænum væri almennt töluvert lægri). Veðurhamurinn var hreint með ólíkindum og margir urðu fyrir foktjóni, en með hjálp góðra nágranna og björgunarsveita var miklu bjargað áður en meira tjón hlaut af.

Það er alltaf ánægjulegt að lesa og hlusta á fórnýsi björgunarsveitarfólks þegar fólk og eignir eru í hættu. Þegar veðrinu slotaði var greinilegt að þetta veður var með því verra sem yfir landið hefur komið, í skörpustu vindhviðum fór vindurinn á nálægt 270 kílómetra hraða, sem er hraði sem fæstir hafa nokkurn tíma ferðast á nema inni í flugvéllum. Það er ágætis viðmið að vera ekki á ferðinni nema í algjörrri neyð sé vindur meiri en 25 metrar á sekúndu, en það er 90 km hraði á klukkustund.

Hjálpa þeim sem þurfa hjálp, er svo endurgoldið til baka

Erlendir gestir sem lítt þekkja til íslenskrar hefðar um

hjálpsemi náungans og starfsemi björgunarsveita á Íslandi undrast þennan náungakærleik og hjálpsemi, en að sama skapi finnst þeim skipulagið og uppbygging björgunarsveitanna sniðugt „concept“.

Vilji maður sjá ósvikinn undrunarsvip á andliti útlandings þá útskýrir maður fyrir þeim að öll vinna björgunarsveita sé unnin í sjálfbodastarfi og að fólk í björgunarsveitunum afli sér mestmegnis tekna af flugeldasölu. Eftir útskýringar um starfsemi björgunarsveita kemur nánast alltaf sama spurningin:

„Enginn opinber styrkur og greiðslur?“

Þetta finnst þeim skrítið og maður heldur áfram að útskýra að maður þakkar fyrir sig með því að kaupa flugeldana hjá þeim með einkunnarorðunum:

„Sá sem hjálpar mér fær hjálp frá mér og þess vegna kaupi ég flugeldana hjá þeim.“ útskýri ég fyrir útlandinum.

Bráðum kemur betri tíð með ...

Ætli flestum finnst ekki nóg komið af óveðri í bili, enda styttest í vorið með degi hverjum. Það má eflaust þakka góðum upplýsingum til almennings að

slys hafa verið ótrúlega fá á fólki þótt eignatjón hafi verið nokkuð mikið. Allt þetta óveður skilur eftir dýrmæta reynslu um hvað þarf að varast og hvað þarf að bæta, en fyrir mér fannst mér mest áberandi að sumir erlendir

gestir voru illa upplýstir um veður og ófærð.

Förum varlega, vörum við hættum ef við vitum af og með stígandi loftvog og hækkandi sól er ég farinn að hlakka til sumarsins.

Lely Center Ísland

STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

RAFGEYMAR

Græjurnar þurfa að komast í gang!
Rafgeymar í allar gerðir farartækja

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is

Leiðrétting á klúðri frá gömlum heyrnarskertum manni

Í síðasta blaði sagði ég í tvígang og í fyrirsögn að Volkswagen T-Cross væri fjórhjóladrifinn, en svo er ekki, enda óeðlilega lágt verð á bílnum ef svo væri.

Klúðrið er mitt alfarið, að hafa ekki prófað bílinn betur né kynnt mér hann betur, aksturinn sem bílnum var ekið kallaði ekki á neitt fjórhjóladrif, en forsagan



er sú að þegar ég yfirgaf Heklu með lykilin í höndunum spurði ég

Margeir Kúld solumann hvort bíllinn væri fjórhjóladrifinn. Margeir hefur örugglega svarað mér rétt, en gömul eyru mín ekki heyrtr rétt og því fór sem fór og vil ég hér með biðja alla afsökunar á þessum mistökum mínum í von um að þetta rýri ekki mikið trúverðuleika minn í skrifum hér eftir. /HLJ

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: JACKIE (CC BY-SA 2.0)

124

	PÚSSA	FORÐAST	ÝKJA	VÆTU		FÍFLAST	GJAMMA	LEYFI	BLÍÐA	VEIKJA
HRÁOLÍA										
HANGA							ÞJÁLFA			
RÍKI Í ASÍU							UMSLAG			
HÝÐI							VISTAR-VERA			
EYJA Í EVRÓPU							MEGN			
	SKEKIN MJÓLK	BLAÐUR RÓGUR			FENGUR		EMBÆTTI KYK NAFN			GÓÐ
FARÐA			MULDUR JÖRD					GJÓA	SÆTI	FÍFLDIRFSKA
REIÐAR-SLAG				FRÝS				PUMPUN		
SKRÁ			GLJÁHÚÐ ÞÓKNAST					ÓVISSA HREYKJA		
ERGI-LEGUR							VEGSAMA	MJÓLKUR-AFURÐ FRAMVEGIS		
	FÖÐURULL	ÆPA	Í RÖÐ HNEISA			STYRKUR				ÍMYNDUN
DÆLD			PRÍLA ÞAKBRÚN						KALLORÐ FERÐ	
SORG					AFL					
GERÐ					TÓNN		HLERI			
DOK					HAMS-LEYSI					

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: PIRETZ PARTENSKY (CC BY-SA 2.0)

123

	BORGAP	BRESTA	UPPNÁM	VÖRU-MERKI	TERTA		UPPI-STADA	TÁLBEITA	NEGAN VID	MELTI
MEINLAUS	G	R	Æ	S	K	U	L	A	U	S
SKISSA	R	I	S	S	A	HÓTA SKORTUR	Ó	G	N	A
ÓVISSA	E	F	I	TIL-FINNING SKRÁ	K	E	N	N	D	G
INNIRHALD	I	N	N	T	A	K	URD	SPRIEL	STRENGUR	I
GEÐ										Þ
	SEIJA	STOPPA Í STRIT	S	T	A	G	A	POTTUR KUSK	L	I
FLÓKT	B	L	A	K	T	HLÓBIR	GANA VÖMB	F	L	A
BEKENNA	J	Á	T	A	GEYMSLU-TURN ESHÚÐ	S	I	L	Ó	G
STEFNA	Ú	T	P	Í	T	S	A	ADGETIR LAP	H	U
ELDS-NEYTI	G	A	S	ASKA RÍKI Í AFRIKU	S	Ó	T	FYLDUR INNI-LEIKUR	S	Ú
	UTANHÜSS ÓSKA	Ú	T	I	ÞRAUT	R	A	UN	TVÍHLÓBI STÆKKUÐI	A
MESSING	L	Á	T	Ú	N	EINKAR ANGAN	A	L	L	J
DEYFD	D	R	U	N	G	RÁNDYR TVEIR	Ú	L	F	U
SPYR	I	N	N	I	ABSTOD	L	I	Þ	ÁSKORUN	Á
ÁTT	N	A	S	Ó	M	I	KK NAFN	S	T	U

Bændablaðið
kemur næst út 5. mars
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Baldur og Sigríður hófu saman búskap á Kirkjuferju árið 2006. Baldur er þar fæddur og uppallinn.

Afi hans og amma fluttu á jörðina árið 1948.

Baldur tekur við jörðinni af foreldrum sínum.

Býli: Kirkjuferja.

Staðsett í sveit: Ölfus.



Fjölskyldan og skiptinemarnir.

Ábúendur: Baldur Guðmundsson og Sigríður Sigfúsdóttir ásamt dætrum sínum Jórúmu, þeim Vigdísi Þóru, 19 ára, Jónínu, 17 ára, Helgu Guðrúnu, 13 ára og Sigurbjörgu Mörtnu, 11 ára.

